

## Margir vilja ekki kvarta

Mikil fjölgun innflytjenda hér á landi hefur leitt til aukinna fordóma gagnvart þeim, segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.



ALLA SUNNUDAGA

16  
SÍÐUR

RE/MAX  
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. mars 2008 – 61. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## SUNNUDAGUR



### HÆTT AÐ LEIKA

Leikkonan ástsæla Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir ætlar að snúa frá leiknum og er orðin verkefnastjóri Viðeyjar.

## Bændur vilja hækka verð

Bændur munu mæla fyrir hækkun á afurðaverði á Búnaðarþingi. Forseti ASÍ varar við hækkunum sem leiði til verðbólguhækkunar. Kemur með tvöföldum þunga á fólk, segir formaður Neytendasamtakanna.

**LANDBÚNAÐUR** Á Búnaðarþingi sem hefst í dag munu bændur leggja fram ályktun þar sem meðal annars verður farið fram á að vanda þeirra vegna hækkunar á verði aðfanga verði mætt og þá líklegast með vöruhækkunum.

„Við munum leggja mesta áherslu á að menn viðurkenni þær breytingar sem eru að eiga sér stað í kringum okkur og við verðum að grípa til þeirra ráða að hækka afurðaverð, sem þýðir

náttúrulega hækkað vöruverð. Við vitum þó mætavel að þetta eru óþægileg skilaboð en það er ekki annað hægt í þessari stöðu,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Hann segir að verð á áburði, korni, fôdurplöntum, sáðvörum og eldsneyti hafi hækkað gríðarlega undanfarið ár og í nágrennalöndunum hafi þessu verði mætt nú þegar með hækkandi afurðaverði. „Ég dreg það ekkert í efa að

verð á rekstrarvörum fyrir bændur hefur hækkað og það er auðvitað ekki langsótt að það muni leiða til hækkana,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ. „En það er vissulega áhyggjuefni því allar hækkunar hafa áhrif á verðbólgu og það hefur áhrif á alla, líka bændur.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir það skiljanlegt að afurðaverð hækki vegna þessa. „En ég vona að menn

stilla öllu slíku í hóf því þær munu koma með tvöföldum þunga á fólk, annars vegar með dýrara matarverði og síðan meiri verðbólgu og þar með hækkun á skuldum heimilanna.“


Sveinn Ingvarsson, fyrsti varaformaður Bændasamtakanna, segir að hugsanlega geti stjórnvöld komið að þessu svo að skaðanum sem bændur hafi orðið fyrir vegna þessarar þróunar verði ekki mætt með verðhækkun. -jse

VIÐTAL 14

FYLGIR Í DAG



### VEÐRIÐ Í DAG



**ÉL SUÐVESTANLANDS** í dag verður austan strekkingur eða allhvasst sunnan og vestan til, annars hægar. Él á landinu suðvestanverðu, annars úrkomulítið. Frost 0-9 stig.

VEDUR 4



**HLÁTUR OG GRÁTUR** Valsmenn fagna hér eftir frækinn sigur gegn Fram í úrslitaleik Eimskipsbikars karla í Laugardalshöll í gær. Einn lítill Valsmaður, Einar Benedikt Ólafsson, virðist þó ekki vera alfarið sáttur og lætur fôður sinn, Ólaf Hauk Gíslason markvörð Vals, vita af því. Í kvennaflokki léku Stjarnan og Fylkir til úrslita og höfðu Garðabæjarstúlkur betur. Sjá síðu 26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Hermann Gunnarsson er einn meðlima í Félagi íslenskra grjónapunga:

## Snæða saman í hverju hádegi

**FÓLK** Útvarpsmaðurinn Hermann Gunnarsson er einn stofnenda Félags íslenskra grjónapunga, sem á rætur sínar að rekja til Kaffi Traðar. Meðlimir í félaginu hafa hist í hádeginu, alla virka daga, síðastliðin fjórutíu og fimm ár og snætt saman. „Upphafið var nú bara þannig að við vorum nokkrir stráklingar, sem voru flestir að vinna niðri í bæ, sem nenntum ekki heim í hádeginu,“ segir Hemmi. Íþróttaáhugi tengdi þá flesta saman í upphafi, en Hemmi segir það síður en svo vera innngönguskilyrði að tilheyra íþróttafélagi.

Hópurinn samanstendur í dag af um átján mönnum, sem allir þurfa að gangast undir stífar reglur félagskapsins, „eins og að vera alltaf í góðu skapi og ræða aldrei leiðindamál,“ útskýrir Hemmi. Síðustu tíu árin hefur hópurinn haldið sig á Humarhúsinu, þar sem kokkar matreiða sérstaklega ofan í grjónapungana ekta mömmumat í hverju hádegi. - sun / sjá síðu 30

**HERMANN GUNNARSSON** Hemmi er einn stofnenda Félags íslenskra grjónapunga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Skildi ekki frönsku og fór heim:

## Tungan vafðist fyrir ferðalangi

**FRAKKLAND** Breskur maður neyddist til að hætta við göngu heimsálfa á milli vegna þess að hann skildi ekki frönsku.

Hinn 28 ára Mark Boyle ætlaði að ganga peningalaus frá Englandi til Indlands til að sanna að hægt væri að lifa án peninga, sem hann segir illa, og áætlaði að ferðin myndi taka tvö og hálf ár. Eftir mánuð var hann kominn til Calais í Frakklandi. Þar þurfti Boyle að snúa við þar sem hann talar ekki frönsku.

„Ekki er nóg með að enginn hafi talað ensku,“ sagði Boyle, „heldur litu allir á mann sem afætu og það er einmitt sá hugsunarháttur sem ég vildi uppræta.“ -sh

Hjón kæra fasteignasala:

## Aflétti ekki veði

**VIÐSKIPTI** Hjón sem keyptu íbúð í Norðlingaholti hafa kært fasteignasalann fyrir að hafa ekki notað peninga frá þeim til að aflétta gömlu 23 milljóna króna veði á íbúðinni.

Fasteignasalinn segist hafa gert mistök. Lögmaður hjónanna segir athafnir fasteignasalans ekki geta hafa verið af misgáningi.

- gar / sjá síðu 4

„...fyrst á visir.is“



visir.is  
...ég sá það á visir.is



Stóri  
BÓKA MARKAÐURINN  
Perlunni

28. febrúar til 9. mars  
Opið 10-18 alla daga



OPIÐ FRÁ 13 TIL  
18

Á SUNNUDÖGUM

Kringlan





Ásta, hvað segja nágrannarnir?

„Þeir kvarta ekki og ég kalla það gott. Þetta eru allt saman vinir mínir.“

Ásta Pálsdóttir fær reglulega heimsókn af flokki sextíu gæsa sem hún fóðrar á brauði við heimili sitt í Hátúni í Reykjavík.

Lögreglumenn á leið á fótboltamót festust í Súðavík vegna snjóflóðs:

## Fóru sjóleiðina á öldungamót

**SNJÓFLÓÐ** Snjóflóð lokuðu nokkrum vegum á Vestfjörðum í gær. Breitt en grunnt flóð féll í Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði og lokaði veginum á milli Ísafjarðar og flugvallarins, og þar með einnig leiðinni til Súðavíkur.

Þetta kom sér illa fyrir hóp lögregluþjóna sem voru á leið á öldungamót lögreglumanna á Ísafirði og sátu fastir í Súðavík. Ekki var talið öruggt að ryðja veginn sökum hættu á frekari flóðum og var því brugðið á það ráð að senda bát eftir þeim og öðrum vegfarendum sem fljóta vildu með. Mótinu, sem ætlað var lögregluönnun 35 ára og eldri, seinkaði frá föstudegi fram til



**FLÓÐIÐ** Tveir bílar urðu fyrir flóðinu í Kirkjubólshlíð. Engan sakaði og lítið tjón varð.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

gærdagsins vegna ófærðarinnar. Tveir bílar urðu fyrir flóðinu í Kirkjubólshlíð en vegna þess hve

grunnt flóðið var urðu engin slys á fólki og óverulegar skemmdir á bílunum.

Ekki kom að sök að ófært væri á flugvöllinn þar sem veður hamlaði flugi hvort eð var.

Vegurinn frá Súðavík til Ísafjarðar hafði verið ruddur í gærmorgun, eftir að þrjú lítil flóð höfðu fallið á hann nóttina áður, og opnaður um skamma hrif. Fljótlega þurfti að loka honum á ný.

Hætta var á snjóflóðum á vegum fram eftir kvöldi í gær samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofnunni og var þeim haldið lokuðum á meðan hættan varði. Íbúðarbyggð var aldrei í hættu.

- sh

Ungir sjálfstæðismenn álykta:

## SUS vill leyfa reykingar inni

**ÁLYKTUN** Samband ungra sjálfstæðismanna hefur sent frá sér ályktun þar sem þingmenn eru hvattir til að samþykkja frumvarp um breytingar á tóbaksvarnarlögum. Sex þingmenn Sjálfstæðisflokks, tveir þingmenn Frjálslyndra og einn þingmaður Framsóknar mæla fyrir frumvarpinu, sem gerir ráð fyrir að veitingamönnnum verði heimilt að koma upp reykryúm innanhúss.

Núgildandi lög eru sönn meingölluð og það sagt umhugsunarvert að „íslensk stjórnvöld hafi gengið lengra í frelsisskerðingunni heldur en nágrannaþjóðir okkar í Skandinavíu“.

- sh

## Lést eftir bílslys

Pilturinn sem slasaðist alvarlega er bifreið var ekið á húsvegg á Akranesi 18. febrúar er látinn. Hann hét Þorvaldur Kristinn Guðmundsson og var átján ára, fæddur í nóvember árið 1989. Piltur sem einnig slasaðist í árekstrinum og lá á gjörgæsludeild útskrifaðist þaðan nokkrum dögum eftir slysið.



**HALLGRÍMUR OG ODDNÝ** Allt útlit er fyrir að sagnfræðigrín Oddnýjar endi með brúðkaupi.

Oddný Sturludóttir:

## Bónorðablogg

**BÓNORÐ** Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, bað Hallgrím Helgason sambýlismann sinn að giftast sér á blogg-síðu sinni í fyrradag, 29. febrúar.

„Ég vildi bara minna á þá íslensku hefð á bloggsíðu minni að á hlaupársdag megi karlmenn ekki neita bönnum kvenna. Maðurinn minn brást karlmannlega við; tók þessu sem bónorði og svaraði játandi, sem ég er afar ánægð með,“ segir hún. Hallgrímur var reyndar í Lettlandi og svaraði því á letnesku en Oddnýju tókst með aðstoð vina að ráða gátuna. „Þetta sýnir fólki sem er orðið þreytt á argþrasi stjórnmalanna vonandi að stjórnmalmenntu eru líka af holdi og blóði og með húmorinn í lagi.“

- jse

# Segjast hafa bundið enda á upplausnina

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir þriggja mánaða upplausnarástandi í borgarstjórn hafa lokið með myndun núverandi meirihluta. Oddviti Samfylkingar segir fulltrúa meirihlutans í afneitun og stjórnarkreppu í borgarstjórn.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ég skil mjög vel aðeftirþriggjamánaðaupplausnarástand sem lauk þegar við tókum við í janúar taki það tíma fyrir almenning að öðlast traust á borgarstjórn að nýju,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um þá niðurstöðu Gallup að aðeins níu prósent landsmanna bera traust til borgarstjórnar Reykjavíkur.

Hvorki náðist í Ólaf F. Magnússon borgarstjóra né oddvita sjálfstæðismanna í borgarstjórn, Vilhjálm P. Vilhjálmsson, en Kjartan Magnússon segir niðurstöðu Gallup endurspegla þá lausung sem verið hafi í borgarstjórn frá því framsóknarmaðurinn Björn Ingi Hrafnsson sleit meirihlutasamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn.

„Þá tók við meirihluti sem var ekki með öflugan starfsemi þá þrjú mánuði sem hann var enda hafði hann ekki einu sinni málefnastrá. Á endanum mynduðum við meirihluta sem er aðeins búinn að starfa í einn mánuð og við eigum eftir að sýna það og sanna betur fyrir kjósendum að þetta er meirihluti sem tekur ákvarðanir,“ segir Kjartan, sem kveður verk að vinna fyrir alla borgarfulltrúa, sama hvar í flokki þeir standi.

„Við verðum að bretta upp ermar og takast á við þau mál sem töfðust í þessum hundrað daga meirihluta af því að þau voru ekki með málefnastrá og vissu ekki hvað þau áttu að gera. Það er verk fyrir alla borgarfulltrúa að vinna að sýna að borgarstjórnin er starfhæf og skilar af sér verkum,“



**MEIRIHLUTINN KYNNTUR** Hvorki náðist tal af Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra né Vilhjálm P. Vilhjálmssyni, oddvita Sjálfstæðisflokksins, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**KJARTAN MAGNÚSSON**

segir Kjartan. Ólafur F. Magnússon tók í svipaðan streng og Kjartan í viðtali við Ríkisútvarpið.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, hafnar fullyrðingum um ábyrgð fyrrverandi borgarstjórnarmeirihluta á útkomu borgarstjórnarinnar hjá Gallup.

„Það er mikil afneitun hjá þeim vegna þess að hundrað daga meirihluti naut stuðnings rúmlega sextíu prósent borgarbúa og sá stuðningur fór vaxandi,“ segir Dagur, sem telur það hlutverk núverandi meirihluta að vinna úr stöðunni.

„Mér finnst mjög ódýrt af borgarstjóra og talsmönnum Sjálfstæðisflokksins, þegar traust á borgarstjórninni er komið niður í níu prósent, að kalla þá eftir því að minnihlutinn komi með björgunarhring til að auka traustið. Sjálfstæðisflokkurinn virðist þó því miður ekki hafa styrk til að taka á sínum innri málum og í raun hefur verið viðvarandi stjórnarkreppa alveg frá því þessi meirihluti tók við,“ segir Dagur B. Eggertsson.

- gar

Áætlun haldið á Akureyri:

## Grímseyjarferja að verða tilbúin

**SAMGÖNGUR** „Ég sagði fyrir áramót að ferjan yrði tilbúin í febrúar eða mars

og það er ekkert sem bendir til annars en að það gangi eftir,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, um Grímseyjarferjuna.

Unnið er að lokafrágangi á Grímseyjarferjunni á Akureyri. „Það eru alls kyns smáhlutir sem koma upp á og það getur þurft að bíða eftir að fá suma hluti senda en í það heila tekið gengur verkið samkvæmt áætlun,“ segir G. Pétur.

Heildarkostnaður við ferjuna liggur enn ekki allur fyrir að sögn upplýsingafulltrúans.



**G. PÉTUR MATTHÍASSON** Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

Morðið á Benazir Bhutto:

## Leiðtogi talibana ákærður

**PAKISTAN, AP** Lögregluþyriföld í Pakistan hafa formlega ákært Baitullah Mehsud, helsta leiðtoga talibana í landinu, fyrir að skipuleggja morðið á stjórnarandstöðuleiðtoga Benazir Bhutto.

Að auki voru fjórir aðrir menn ákærðir fyrir aðild sína að morðinu. Allir eru þeir taldir hafa átt þátt í að fjármagna og skipuleggja árásina á Bhutto.

Mehsud er talinn hafa staðið fyrir fjórum sjálfsmorðsárásu víðs vegar um Pakistan undanfarið. Hann neitar því þó að hafa átt aðild að morðinu á Bhutto.

- þeb

Blíðvörð í Bláfjöllum og fannfergi í Hlíðarfjalli laðaði að fjölda skíðamanna í gær:

## Þúsundir skíðuðu í góðri færð

**ÚTIVIST** Mikil aðsókn var í skíðabrekkurnar í Bláfjöllum og Hlíðarfjalli í gær. Talið er að um fjögur þúsund manns hafi lagt leið sína í Bláfjöll og um eða yfir þúsund manns í Hlíðarfjalli.

„Það seldist allt upp í skíðaleigunni,“ segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðisins í Bláfjöllum. „Fólk var farið að streyma hingað strax um tíuleytið enda yndislegt veður.“ Ópið hefur verið í brekkurnar í Bláfjöllum alla síðustu viku, en aðsóknin náði þó hamarki í gær.

Fyrir norðan var lygnt en þó talsvert fannfergi. „Hér var bara jólastemning. Það snjóaði allan daginn,“ segir Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður í Hlíðarfjalli. Ofankoman aftraði hins vegar ekki skíðagörpunum, sem fjölmenntu í brekkurnar.

Einnig var gott skíðafæri í nágrannabæ Akureyrar, Dalvík, í lok vikunnar. „Það er mikill snjór núna og skíðabrekkurnar óvenju góðar,“ segir Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar. Þar framleidda heimamenn snjó sjálfir til viðbótar við þann sem fellur af himnum ofan, og nota til þess fjórar snjóbyssur. Svanfríður segir að óblítt veðurfar á suðvestur-



í **BLÁFJÖLLUM** Aðstæður til skíðaðkunar hafa verið afar góðar undanfarna viku. Þúsundir voru í Bláfjöllum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

horninu síðustu vikur og mánuði hafi gert það að verkum að færri hafi komið norður í brekkurnar en jafnan.

- sh / - ovd

**Spennandi helgarsteik**

**Gourmet ofnsteik villikrydduð**

**1.298 kr.**

**30% afsláttur**

**NÓATÚN**

**www.noatun.is**

LETTIR PÉR LÍFIÐ



28. FEBRÚAR – 2. MARS

# TILBOÐSTÍMI

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á MÖGNUM AFSLÁTTARVERÐI

Dagana 28. febrúar til 2. mars stendur yfir Tilboðstími hjá Toyota – Betri notuðum bílum á Nýbýlaveginum. **Nú er þinn tími kominn** til að tryggja þér magnaðan afslátt og einstök fjármögnunarkjör á Úrvalsbílum og Gæðabílum.

- +Frábært tilboðsverð
- +Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo fylgja fyrstu 100 bílunum\*
- +Allt að 100% fjármögnun
- +Lengri afgreiðslutími dagana 28. feb. til 2. mars

### Hvað er Gæðabíll?

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð:

- Vélbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Fjöðrunarbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Hemlakerfis
- Stýrisbúnaðar

### Hvað er Úrvalsbíll?

Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð á ofangreindum atriðum.

- Ef bíllinn bílar sjáum við um að láta gera við hann
- 14 daga skiptiréttur
- Umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Neyðarsími 570 5000

### BNB - sölugreining

Bílarirnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

FLUGMIÐAR TIL EVRÓPU FYRIR TVO FYLGJA FYRSTU 100 BÍLUNUM\*



01. MARS

Opið frá: 12-17

02. MARS

Opið frá: 12-17

29. FEB.

Opið frá: 9-20

28. FEB.

Opið frá: 9-20



LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI >

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	65,47 65,79
Sterlingspund	129,88 130,52
Evra	99,52 100,08
Dönsk króna	13,353 13,431
Norsk króna	12,614 12,688
Sænsk króna	10,607 10,669
Japanskt jen	0,6271 0,6307

SDR	105,41	106,03
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
129,9155		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Harry Bretaprins kom til Bretlands frá Afganistan í gær:

# Ósáttur við að vera sendur heim

**BRETLAND, AP** Harry prins sneri heim til Bretlands í gær eftir tíu vikna herþjónustu í Afganistan. Harry var í hópi 170 hermanna sem lentu á Brize Norton-herstöðinni í Suður-Englandi í gær. Vilhjálmur bróðir hans og Karl faðir hans tóku á móti honum við komuna til landsins.

Herdeild Harrys snýr aftur til Bretlands í apríl. Á föstudag var ákveðið að senda Harry heim eftir að fjölmiðlar höfðu greint frá því að hann væri í Afganistan. Áður hafði verið gert samkomulag við fjölmiðla um að greina ekki frá staðsetningu hans af öryggisástæðum.

Karl Bretaprins sagðist í gær vera mjög feginn að sonurinn væri kominn heim í heilu lagi. Hann sagðist vera gríðarlega stoltur af honum og öllum þeim hermönnum sem gegna herþjónustu. Harry ræddi hins vegar ekkert við fjölmiðla, en breskir fjölmiðlar hafa greint frá því að prinsinn hafi verið afar ósáttur við að vera kallaður heim.

Ekki hefur verið útilokað að Harry verði sendur í herþjónustu annað en áætlað er að eldri bróðir Harrys, Vilhjálmur, gegni herþjónustu í breska sjóhernum síðar á þessu ári. - þeb



**HEIMKOMAN** Karl og Vilhjálmur Bretaprinsar tóku á móti Harry við heimkomuna frá Afganistan í gær. Feðgarnir voru í flugstöðinni í rúma klukkustund áður en þeir keyrðu saman á brott. Harry prins vildi ekki ræða við fjölmiðla, en Karl faðir hans sagðist vera feginn að fá hann heim.

Félagslyndir og virkir:

## Ánægðir eldri borgarar

**HEILBRIGÐISMÁL** Niðurstöður könnunar Capacent Gallup á högum eldri borgara í Reykjavík, áttatíu ára og eldri, benda til að þeir séu ánægðir með aðstæður sínar og þá þjónustu sem þeir fá. Í tilkynningu sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sendi frá sér kemur fram að stærsti hluti svarenda telur sig ekki búa við félagslega einangrun og segist eiga í góðum og reglulegum samskiptum við ættingja og vini.

Rúmlega þriðjungur svarenda tekur þátt í félagsstarfi eldri borgara og um fjórðungur þeirra tekur einnig þátt í annars konar félagsstarfi.

Í úrtaki könnunarinnar voru 1.000 Reykjavíkurbúar og var svarhlutfallið 58,8 prósent. - að

Forsetakosningar í Rússlandi:

## Talið öruggt að Medvedev sigri

**RÚSSLAND, AP** Forsetakosningar fara fram í Rússlandi í dag. Fastlega er búist við því að Dmitry Medvedev verði kjörinn forseti og að Vladimir Pútín, núverandi forseti, taki sæti forsætisráðherra í framhaldinu.



DMITRY MEDVEDEV

Gennady Tsjúganov, formaður Kommúnistaflokksins, þjóðernissinninn Vladimir Zhirinovskiy og hinn lítt þekkti Andrei Bogdanov eru einnig í framboði til forseta.

Kosningarnar hafa verið mikið gagnrýndar og er Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu til dæmis ekki með kosningaefntirlit vegna deilna um framkvæmd þess. - þeb

# Mistök fasteignasala kostuðu 23 milljónir

Hjón kæra fasteignasala í Casa Firma til úrskurðarnefndar lögmanna og Félags fasteignasala fyrir að nota ekki 23 milljónir af kaupverði íbúðar til að aflétta veðskuldum. Mistök segir fasteignasalinn. Sjóvá greiddi tjónið að mestu leyti.

**VIÐSKIPTI** Fasteignasalinn og lögmaðurinn Guðmundur Þórðarson verður kærður fyrir að hafa ekki notað fé sem hann fékk frá kaupendum íbúðar til að aflétta veðskuldum fyrri eiganda.

Gunnhildur Helga Jónasdóttir og Pétur Scheving Thorsteinsson keyptu í ágúst í fyrra tvíbýlishús í Kólguvaði fyrir 39,9 milljónir króna. Seljandinn var Arn ehf. og gekk Guðmundur Þórðarson hjá fasteignasölnni Casa Firma frá viðskiptunum. Hjónin tóku 25 milljóna króna lán sem Guðmundur tók við ásamt einni milljón í peningum. Féð átti hann meðal annars að nota til að létta 23 milljóna króna skuld af íbúðinni. Síðar kom í ljós að gamla lánið hafði ekki verið greitt upp heldur hvíldi áfram á íbúðinni og safnaði þar kostnaði.

Guðmundur segir að peningarnir frá hjónunum hafi fyrir handvömm farið til að greiða skuldir Arns ehf. við fyrirtækið Byggben sem reisti húsið. „Þetta var bara eitthvert „blakkátt“ þegar var verið að afgreiða þetta hjá okkur;“ útskýrir Guðmundur. „Auðvitað gerir reyndur lögmaður og fasteignasali ekki slíkt af misgáningi,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður hjónanna.

Gunnhildur og Pétur áttu að fá íbúðina fullbúna í september en fengu hana ekki fyrr en viku fyrir jól. Að sögn hjónanna vantaði þá innréttingar og tæki í íbúðina og hún lak. Samt hafi þau verið búin að greiða sex milljónir til viðbótar áður en nefndum 26 milljónum undir því yfirskini að klára ætti íbúðina. „Þetta eru menn sem auglýsa sig sem trausta og faglega en eru bara svikahrappar sem geta rústað líf fólks á einni nóttu,“ segir Gunnhildur.

Í síðustu viku var loks gengið frá hinu eldra áhvilandi veði eftir að Sjóvá viðurkendi ábyrgð á gjörðum Guðmundar og greiddi út hámark starfs-tryggingar sem hann hafði hjá félaginu, tæpar 23 milljónir króna.

„Úr því sem komið var má segja að Vilhjálmur og Sjóvá hafi bjargað lífi okkar,“ segja Gunnhildur og Pétur. Málinu er þó ekki lokið.

„Guðmundur verður kærður til bæði eftirlitsnefndar Félags fasteignasala og til úrskurðarnefndar lögmanna og þess krafist að hann verði áminntur eða eftir atvikum sviptur lögmansrétt-



**FJÖLSKYLDAN Í KÓLGUVAÐI 3** Gunnhildur Helga Jónasdóttir og Pétur Scheving Thorsteinsson með soninn Úlf fyrir utan heimili fjölskyldunnar í Norðlingaholti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

indum því þetta mál mun ekki vera það eina á hendur honum. Guðmundur verður líka stefnt vegna kostnaðar,“ boðar Vilhjálmur.

Guðmundur kveðst ekki skilja hvað hjónunum gangi til. Þau eigi enn eftir að greiða yfir sex milljónir af kaupverðinu sem sé langt umfram hugsanlegan skaða þeirra. Fasteignasali beri ekki ábyrgð á afhendingardrætti. „Það er búið að bjarga því fullkomlega og riflega það að þau verði ekki fyrir tjóni,“ segir hann. gar@frettabladid.is

## Skilorð fyrir að lúberja konu: Börnin horfðu á barsmíðarnar á barsmíðarnar

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt mann um fertugt í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á fyrrverandi eiginkonu sína.

Maðurinn barði konuna margsinnis með krepptum hnefa í höfuð og andlit og sparkaði í líkama hennar. Þau stóðu á þeim tíma í skilnaði en maðurinn bjó enn á heimili konunnar. Börn þeirra urðu vitni að árásinni. Konan hlaut opin sár og marðist í andliti og viðs vegar um líkamann. Refsingin var skilorðsbundin þar sem sýnt þótti að konan hefði átt upptökin að átökunum með því að reka manninum kinnhest. - sh

Markaðsfyrirtæki ársins 2007:

## Glitnir sigraði annað árið í röð

**MARKAÐSMÁL** Glitnir var valið markaðsfyrirtæki ársins 2007 af fagfólki í markaðsmálum í könnun sem Capacent gerði fyrir Ímark. Þetta er annað árið í röð sem Glitnir hlýtur heiðurinn. Niðurstaðan var kynnt á Íslenska markaðsdeginum á föstudag.

„Við sem vinnum að markaðsmálum erum mjög gagnrýnin á störf hvert annars, einmitt þess vegna er þetta mjög mikil viðurkenning fyrir markaðsfólk Glitnis,“ er haft eftir Bjarneyju Harðardóttur, framkvæmdastjóra markaðs- og einstaklingssviðs Glitnis, í tilkynningu frá fyrirtækinu. - sh

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Næturerill í höfuðborginni

Sjó gistu fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt laugardags. Lögreglan hafði í nógu að snúast vegna ólvunar, óspekta og pústra, en engin alvarleg mál komu þó upp að sögn varðstjóra.

**ÁRBÆJAR**

**PREK**

LÍKAMSRÆKT

## 8 vikna aðhald fyrir konur!

8 vikna aðhald fyrir konur hefst 4.mars. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17-18. Frjáls mæting í aðra tíma og í tækjasal. Skráning í síma: 567-6471

Árþegarþrek • Pylkiból • Pylkivegur 6 • Sími: 567-6471 • Væ- og Euro raðgreiðslur

### VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson**  
veður-  
fræðingur

**HLÝNAR Á ÞRIÐJUDAG** Jæja, loks má greina hlýndi í kortunum eftir kuldatíð síðustu daga. Er horfur á að síðla þriðjudags gangi hlýtt loft inn á landið með slyddu í fyrstu og síðar rigningu á landinu sunnan og vestanverðu. Um kvöldið ætti að vera orðið frostlaust víðast hvar, síst þó nyrðra.

**Á MORGUN**  
3-8 m/s. Víða el síðdegis.

**MÁNUDAGUR**  
Vaxandi austan og suðaustan átt með slyddu og síðar rigningu.

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	6°
Billund	6°
Ósló	0°
Stokkhólmur	2°
Gautaborg	6°
London	10°
París	12°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	7°
Berlín	5°
Alicante	20°
Mallorca	17°
Basel	9°
Eindhoven	10°
Las Palmas	21°
New York	6°
Orlando	25°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegis.



# Traust staða sjóðsins

**2,4% raunávöxtun 2007**  
**5 ára meðalraunávöxtun 11,6%**

## Starfsemi á árinu 2007

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2007	31.12.2006
Verðbréf með breytilegum tekjum	115.236	112.007
Verðbréf með föstum tekjum	102.018	93.523
Veðlán	10.599	10.083
Bankainnstæður	9.026	1.200
Kröfur	1.940	990
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	242	251
Skuldir	- 829	- 2.643

Hrein eign til greiðslu lífeyris 238.232 215.411

Breytingar á hreinni eign:	2007	2006
Iðgjöld	10.134	7.975
Lífeyrir	- 5.443	- 4.873
Fjárfestingartekjur	18.401	31.328
Fjárfestingargjöld	- 125	- 123
Rekstrarkostnaður	- 242	- 228
Aðrar tekjur	96	36

Hækkun á hreinni eign á árinu 22.821 34.115

Hrein eign frá fyrra ári 215.411 181.296

Hrein eign til greiðslu lífeyris 238.232 215.411

Tryggingafræðileg staða:	2007	2006
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	25.048	38.365
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	11,5%	21,3%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	19.143	32.490
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	5,0%	10,3%

Á árinu 2007 voru réttindi sjóðfélaga hækkuð um 10% eða um 17,7 milljarða króna. Eftir þá hækkingu voru eignir umfram heildarskuldbindingar 14,7 milljarðar króna eða 4,4% mv. árslok 2006.

Kennitölur:	2007	2006
Raunávöxtun	2,4%	9,6%
Hrein raunávöxtun	2,4%	9,4%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	11,6%	11,0%
Eignir í ísl. kr. (%)	87%	90%
Eignir í erl. gjaldmiðlum (%)	13%	10%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	25.101	23.195
Fjöldi launagreiðenda	4.237	4.033
Fjöldi lífeyrisþega	12.942	12.795

## Ávöxtun:

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2007 var 8,4% sem jafngildir 2,4% raunávöxtun. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins s.l. 5 ár er 11,6%. Raunávöxtun skuldabréfa var 4,6%, ávöxtun innlendra hlutabréfa var 8,9%, en Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands lækkaði um 1,4%. Ávöxtun erlendra hlutabréfa sjóðsins var -5,2% í íslenskum krónum, en til samanburðar lækkaði heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um 7,6%. Raunvöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I -2,4% (nafnávöxtun 3,5%), Framtíðarsýn II -0,5% (nafnávöxtun 5,5%) og Framtíðarsýn III 4,9% (nafnávöxtun 11%).

## Ársfundur 2008.

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

## Stjórn sjóðsins.

Vilhjalmur Egilsson, formaður  
Ari Edwald  
Birgir H. Björgvinsson  
Sigurður Bessason

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður  
Árni Bjarnason  
Friðrik J. Arngrímsson  
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson







Á danska ríkisstjórnin að biðjast afsökunar á Múhammedsteikningunum?

Já 23%  
Nei 77%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Treytir þú borgarstjórn?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Loðnuveiðimenn umkringdir hval á loðnumiðum:

# Í samkeppni við hvalinn

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það eru fá skip á miðunum svo það er rúmt um okkur nema hvað hvalurinn gerir okkur erfitt fyrir,“ segir Ólafur Einarsson, skipstjóri á Álseý VE sem var að kasta á loðnumiðum í gær.

„Við urðum að sæta lagi svo að hvalurinn færi ekki í nótna hjá okkur,“ segir hann enn fremur. Hann segir að skipverjar hafi séð bæði hnúfubak og hrefnu í námunda við skipið. „Þetta er alltaf að aukast og hvalurinn er nú fyrst farinn að elta loðnuna hingað upp á grunn. Við munum þó ekki eftir svona miklum ágangi,“ bætir hann við en Álseý var á veiðum þrjátíu mílur norðaustan við Vestmannaeyjar eða skammt utan við Stokkseyri.

Þeir voru komnir með um 900 tonn í tveimur köstum og sagði hann um sjötíu prósent aflans vera hrygnu, sem er afar gott nú þegar hrognataka er hafin. Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er nú komið vel austur fyrir land en Agnar Sigurðsson,



**LOÐNU DÆLT UPP** Áhöfnin á Álseý dælir loðnunni í lest en úti fyrir svamlar hvalurinn og tekur sinn skerf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

frá Hafrannsóknastofnuninni, segir að lítið sé að sjá sem vakið geti vonir um að önnur ganga sé væntanleg.

-jse

Prúnarsamvinna í Afríku:

# Nýir starfsmenn til Afríku

**PRÚNARSAMVINNA** Tveir nýir starfsmenn Prúnarsamvinnustofnunar Íslands eru að taka við störfum í Malaví og Namibíu.

Guðbrandur Þorkelsson, heilsugæslulæknir í Grafarvogi, er farinn til Malaví þar sem hann veitir ráðgjöf við uppbyggingu og rekstur sjúkrahússins í Monkey Bay. Þá heldur Davíð Bjarnason mannfræðingur til Namibíu þar sem hann tekur við starfi verkefnastjóra. Meðal verkefna eru bætt menntaskilyrði heyrnarlausra barna, vatns- og beittistjórnarverkefni og stuðningur við uppbyggingu leikskóla.

- ovd



## Málþing um aðgengismál

**Heyrnahjálþ býður til málþings**  
...um aðgengi fólks með heyrnafötlun

**Grand Hótel við Sigtrún 1. hæð**  
3. mars 2008 kl. 16-19.30

### Dagskrá:

Fundarstjóri: Daniel G. Björnsson

15:20 Húsið opnar. Innritun.

15:30 Sýning á heyrnar- og hjálpartækjum og öðrum sérútbúnaði.

16:00 Málþing sett.

Halla B. Þorkelsson, formaður Heyrnahjálpar.

Líffræði eyrans, heymarskerðing, úrlausnir.

Ingibjörg Hinriksdóttir, yfirlæknir HTÍ.

Internetið í samskiptum og námi -verkfæri fyrir heymarskerta og heyrnarlausna.

Salvör Gissuraradóttir, lektor í Kennaraháskóla Íslands.

“Staða textunar -aðgengi HVAD?”

Sígurlín Margrét Sigurðardóttir, fyrrum vara þingmaður.

Textun á myndböndum og kvikmyndum

Agnes Johnsen, framleiðandi hjá Sögn ehf.

Staða tónmóskvans –

Hvað er tónmóskvi, hvernig nýtist hann og hvar á hann að vera?

Bryndís Guðmundsdóttir, heyrnarfræðingur og kennari heyrnarlausra/skertra.

17:25 – 17.55 **Kaffihlé og sýning.**

Vinumarkaðurinn og heymarskerti.

Ellisif Katrín Björnsdóttir, heyrnarfræðingur,

Laila Margrét Arnþórsdóttir, ráðgjafi.

Rittúlkun/táknmálstúlkun og réttur einstaklinga til túlkunar.

Málfríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Heyrnahjálpar,

Hjördís Guðmundsdóttir, neytandi,

Þórður Örn Kristjánsson, neytandi,

Hjördís Anna Haraldsdóttir, neytandi.

Fjölbreytt aðgengi við kennslu heymarskertra og heyrnarlausra barna.

Bryndís Helgadóttir og Hildur Heimisdóttir, kennarar.

Takmarkað aðgengi og kostnaður við hjálpartæki, áhrifavaldar á lífsgæði.

Halla B. Þorkelsson, formaður Heyrnahjálpar.

Samantekt og málþingi slitið.

**Aðgengi fyrir alla. Tónmóskvi, rittúlkur, táknmálstúlkun**  
**Kaffiveitingar-námskeiðsgögn**  
**Húsið opnar 15.30. Verð 1000kr**  
**Fólk er hvatt til að skrá sig á netinu**  
**heyrnahjalp.at.centrum.is**



**Heyrnahjálþ, Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík**  
**Sími: 551 5895 • Fax: 551 5835 • Veffang: heyrnahjalp.is**



**ÁTÖK** Bardagar á Gaza-svæðinu náðu hámarki í gær, þegar fimmtíu Palestínumenn létust í skotárásum Ísraelshers. Skotárásirnar eru viðbrögð við eldflaugaárásum Hamas-liða, sem hafa staðið í nokkra daga. Átökin ógna friðarviðræðum, en Palestínumenn sögðu í gær að viðræðunum yrði að öllum líkindum frestað.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFÞ

# Öryggisráð SP komi saman vegna Gaza

Forseti Palestínumanna óskaði eftir neyðarfundum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna ástandsins á Gaza-svæðinu. Að minnsta kosti fimmtíu manns létu lífið í átökum gærdagsins. Friðarviðræður þjóðanna eru í uppnámi.

**GAZA, AP** Að minnsta kosti fimmtíu Palestínumenn og tveir ísraelskir hermenn létu lífið í bardögum á Gaza-svæðinu í gær. Mannfallið í gær var það mesta á einum sólarhring frá því að Hamas-samtökin komust til valda á Gaza í júní síðastliðnum. Frá því á miðvikudag hafa 75 Palestínumenn, þar af að minnsta kosti átta börn, látist í skotárásum ísraelska hersins. Um 200 manns hafa þar að auki særst.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, hefur óskað formlega eftir því að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna komi saman til neyðarfundar vegna ástandsins á svæðinu.

Að sögn talsmanns ísraelska hersins voru skotárásir gærdagsins svar við eldflaugaárásum

Palestínumanna undanfarna daga. Ísraelar hafa jafnframt hótad enn harðari aðgerðum ef eldflaugaárásunum linnir ekki.

Ahmed Qureia, sem fer fyrir sáttanefnd Palestínumanna, sagði í gær að friðarviðræðum við Ísraelsmenn yrði líklega frestað í kjölfar átakanna. Þá sagði hann að aðgerðir Ísraelsmanna á Gaza væru ekkert annað en þjóðarmorð og að þær rýrðu trúverðuleika friðarviðræðanna.

Talsmaður utanríkisráðuneytis Ísraels segir að Ísraelar muni halda áfram að berjast við hryðjuverkamenn sem ógni þeim, en það eigi ekki að standa í vegi fyrir friðarviðræðunum. Viðræðurnar hófust á nýjan leik í nóvember

eftir sjö ára hlé. Síðustu vikur hafa sáttanefndir hist nánast daglega, enda hafði verið ákveðið að reyna að ná samkomulagi í árslok.

Abbas, forseti Palestínu, segir viðbrögð Ísraela við eldflaugaárásunum alltof hörð. Hann segist jafnframt fordæma hversu margir óbreyttir borgarar hafi fallið. Þá sagði hann að árásum Ísraela væri best lýst sem helför. Talið er að að minnsta kosti helmingur þeirra sem fallið hafa undanfarna daga sé óbreyttir borgarar. Tilraunir Abbas til að stilla til friðar takmarkast af því að hann stjórnar aðeins Vesturbakkanum, á meðan Hamas-samtökin stjórna Gaza-svæðinu. [thorunn@frettabladid.is](mailto:thorunn@frettabladid.is)

Tæp 150 þúsund Evrópubúa skrifa undir áskorun gegn leghálskrabbameini:

# Íslendingar einna duglegastir

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls hafa tæplega 150 þúsund Evrópubúa skrifað undir vefáskorun um að stöðva leghálskrabbamein á vegum Evrópsku leghálskrabbameinssamtakanna ECCA, þar af yfir 7.500 Íslendingar. Aðeins Portúgalar og Króatar hafa verið iðnari við að skrifa undir hana en Íslendingar.

Með undirritun sinni styðja Íslendingar áskorun á Evrópuþingi, framkvæmdastjórn ESB og ríkisstjórnir allra Evrópulanda um að koma á fót öflugum forvarnarskrá sem mun veita konum innan Evrópu bestu mögulegu vörn gegn leghálskrabbameini. Á hverju ári



**ÖFLUGT FORVARNARSTARF** Tæplega átta þúsund Íslendingar hafa undirritað áskorun um leghálskrabbamein.

greinast 50 þúsund konur og 25 þúsund deyja af völdum leghálskrabbameins. „Öflugar forvarnir geta komið í veg fyrir nær öll þessi tilfelli,“ segir á vefsíðunni.

Langduglegastir að skrifa undir áskorunina eru Portúgalar en rúmlega 66 þúsund þeirra hafa skrifað undir. Tæplega 39 þúsund Króatar hafa skrifað undir en Íslendingar eru í þriðja sæti og Pólverjar í fjórða sæti.

Íbúar í meira en fjórutíu löndum hafa skrifað undir áskorunina. Þátttakan er þó einna minnst í Liechtenstein, þar hafa fimm skrifað undir, níu Armenar og níu Úkraínemenn hafa skrifað undir hana og tuttugu Georgíumenn.

Áskorunin er á slóðinni <http://www.cervicalcancerpetition.eu>.

-ghs

## Auglýsingasími

512  
5050



- Mest lesið





# 16% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót**, **SPRON Viðbót** eða **SPRON Veltubót** á Netinu fyrir **15. apríl nk.** fá 16% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.\*

## SPRON Vaxtabót

– allt að **15,05% vextir\*** + **vaxtaaukinn**

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

## SPRON Viðbót

– allt að **7,95% vextir\*** + **vaxtaaukinn**

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stigvaxandi vaxtaálag að binditíma loknum

## SPRON Veltubót

– allt að **15,05% ársávöxtun\*** + **vaxtaaukinn**

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus



Nýttu þér þetta **TILBOÐ**  
og stofnaðu reikning á [spron.is](http://spron.is)

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

\*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. febrúar 2008. Vaxtaaukinn leggst inn á reikninginn um næstu áramót.

 **spron**



## FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

# Lykillinn er kærleikur

Hjónin Þorsteinn B. Einarsson og Sigríður Steingrimsdóttir hlutu á dögunum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar. Hjónin tóku börn í skammtímavistun um átján ára skeið. Oft var þröng á þingi á heimilinu, enda eiga hjónin fimm börn. Í samtali við Bergstein Sigurðsson segir Þorsteinn að allir hafi þó ávallt unað glaðir við sitt. Lykillinn var að umvefja börnin ást og umhyggju.

Þorsteinn og Sigríður taka ekki lengur börn í skammtímavistun heldur reka sambýli fyrir fimm geðfatlaða einstaklinga á Kjalarnesi, í sama húsi og þau bjuggu áður með börnum sínum og börnum sem dvöldu hjá þeim. Bæði eru þau sjúkraliðar að mennt en Þorsteinn segir að það hafi nánast verið hending að þau tóku að sér börn í skammtímavistun á sínum tíma.

„Við sáum auglýsingu í Mogganum þar sem var verið að auglýsa eftir plássi fyrir krakka. Við vildum nú bara athuga hvort við gætum gert eitthvert gagn. Konan mín hringdi í Félagsþjónustu Reykjavíkur og í kjölfarið var húsið tekið út og við fengum umsögn barnaverndarnefndar. Ég man vel eftir fyrstu börnunum; þetta voru tveir litlir bræður – annar þriggja ára og hinn eins árs. Þeir áttu erfitt heima fyrir því móðir þeirra var á spítala og voru hjá okkur í hálf tveimur árum.“

#### Vatt upp á sig

Hjónin höfðu ekki gert ráð fyrir að taka við fleiri börnum í skammtímavistun, þau áttu sjálf fjögur börn á þessum tíma og eitt átti eftir að bætast við. Málið vatt hins vegar upp á sig og næstu átján árin dvöldu hjá þeim tugir barna á öllum aldri í lengri eða

skemmri tíma. „Ég hef ekki lengur tölu á hversu mörg börn bjuggu hjá okkur en þau voru mörg,“ segir Þorsteinn. Sum börnin dvöldu aðeins í nokkra sólarhringa en önnur bjuggu meira eða minna hjá þeim í mörg ár. „Oftast komu börn til okkar vegna erfiðleika á heimilinu, veikinda eða jafnvel óreglu. Við vorum í sjálfu sér ekkert að spá í það. En það þurfti að umvefja börnin sem komu hingað mikilli ástúð og kærleika til að þau myndu falla í hópinn og það var ótæpilega gert. Krakkarnir voru líka alltaf ótrúlega fljótir að aðlagast; ekki síður unglingarnir en þau yngri.“

Þorsteinn segir að heimilislífið hafi gengið ótrúlega vel og verið merkilega lítil viðbrigði fyrir fjölskylduna að taka að sér önnur börn. „Krakkarnir okkar urðu mjög fljótt innviklaðir í þetta og tóku hinum krökkunum eins og nýjum systkinum. Það var alltaf mikill kærleikur. Ég held að börnin okkar hafi líka haft gott af því að sjá að lífið er ekki alltaf dans á rósum.“

#### Varð bara kækur

Spurður hvað hafi ráðið að þau tóku að sér fleiri og fleiri börn segir Þorsteinn ekkert einhlítt svar við því. „Eins og einhver



sagði þá varð þetta bara kækur hjá okkur,“ segir hann og hlær. „En það var stöðug þörf og erfitt

að segja nei. Stundum kom fyrir að við vorum með sex börn í einu, fyrir utan okkar eigin börn. Það var vissulega þröng á þingi en allir undu glaðir við sitt.“

Þrátt fyrir barnamergöina segir Þorsteinn að heimilshaldið hafi ætíð gengið vel, enda hjónin samhent. „Það gekk ótrúlega vel. Auðvitað þurfti að fara með krakkana allt í tveimur hollum og svona en það var allt í lagi. Á öllum þessum árum held ég að það hafi aðeins gerst tvisvar að við kjarnafjölskyldan vorum ein á jólnum en krakkarnir sem voru hjá okkur voru líka hluti af fjölskyldunni.“

Þorsteinn segir að þetta hafi ekki tekið mikið á. „Nei, ég get ekki sagt að þetta hafi reynt sérstaklega á okkur – þetta varð bara mjög fljótt normið.“

Þótt fjörið á heimilinu hafi jafnan verið mikið segir Þorsteinn að sjaldnast hafi reynt mikið á þolinmæði hans. „Það lærist bara. Ég er ekki sá þolinmóðasti í heiminum en lærði mjög fljótt að taka á þessu.“

#### Börnin halda sambandi

Þorsteinn viðurkennir að það hafi stundum verið erfitt þegar kom að kveðjustund. Einn drengur sem hafði verið hjá þeim hjónum frá því hann var litill kveið því til dæmis svo mikið að kveðja að úr varð að þau tóku hann í varanlegt fóstur.

„Við erum bara amma og afi í hans augum. En það er rétt, kveðjustundin getur vissulega reynt á. En á móti kemur að margir af þessum krökkum eru enn í sambandi og hafa haldið tryggð við okkur. Þetta er orðið fullorðið fólk í dag, sum eiga börn og gengur afskaplega vel. Það er auðvitað mjög gefandi að sjá ræt-

ast úr börnum sem áttu erfitt þegar þau komu til okkar en það er auðvitað ekki hægt að þakka okkur það alfarið. Það eru aðvitað margir þættir sem koma þarna inn í; krakkarnir þroskast og vitkast í því umhverfi sem þau hrærast í.“

Fyrir nokkru ákváðu hjónin að söðla um. Þau taka ekki lengur að sér börn í skammtímavistun, fluttu úr húsinu þar sem þau bjuggu með börnin og reka þar sambýli fyrir geðfatlaða núna. Þorsteinn segir það ekki hafa verið svo stóra ákvörðun á sínum tíma. „Okkur fannst við vera búin að gera þokkalega hluti og erum glöð yfir að hafa getað gert eitthvað fyrir öll þessi börn.“

#### Gáfu utanlandsferðina

Þorsteinn segir að það hafi komið þeim mjög á óvart þegar þau fengu símhringingu þar sem þeim var tilkynnt að þau væru tilnefnd til Samfélagsverðlaunanna. „Við höfum aldrei verið að bera þetta á torg. Þetta var eins og hver önnur vinna og verkefni sem maður tekst á við í lífinu. En við erum vissulega stolt, okkur er mikill heiður sýndur að vera tilnefnd. Og að vinna í okkar flokki var toppurinn á tilverunni þennan dag.“

Á verðlaunaafhendingunni notuðu þau hins vegar tækifærið til að drýgja enn eitt góðverk. Ferðavinninginn sem þau hlutu í verðlaun ákváðu þau að gefa Þórhalli Darra Þórssyni, sem var tilnefndur í flokki Hvunnudagshetta fyrir að gefa allar jólagjafirnar sínar. „Við ætluðum að reyna að hitta litla strákinn en misstum því miður af honum. Við ákváðum að gefa honum utanlandsferðina. Okkur finnst hann eiga það langmest skilið.“

## NÝIR KJARASAMNINGAR Á ALMENNUM VINNUMARKAÐI

KYNNINGARFUNDIR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Reykjavík – Egilsstöðum – Akureyri – Ísafirði

#### Reykjavík – þriðjudaginn 4. mars

Grand Hótel Reykjavík – Gullteig kl. 8:30-10:00

#### Egilsstöðum – þriðjudaginn 4. mars

Hótel Héraði – kl. 17:30-19:00

#### Akureyri – miðvikudaginn 5. mars

Hótel KEA – kl. 9:00-10:30

#### Ísafirði – miðvikudaginn 5. mars

Hótel Ísafirði – kl. 12:00-13:30

SA hvetja félagsmenn til að mæta og kynna sér samningana.

Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA – [www.sa.is](http://www.sa.is)


Rafræn atkvæðagreiðsla um samningana fer fram 3.-7. mars.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

RÉTT FRAMKVÆMD TRYGGIR ÁRANGUR





Vinsælar borgir í Evrópu  
á frábæru tilboðsverði í  
fjóra daga frá og með  
morgundeginum

# Spennið beltin! Tilboð framundan!

Verð frá **8.800** kr. aðra leiðina



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

Safnaðu  
Vildarpunktum

VISA Punktamir upp í  Ferðaávisun gildir



Forstjóri vill endurskoðun kerfis.

## Bágur hlutur eldri kvenna

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar Íslands, vakti í vikunni athygli á brotalóm í lífeyriskerfi landsmanna í erindi á málstofu BSRB um lífeyrismál, með stillilegar athugasemdir um vankanta á kerfinu. Trú sínum uppruna á íslenskri pólitík rakti hún laka stöðu kvenna sem njóta engra réttinda í lífeyrissjóðum sökum þess að atvinnuþátttaka þeirra var bundin við heimilishald og umönnun barna þegar lífeyrissjóðskerfið var í frumbersku. Þær höfðu engan lífeyrissjóð að borga í, enda treystu þær mætu konur á kerfi almennatrygginga sem nú bregst þeim.

Þegar tímabili uppeldisstarfa var lokið í ævi þessara kvenna voru þeim mislagðir vegir til menntunar. Margar sóttu í láglaunastörf en fleiri sóttu ekki fram á vinnumarkaði. Þær komu ekki fram sem fullgildir aðilar í lífeyrissjóðskerfi sem hér varð til og njóta engra eftirlauna annarra en þeirra sem almennatryggingar veita.

Sigríður Lillý kallar eftir endurskoðun á lögum um almennatryggingar, hún segir lögini skorta markmið, það sé of flókið fyrir þá sem komnir eru vel á aldur – og þarf víst ekki aldur til. Margir yngri hafa átt í erfiðleikum þar. Undir hælinn er lagt hvort njótendur þeirrar aðstoðar sem Tryggingastofnun á að bjóða gera sér ljóst hvað í boði er.

Sigríður spyr réttlæga til hvers þetta kerfi sé, hvað er okkar réttlæti, hver eru hin viðurkenndu gildi sem eiga að liggja að baki samhjálpinni sem við viljum byggja siðmenningu okkar á? Fagna ber svo einarðlegri fyrirspurn frá embættismanni og mættu fleiri slíkir ganga fram og beina athygli okkar að grunnþáttum í samfélagslegri byggingu. Of sjaldan er að grunn-gildum hugað.

Kerfi almennatrygginga er komið nokkuð á aldur og hefur um langa hríð verið byggt á sama grunni og bætt. Alþingi hefur ekki um langa hríð ráðist í heildarendurskoðun kerfisins þótt miklar samfélagslegar breytingar hafi orðið á högum þeirra sem kerfið nýta. Sterkur þingmeirihluti er hugsanlega fær um að taka það til endurskoðunar, þótt hver hræring kalli vísast á háværar raddir um að nú skuli það rústað. En tali forstöðukona Tryggingastofnunar með þessum hætti ber að taka á því fullt mark. Nú fara að koma til stórar kynslóðir fólks sem vann stóran hluta ævistarfs síns milli kerfanna, almennatrygginga og lífeyrissjóða. Það er smánarleg framkoma við allan þann fjölda lúinna handa að rýra svo hlut þeirra með fálæti að margt það fólk búi við eydarkjör. Auðvelt er að kanna til hlítar hagi þess fólks á okkar tæknitímum. Og þeir sem sitja löggjafarþingið og smjæðra hvað mest fyrir eldri hópum þegnanna hafa nú tækifæri til að gera bót.

Fram undan eru áratugir öldrunar stórra hópa og langlífis sem áður er óþekkt í okkar sögu. Allt verður að vinna til að halda eldri þegnum virkum sem lengst svo halda megi í við kostnað við stofnun og rekstur dvalarstaða fyrir aldraða, sem bjóða einangrun en ekki samvist við aðra aldurshópa. Slíkt ástand er allra tap.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Stefna Morgunblaðsins

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, velti því fyrir sér í grein í Morgunblaðinu hver afstaða blaðsins væri til umhverfismála og álvera. Ekki stóð á svari í Staksteinum en þar sagði meðal annars að Morgunblaðið hefði á sjöunda áratugnum barist hart fyrir byggingu álvers í Straumsvík og að það styddi byggingu Kárahnjúkavirkjunar og þar með álversins á Reyðarfirði.

Er ekki hlutverk Moggans að segja fréttir frekar en að berjast fyrir einhverjum hápólitískum málum? Það er engu líkara en Morgunblaðið hugi á framboð en það væri frekar óþægilegt að vera með kjörorðið X-M.



#### Hver er stefna Séð og heyrt?

Ef fjölmiðlar eigi að hafa svona skýra stefnu í þeim málum sem þeir fjalla um má jafnvel vænta þess að einhverjir síðapostular krefji Séð og heyrt svara um hver afstaða blaðsins sé til lauslætis eða framhjáhalda.

#### Árans kvenmannsleysi

Kostir og gallar olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum voru ræddir á fundi Græna netsins, félags jafnaðarmanna um umhverfið, náttúruna og framtíðina, sem

haldinn var á Kaffi Sólon í gær. Allir vita að það getur valdið mönnum hreinni eymd ef þeim helst illa á konum. Færri vissu hins vegar að heilu landsfjórðungarnir gætu þjást illa af sömu ástæðum. Á fundinum kom nefnilega fram í máli Dofra Hermannssonar, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, að vandi Vestfjarða stafaði helst af skorti á kvenhylli. Ætli Bárðarbunga njóti kvenhylli?



jse@frettabladid.is

BITBEIN Árni Páll Árnason spyr:

## Á ákvæði um eign þjóðarinnar á auðlindum heima í stjórnarskrá?



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR

### Bíddu, bíddu – hvar hefur Framsókn verið?

Allt frá kvótasetningunni 1983 og frekari lögfestingu kerfisins 1990 hafa raddir verið háværar um augljósa ágalla á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu. Yfirráð yfir auðlindinni voru færð í hendur eigenda veiðiheimildanna, sem var þá jafnframt í sjálfsvald sett hvort og þá að hvaða marki þeir kjósa að láta samborgara sína í sjávarbyggðum vítt og breitt um landið njóta ávaxta af auðlindinni með sér. Kerfinu var komið á af Framsókn og enginn tók framsóknarmönnum fram í varðstöðu um þetta óréttlæti.

#### Hörmungarsögur úr sjávarbyggðum

Allir þekkja sögur af afleiðingum kvótakerfisins. Þekkt er sagan af tveimur félögum sem hófu útgerð með tvær hendur tómar um 1980. Annar var á sjó og því kom það í hlut hins að ganga frá sameiginlegum kaupum þeirra á línubát. Báturinn var því skráður á hans nafn og enginn hafði svo sem þungar áhyggjur af því – báturinn var ekki mikils virði. Þeir gerðu hann upp saman og hófu útgerð. Kvóta var síðar úthlutað á bátinn. Þegar fram liðu stundir var það sá félaganna sem hafði bátinn skráðan á sitt nafn sem gat selt kvótann og gengið burt með hundruð milljóna, en hinn sat eftir eignalaus og atvinnulaus. Með sama hætti hefur einn íbúi í litlu plássi öðlast vald til að ráða atvinnumöguleikum samborgara sinna. Í plássinu hafa allir lifað á fiski um áratugi og aldir. Sumir hafa veitt, aðrir verkað. Eftir tilkomu kvótakerfisins er það sá einn sem á bátinn sem hefur í hendi sér að selja atvinnutækifæri og lífsþjörg allra annarra íbúa byggðarlagsins á brott.

#### Framsóknarflokkur á berangri

Umræðan um stjórnarskrárákvæði um þjóðareign á auðlindum litadist lengi af afstöðu til kvótakerfisins. Á síðustu árum hafa orkumálin orðið fyrirferðarmeiri í þessari umræðu, enda verða þau eitt stærsta ágreiningsefni á vettvangi stjórnmálanna á næstu áratugum. Það er þess vegna mikilvægt að festa strax í lög leikreglur um aðgang að auðlindinni. Það eru stjórnarflokkarnir að gera nú. Framsóknarflokkurinn á skelfilega sögu að baki þegar kemur að auðlindastefnu. Enginn flokkur hefur barist jafn hart fyrir óbreyttu kvótakerfi og Framsókn. Sá sami flokkur vanrækti algerlega að setja leikreglur um aðgang að orkuauðlindum. Fyrir vikið hafa erlend stóriðjufyrirtæki sóst eftir að setja á fót starfsemi hér, því Ísland er eina landið á Vesturlöndum sem hefur ekki gert kröfu um að fyrirtæki skýri hvernig þau ætli að mæta útblásturviðmiðum til lengri tíma litið og býður niðurgreidda orku á spottprís. Þessi stefna eyddi fylgi Framsóknarflokksins. Því er kærkominn síðtilkominn áhugi og skilningur Framsóknar á þjóðareign á auðlindum. Menn hefðu þó betur vaknað fyrr.

### Ná þarf samstöðu um breytingar á stjórnarskrá

Við framsóknarmenn viljum að ákvæði um sameiginlega eign þjóðarinnar á auðlindum verði sett í stjórnarskrá Íslands. Í því skyni höfum við lagt fram á Alþingi frumvarp sem kveður á um að náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti, séu þjóðareign eftir því sem nánar sé kveðið í lögum og að ríkið fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar. Þær má þá ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila en veita má heimild til afnota eða nýtingar tímabundið og gegn gjaldi. Slík heimild njóti verndar sem óbein eignarréttindi. Þetta frumvarp teljum við vera lykilforsendu þess að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum hennar.

Þess ber að geta að frumvarp okkar er í samræmi við niðurstöðu auðlindanefndar sem skilaði samhljóma niðurstöðu árið 2000.

#### Það þarf að gefa sér góðan tíma til verksins

Formenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lögðu fram sambærilegt frumvarp sl. vor í samræmi við stjórnarsáttmála þáverandi ríkisstjórnar.

Þá kepptust stjórnarandstöðuflokkarnir við að lofa framsóknarmönnum stuðningi við frumvarpið og héldu eftirminnilegan blaðamannafund málinu til stuðnings. Það var því útlit fyrir að þverpólitísk og víðtæk samstaða næðist um málið. En þá bar svo við að stjórnarandstaðan rauf þá samstöðu.

Við framsóknarmenn teljum mikilvægt að hefja vinnu við þetta mál á ný og gefa sér góðan tíma til verksins. Því leggjum við fram þetta frumvarp nú. Einnig er rétt að hafa í huga að Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú fallist á að setja ákvæði um opinbert eignarhald á auðlindum í sérlæg, ef marka má stuðning þeirra við frumvarp iðnaðarráðherra um breytingar á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Því ætti þeim ekki að verða skotaskuld úr því að samþykka sambærileg efnisleg ákvæði í stjórnarskrá.

#### Eftir hverju bíða stjórnarflokkarnir?

Kveðið er á um það í núverandi stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að haldið verði áfram endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins og að áhersla verði lögð á að leiða til lykta ágreining um þjóðareign á náttúruauðlindum í ljósi niðurstöðu sérnefndar um stjórnarskrármál á síðasta þingi. Forsætisráðherra hefur hins vegar ekki séð ástæðu til að kalla nefndina saman. Raunar sagði hann fyrir skömmu að nefndina ætti ekki að vekja til vinnu sinnar fyrr en á síðari hluta kjörtímabilsins vegna þess að það hefði reynt best að taka mál sem þetta með áhlaupi tiltölulega skömmu fyrir kosningar. Spörin hræða í þeim efnunum. Hefjum leikinn!



# Landsskipulagsáætlun er verkfæri við umhverfisvernd

## UMRÆÐAN

Umhverfismál

Nýverið mælti ég fyrir frumvarpi til skipulagslaga á Alþingi. Í frumvarpinu er að finna ýmis nýmæli, og verði það að lögum mun það styrkja skipulagsgerð í landinu og efla þátttöku almennings í henni. Í því er einnig viðurkennd þörfin á því að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum með svokallaðri landsskipulagsáætlun.

### Leiðarljós í skipulagsvinnu

Ég er þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi að leggja fram stefnumótun í skipulagsmálum á lands-



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

vísu. Slík stefnumótun tæki til þeirrar landnýtingar sem ekki varðar eingöngu hagsmuni einstakra sveitarfélaga, heldur hagsmuni þjóðarinnar allrar. Hún yrði leiðarljós í skipulagsvinnu sveitarstjórna og myndi einnig gegna mikilvægu hlutverki við samræmingu hinna ýmsu áætlana sem samþykktar eru á Alþingi, svo sem samgönguáætlunar, náttúruverndaráætlunar, byggðaáætl-

unar, rammaáætlunar um verndun og nýtingu landssvæða o.s.frv. Mikilvægt er þó að ítreka að áfram mun höfuðábyrgð og forræði á skipulagsgerð liggja hjá sveitarfélögum.

### Samráð við marga

Dæmi um almannahagsmuni sem landsskipulagsáætlun getur náð yfir eru samgöngukerfi, orkuöflunar- og dreifikerfi, náttúruvernd, útivist og önnur landnotkun á svæðum sem varða þjóðarhagsmuni. Þannig yrði landsskipulagsáætlun fyrir miðhálandið, svo dæmi sé tekið, stefnumörkun ríkisvaldsins um uppbyggingu á því svæði á sviði orkunýtingar, vegaframkvæmda

og náttúruverndar. Jafnframt yrði í slíkri landsskipulagsáætlun sett fram heildstæð áætlun um verndun svæða á miðhálandi Íslands sem samkomulag væri um að ekki ætti að nýta til framkvæmda en sem mætti hins vegar nýta til verndar og útivistar. Landsskipulagsáætlun getur náð til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Gert er ráð fyrir að landskipulagsáætlun verði unnin í mjög víðtæku og nánu samráði við sveitarfélög, hlutaðeigandi stofnanir og ráðuneyti.

Jafnframt yrði hún kynnt almenningi opinberlega þannig að sem flestir geti tjáð sig um efni áætlunarinnar.

### Stefnumörkun á miðhálandi

Lagt er til í frumvarpinu að landskipulagsáætlun verði lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að fyrsta landsskipulagsáætlunin verði lögð fram á Alþingi árið 2010 og fjalli um stefnumörkun á miðhálandinu.

Gerð skipulags verður stöðugt mikilvægari þáttur umhverfisverndar. Verði frumvarp til skipulagslaga samþykkt á Alþingi fá stjórnvöld mikilvægt verkfæri í hendur til að vinna á markvissan hátt að umhverfisvernd hér á landi.

Höfundur er umhverfisráðherra.

## Sýnu verri er geitin

### UMRÆÐAN

Ofbeitt

Á hínu háa Alþingi flutti þingmaður þingsályktunartillögu um að fela landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir eflingu íslenska geitarfjárstofnsins. Stofninn sem kom með landnámsmönnum hefði verið einangraður hér og því „einstakur í sinni röð fyrir hreinleika sakir“.

Ég man ekki betur en ég hafi nýlega lesið um vandræði vegna úrkynjunar stofnsins því hann sé orðinn allt of skyldur innbyrðis. Lagt er til í tillöguni að bændur fái tímabundna hækkun á greiðslu fyrir hverja geit og hafnar verði rannsóknir á erfðamengi hennar. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir mögulegt að búa til fósturvísa og flytja milli sauðfjárveikivarnarsvæða en það kosti mikið og þurfi að styðja með opinberu fé. Landbúnaðarráðherra segir að við viljum ekki missa stofninn niður.

Gallinn er sá að geitin er skaðræðisskeppna á viðkvæman gróður, slæm er sauðkindin sem er að ljúka við að klára kjarr og náttúrulegan blómgróður landsins með áframhaldandi rányrkju, en geitin nagar alveg niður í rót. Geitin er létt á fæti og stekkur yfir allar girðingar og klifrar í klettum og gæti uggaust náð að naga niður fallegar hríslur á syllum og í giljum þar sem sauðkindin hefur ekki komist að. Á meðan lausaganga búfjár er stunduð hér ættum við að fara varlega í að fjölga geitinni nema fækka þá sauðkindinni um leið, sem löngu er tímabært. Margar eyðimerkur hér og úti um heim hafa myndast vegna ofbeitar og hjarðmennskubúskaðar, sem er löngu afnuminn hjá þjóðum sem telja sig siðmenntaðar og vernda sitt gróðurríki fyrir lausbeisludum bitvargi.

Menn mega hafa eins margar rollur og geitur og hestastóð eins og þeir vilja svo fremi að þeir haldi þeim á sínum heimalöndum og í girðingum. Við viljum ekki lengur borga fyrir endalausar viðgerðir á sárum í ofbeittu landinu og örvæntingarfulla baráttu við uppblásturinn á meðan rányrkjan eltir uppi árangurinn. Þetta ástand er tíma-skekkja.

Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

## Umhverfis- og orkurannsóknasjóður Orkuveitu Reykjavíkur

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, sem hefur 100 milljónir króna til ráðstöfunar árið 2008. Sérstaklega er hvatt til umsókna um styrki til þverfaglegra rannsókna.

Veittir eru styrkir í tveimur flokkum. Í opnum flokki ræður þitt hugarflug ferðinni. Í lokuðum flokki höfum við sérstakan áhuga á að styrkja eftirtalin verkefni:

- Heilsufarslegur ávinningur af greiðu aðgengi að veitum
- Áhrif breytinga á veðurfari á starfsemi veitna
- Hagkvæmniathugun þess að fara alfarið í fjarmælingar raforkunotkunar
- Endurheimt vistkerfa og kolefnisbinding
- Snefilefni í ferskvatnsfiski
- Rannsóknir á botnseti í Skorradalavatni
- Áhrif gufu og heits vatns á gróður og vistkerfi umhverfis upprunastaðinn
- Upphitun náttúrulegra grasvalla með heitu vatni
- Lestarsamgöngur
- Orkugjafar í samgöngum
- Varmalosun frá jarðstrengjum

- Umhverfisáhrif lýsingar
- Rannsóknir á virkni settjarna í Reykjavík
- Rannsókn á umhverfisþáttum snjóframleiðslu.

### Sendu inn umsókn um styrk

Markmið Umhverfis- og orkurannsóknasjóðs OR er að veita vísindamönnum, stúdentum og öðrum sérfræðingum á sviði umhverfis- og orkumála tækifæri til að hrinda góðum rannsóknahugmyndum í framkvæmd.

Allar nánari upplýsingar um sjóðinn, s.s. úthlutunarreglur, tilhögun umsókna, skilmála og verkefni í lokuðum flokki eru á vef sjóðsins, [www.or.is/uoor](http://www.or.is/uoor)

Einungis er tekið við rafrænum umsóknum, útfylltum á vef sjóðsins og er síðasti skiladagur umsókna 1. apríl 2008.



• Nýir tímar - nýjar hugmyndir

[www.or.is](http://www.or.is)



LOU REED TÓNLISTARMAÐUR ER  
66 ÁRA Í DAG.

„Ég trúði því alltaf að ég hefði eitthvað mikilvægt að segja og ég sagði það.“

Tónlistarmaðurinn Lou Reed er þekktur fyrir að skrifa um eigin lífsreynslu í lagatextum sínum en hann var söng- og gítarleikari hljómsveitarinnar The Velvet Underground.



ÞETTA GERÐIST: 2. MARS 1999

## Dusty Springfield kveður

Söngkonan Dusty Springfield eða Mary Isabel Catherine Bernadette O'Brien fæddist í Englandi 16. apríl 1939 og var því einungis sextug þegar hún lést.

Hún átti miklum vinsældum að fagna sem söngkona, sérstaklega í Ameríku, en hás rödd hennar færði henni nafnbótina Hvíta drottning sálar-tónlistarinnar. Sönglagatextar hennar báru einföld og skýr skilaboð um ástina og hún náði til fólks með kynþokkafullu útliti og glaðlegri framkomu. Þekktust eru lög hennar eins og „You Don't Have to Say You Love Me“ og „I Only Want to Be With You“. Einkennandi fyrir útlit Dusty Springfield var hátt uppsett ljóst hár og mikil svört



augmálning. Frægustu böndin sem hún söng með voru The Lana Sisters og The Springfield. Árið 1987 sneri hún aftur á vinsældalistana þegar hljómsveitin Pet Shop Boys bauð henni að syngja með sér inn á plötu. Dusty þótti ákveðin og vandvirk í upptökuverinu svo karlkyns samstarfsmenn stimpluðu hana sem erfiða. Hún útsetti mörg laga sinna sjálf en fékk ekki heiðurinn af skilaboð um ástina og hún náði til fólks með kynþokkafullu útliti og glaðlegri framkomu.

Því þar sem það þótti ekki passa á þeim árum. Dusty giftist aldrei né eignaðist börn en hún hneigðist til beggja kynja og átti aldrei opinberlega í alvarlegu sambandi. Hún átti við áfengis- og eiturlýfjavanda að etja og var margsinns lögð inn á sjúkrahús vegna þess.

MERKISATBURÐIR

- 1940 Þýsk herflugvél ræðst að togaranum Skutli frá Ísafirði. Enginn slasaðist.
- 1940 Petta var fyrsta árás á íslenskt skip í styrjöldinni.
- 1940 Sovéski herinn nær yfirráðum á finnsku eyjunni Tuppura.
- 1956 Bandarísk herflutningavél hrapar í sjóinn úti af Reykjanesi. Sautján menn farast.
- 1957 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík vígð.
- 1977 Grínarinn Jay Leno kemur fyrst fram í þættinum Tonight show hjá Johnny Carson.
- 1982 Bíóhöllin í Reykjavík hefur starfsemi.
- 1993 Salman Rushdie skilur við konu sína, Marianne Wiggins.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, systur og frænku,

**Svandís Júlíusdóttir**  
Skúlagötu 78, Reykjavík,

sérstakar þakkir til Óskars Þ. Jóhannssonar læknis og starfsfólks 11-E á Landspítala við Hringbraut, Heimahlýningar, Valgerðar Sigurðardóttur yfirlæknis og starfsfólks á líknardeild Landspítala í Kópavogi. Guð blessi ykkur öll.

Karl Valur Guðjónsson	Díana Björnsdóttir
Brynja Guðjónsdóttir	Sveinn Þór Hallgrímsson
Júlíus Kristinsson	Lotte Knudsen
Kristján Kristinsson	
Egill Kristinsson	Hafðís Ósk Gísladóttir
barnabörn og aðrir aðstandendur.	



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Bjarni Sturluson**  
skipasmiður,  
frá Hreggsstöðum,

lést að Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 25. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. mars kl. 11.00.

Kristín Andrésdóttir

Valgerður Björk Einarisdóttir	Freyja Valgeirsdóttir
Guðný Alda Einarisdóttir	Halldóra B. Brynjarsdóttir
Þórdís Heiða Einarisdóttir	Helgi G. Bjarnason
Sturla Einarsson	Kristján Ólafsson
Andrés Einar Einarsson	
Guðrún Björg Einarisdóttir	
María Henley	

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir, tengdafaðir og afi,

**Ragnar Halldórsson**  
rafvélavirki

lést í Víðinesí mánudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 3. mars kl. 15.00.

Björgvin Ragnarsson	Hólmfríður Oddsdóttir
Halldór Ragnarsson	Andrea Ólafsdóttir
Ólafur Hafsteinn Einarsson	
Ingimundur Guðmundsson	Oddný S. Magnúsdóttir
Þórunn Katrín Björgvinsdóttir	Karen Mjöll
Jóhann Ari Björgvinsson	Björgvinsdóttir
Ragnar Mikael Halldórsson	
Þórarinn Ingi Halldórsson	Hinrik Örn Halldórsson
Sigríður Birna Ingimundardóttir	Þóra Björg
	Ingimundardóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á neffangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



MATTHÍAS IMSLAND, FORSTJÓRI ICELAND EXPRESS „Starfsfólkið er einvalalið og árangur fyrirtækisins er því að þakka.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FLUGFÉLAGIÐ ICELAND EXPRESS: FAGNAR FIMM FLJÚGANDI ÁRUM

## Erum komin til að vera

Flugfélagið Iceland Express fagnar fimm ára afmæli sínu um þessar mundir, en fyrsta flugið var farið 27. febrúar árið 2003.

Félagið hefur stækkað hratt á þessum fimm árum og flýgur nú til fjórtán áfangastaða í Evrópu.

„Stofnendur voru frumkvöðlar sem höfðu áhuga á flugi og töldu markaðslegar forsendur fyrir öðru flugfélagi hérlandis,“ segir Matthías Imsland, forstjóri fyrirtækisins, og rifjar upp sögu félagsins.

„Í upphafi var flogið daglega til Kaupmannahafnar og London. Árið 2005 bættust við Frankfurt og Hahn. Síðan stækkaði félagið enn frekar og fimm nýir áfangastaðir bættust við. Þeir eru Alicante, Berlín, Friedrichshafen, Gautaborg og Stokkhólmur. Síðan hófst beint flug frá Akureyri til Kaupmannahafnar. Árið 2007 bættist við Basel, Eindhoven, Osló og París

ásamt því að farið er að fljúga frá Egilsstöðum til Kaupmannahafnar og nú höfum við bætt við Barcelona og Varsjá,“ segir Matthías. Iceland Express flýgi til fjórtán áfangastaða í sumar auk ferða til Kaupmannahafnar frá Akureyri og Egilsstöðum.

„Við erum mjög stolt af fyrirtækinu. Þetta er einvalalið starfsfólks og án þeirra hefði þetta ekki verið mögulegt,“ segir Matthías og heldur áfram: „Iceland Express er búið að slíta barnsskónum ef svo má segja. Félagið er skuldlaust og orðið gríðarlega sterkt. Hér vinna um 150 manns yfir háannatímann og það er mjög gaman í vinnunni. Góður mórall og mikill metnaður.“

Kúnnahópur flugfélagsins er breiddur og Mattías segir félagið finna fyrir auknum áhuga frá fyrirtækjum og viðskiptafólki um samninga. Auk þess sem fyrirtækið hyggur á enn meiri

útrás og innanlandsflug. „Við fengum nýlega vilyrði fyrir eigin aðstöðu á Reykjavíkflugvelli sem býður upp á það að hefja innanlandsflug sem er spennandi möguleiki. Síðan munum við klárlega skoða möguleika á flugi til Bandaríkjanna,“ segir Matthías sem er bjartsýnn á framtíðina og segir Iceland Express vera komið til að vera. „Þjónusta félagsins er í stöðugri endurskoðun. Við förum í ákveðna ímyndarherferð á síðasta ári þar sem við lögðum áherslu á það sem við stöndum fyrir. Þjónustu og sveigjanleika og skemmtilegheit. Ímyndarlega tel ég því að við séum orðin mjög traust í huga fólks. Við getum tekið ákvarðanir hratt og brugðist fljótt við og fyrirtækið lagar sig að markaðsaðstæðum hverju sinni,“ segir Matthías, sem þakkar sínu starfsfólki og samstarfi þennan góða árangur.

heida@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu, sem sýndu okkur samúð og vínáttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir og afa,

**Snorra Þórs Rögnvaldssonar,**  
húsgagnasmiðameistara, Godabyggð 12, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks F.S.A., sjúkrahjálfunar í Hlíð, séra Savavars A. Jónssonar, Oddfellow-reglunnar á Akureyri, Karlaðs Akureyrar - Geysis, einsöngvara og tónlistarfólks. Guð blessi ykkur öll.

Margrét H. Ögmundsdóttir og fjölskylda.

AFMÆLI



Daniel Craig leikari er 40 ára.



Chris Martin söngvari er 31 árs.



Ilmur María Stefánsdóttir myndlistarkona er 39 ára.



Jessica Biel leikkona er 26 ára.





**Komdu  
norður!**



**Matur**



**Afslöppun**



**Listir**



**Menning**

## Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

### Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gisheimili, 200 orlofsibúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á [visitakureyri.is](http://visitakureyri.is) og [nordurland.is](http://nordurland.is)



**N**ei, þetta er ekki uppgjöf, heldur ákvörðun. Ég er að taka í taumana og stjórna stefnunni í lífinu sjálf. Og það er mjög fullnægjandi tilfinning," segir Gulla, sem jafnframt segir ástæður þess að hún snúi baki við leiknum, að minnsta kosti í bili, vera nokkrar. Eins segist hún ekki kvíða því að vera ekki að fara að leika á næstunni. „Ég hef aldrei verið föst í því að leiklistin sé eina starfið sem ég geti unnið. Mér hefur alltaf fundist ég sjálf og mitt líf miklu stærra en leiklistin. Ég veit að ég er flink í mjög mörgu og get gert allan fjandann – og þá meina ég líka allan fjandann! Ég get lagt parkett og flísar, saumað gardínur og unnið skrifstofustörf og þótt ég hafi unnið sem leikkona hef ég aldrei skilgreint sjálfa mig út frá því sem ég vinn við," segir Gulla, sem segist hlakka mikið til að takast á við nýja starfið. Fyrst ætlum við þó að skunda austur fyrir fjall þar sem Gulla ólst upp – gangandi í hús og segjandi sögur.

#### Sagði nágrönnunum frá láti foreldra

„Ég var frekar venjulegur krakki nema ég sagði sögur. Gekki í hús og sagði hverjum sem heyrta vildi ævintýralegar sögur sem ég hafði búið til um fjölskyldu mína eða bara hvað sem er. Sumir kalla þetta að skrökva en ég var svo ung að ég vissi varla hvað það var – fimm ára gömul – mér fannst ég bara þurfa að lifga upp á tilveru annarra meðskemmtisögum. Þær voru að vísu ekki allar jafn skemmtilegar. Þannig tók ég mig einu sinni til, pínulítill, og rölti til nágranna minna að morgni þar sem fjögur systkin á mínum aldri eru og ætla að fara að leika við þau. Á leiðinni milli húsa brest ég skyndilega í grát og banka upp á hágrátandi og segi að mamma og pabbi séu dáin. Þetta var ekki illkvittni heldur fannst mér ég svona geta skreytt lífið. Sumar af vinnum mömmu höfðu ekki húmor fyrir þessu og fannst þetta slæmt en sem betur fer höfðu foreldrar mínir það.“ Gulla er yngst þriggja systkina og þegar hún kom í heiminn var fjárhagur fjölskyldunnar orðinn rýmri. Eldri systkinin höfðu

því gríðarlegar áhyggjur af því að foreldrar, sem höfðu meiri fjárráð, væru að eyðileggja yngsta barnið með dekri og var hún kölluð óhemja og spilligrís. Veður skipuðust þó skjótt í lofti.

#### Örlagaríkt vor 1984

Faðir Gullu vann á Litla-Hrauni á uppvaxtarárum Gullu og móðir hennar var og er kennari. „Það var fínt að alast upp á Selfossi. Við fluttum að vísu á Kviabryggju í tvö og hálf ár þegar pabba bauðst að verða forstöðumaður þar. Ég hef verið um átta ára gömul og það sem ég man helst frá þeim tíma er einangrunin, þessi rosaalegu fjöll og í minningunni er alltaf snarbrjáláð veður. Svo fórum við aftur á Selfoss og ég bý þar þangað til ég flyt í bæinn til að fara í Leiklistarskólann.“ Lá alltaf beinast við að halda þangað? „Nei, síður en svo. Það var eiginlega algjör tilviljun og ég ætlaði mér aldrei að verða leikkona. Sem unglingur langaði mig að vinna við eitthvað þar sem ég gæti breytt heiminum og það sem ég segði skipti máli. Til dæmis fór ég í starfskynningu á



ÁKVÖRÐUN SEM KOM Á ÓVART „Þegar ég kom svo heim ári síðar og kollegar mínir heyrðu af því að ég ætlaði ekki að fara að leika, fannst mér merkilegt að heyra þá vera hálf harmi slegna yfir því. Ég man sérstaklega eftir einni sem sagði: „Auðvitað er hægt að finna lífshamingjuna í einhverju öðru.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Líf mitt er stærra en leikurinn

Ein okkar ástsælasta leikkona seinni tíma, **Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir**, hefur ákveðið að næstu spor skuli stigin fjarri leiksviðinu. Meðvituð ákvörðun en ekki uppgjöf, segir hún um það að ætla að snúa frá leiknum og jafnframt að það sé góð tilfinning að hafa stjórn á eigin lífi. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti leikkonuna sem söðlar nú um og tekur eftir helgi við starfi verkefnisstjóra Viðeyjar.

Þjóðviljann einn menntaskólaveturinn og þar kviknaði mikill áhugi á að fara í einhvers konar stjórn málafræði eða blaðamennsku.“

Segja má þó að örlagaríkir atburðir hafi orðið til þess að hún steig fæti inn í leiklist-

ina en vorið 1984, þegar Gulla var fjórtán ára, varð faðir hennar bráðkvaddur. „Það var mikið áfall en á sama tíma er ég í leikfélaginu og ég held að sá félagsskapur hafi algerlega bjargað mér. Þau héldu svo fallega utan um mig og þar hafði ég nóg af verkefnum til að dreifa huganum. Það má því segja að þarna hafi leiklistin skotið rótum og svo þegar ég heyrði auglýsingu um inntökupróf í Leiklistarskólann seinna sló ég til.“

#### Vildi slíta sig frá Leikfélagi Reykjavíkur

Það gekk strax í fyrstu atrennu að komast inn í skólann og svo þegar námi lauk var Gulla strax boðinn samningur og eitt leiddi fljótlega af öðru. „Einhvern veginn hefur það svoltið verið þannig í leiklistinni og lífinu að ákvarðanir hafa verið teknar fyrir mig. Ég hef sjaldan sest niður og hugsað: Hver er minn metnaður – hvað langar mig? Fyrr en þá árið 2000. Þá sagði ég upp samningi mínum hjá Leikfélagi Reykjavíkur sem ég hafði haft nær samfellt frá útskrift 1994 og þá upplifði ég fyrst hvað leiklistin er í raun skritið starf. Maður hefur jú yndi af leiklistinni og hún nærir mann og allt það. En samt hefur maður svo afskaplega lítið

um það að segja sjálfur – ekkert um rulluna, verkefnavalið, leikstjórnann sem maður vinnur með eða neitt. Þetta verður því hálfgerð færbandavinna og einhvern veginn var þetta orðið svo skritið og önuget og ýmislegt sem gekk á hjá LR á þeim tíma að mig langaði hreinlega að slíta mig lausa og prófa eitthvað nýtt.“

#### EKKI Í BOÐI AÐ EFAST UM LEIKINN

Síðan þá hefur Gulla ekki verið fastráðin neins staðar en hefur þó komið víða við, bæði í leiklistarheiminum og utan hans. Þannig fór hún til Írlands strax eftir LR með írskum kærasta og vann í markaðsmálum fyrir tölvufyrirtæki þar í landi. Og segist hún hafa pikkað menntaskóla-Gullu þar upp. „Áhuginn á almannatengslamálum kviknaði þar á ný og ég naut starfsins og gekk mjög vel. Þegar ég kom svo heim ári síðar og kollegar mínir heyrðu af því að ég ætlaði ekki að fara að leika fannst mér merkilegt að heyra þá vera hálf harmi slegna yfir því. Ég man sérstaklega eftir einni sem sagði: „Auðvitað er hægt að finna lífshamingjuna í einhverju öðru.“ Og ég hugsaði: „Guð minn almáttugur, ég vona að þessi kona missi aldrei vinnuna sína sem leikari því þá er lífið greinilega búið.“ Sjálf-sagt er þessi hugsunarháttur þó nokkuð algengur og verður eflaust að vera það því þú getur ekki starfað sem leikari nema vera 100 prósent skuldbundinn því og aldrei efast, því um leið og þú ferð að efast og finna eitthvað að leikarastarfinu flosnarðu upp úr því fljótlega. Af hverju? Jú, því þetta er gríðarlega erfið vinna. Og ég held að fólk almennt átti sig ekki á því. Alls kyns vinnutími, kröfur um að fjölskylda þín sé algjörlega í öðru sæti og leikhúsið á þig – þinn tíma og tilfinningalíf. Það er ekki í boði að vera sorgmæddur í vinnunni þótt einhver sé látinn eða að vera með 40 stiga hita – með 40 stiga hita var ég í kabarettýningu á 10 sentimetra háum hælum með Ingvar E. á herðunum.“

#### Á NÝJUM STAÐ

Hvað þyrfti að breytast að mati Gullu til að hún sneri aftur í leikinn? „Ég er á einhverjum skritnum stað gagnvart þessu öllu. Auðvitað er draumastaða hvers manns að vinna einhverja eina vinnu og fá greidd fyrir hana mannsæmandi laun. Og það er alveg sama í hvaða fagi þú ert. Maður er alltaf í því að drýgja tekjurnar en það er hálsorglegt að þurfa alltaf að vera að því. Bakari fer ekki og stekkur upp úr brúðarertum til að drýgja tekjurnar, hann bara vinnur fyrir sér sem bakari. Atvinnuöryggið er lítið sem ekkert í greininni og maður er aldrei viss hvað kemur inn hver mánaðamót.“ Gulla hefur þó verið með annan fótinn í leiklistinni fram til þessa. Hún hefur til að mynda leikið í feikivinsælum þáttum á borð við Svínasúpuna og Stelpurnar. Hún hefur líka komið við annars staðar, unnið á Lögreglustöðinni við afgreiðslu, sótt fjarnám við Bifröst í Evrópufræðum og síðustu mánuði hefur hún verið að vinna fyrir Fylgífiska þar sem hún hefur séð um verslun fyrir-tækisins á Laugavegi. Og nú er það nýr kafli sem tekur við – að sjá um allt sem snýr að Viðey – og Gulla segist hlakka mikið til.

#### VOR Í LOFTI

Engan þarf að undra að leið Gullu liggja nú í starfsveitvang er tengist verkefnastjórnun og samskiptum. Gulla er oft lýst af samstarfsfólki sínu sem hálfgerðu „samskiptatrölli“ – samskipti séu hennar sterka hlið. Er það eitthvað sem er Gullu meðfætt eða eitthvað sem hún lærði? „Það er ugglaust hvort tveggja. Ég er friðelskandi vog, hef sterka réttlætiskenn, finnst fólk frábært og ég umgengst það af virðingu. Og sjálf geri ég kröfu um hið sama. Svo spilar uppeldið auðvitað inn í. Ég ólst upp hjá alkóhólísta, föður mínum, og það er oft talað um að aðstandendur alkóhólísta læri gjarnan einhvers konar hlustun og einhverja meðvirkni sem reyndar verður mörgum fjötur um fót seinna meir og varð það líka í mínu tilfelli. Pabbi var mjög ákveðinn í uppeldinu og reglurnar voru stífar og eftir þeim varð maður að fara skilyrðislaust. Svo þegar ég komst á unglingsár og fór sjálf að vilja gera uppreisn gegn foreldrunum og að brjótast undan hæl alkóhólísmans var ég hálfvegis rænd uppreisninni þegar pabbi dó. Það var gríðarleg breyting og við tók mjög erfitt og losaralegt tímabil.“

Gulla segist þó síðar meir hafa hitt fyrir flinkasta mann í heimi, að því er hún telur, góðan geðlækni sem hjálpaði henni að vinna út úr þeim aðstæðum og erfiðleikum. „Ég veit ekki hvar ég væri hefði ég ekki hitt þann mann. En ég er líka sannfærð um að þessi reynsla mín hafi gert mig næmari fyrir aðstæðum annarra og ég á auðvelt með að nálgast fólk á þeim stað sem það er stöð hverju sinni. Án þess þó að vera með yfirlæti og þykjast vita hvernig viðkomandi líður. Öll reynsla skilar manni einhverju og ég er mjög rík af reynslu. Samt finnst mér lífið eiginlega vera að byrja núna. Og sá byrjunarreitur er ofsalega góður og ég hlakka til. Það er eitthvert vor þarna úti.“



#### VISSIR ÞÚ AÐ...

...Gulla er sögð hafa dýran smekk og komi hún inn í búðir bregst ekki að hún fellur fyrir dýrasta hlutnum þar inni.

...Gulla er náfrænka Sigurðar Guðmundssonar myndlistarmanns.

...Gulla segir hnakkana frá Selfossi hafa komið eftir hennar tíð.

...Gulla er fædd hinn 21. október 1969.

...að samkvæmt Gullu er ætt hennar einkar sérhlífín og löt. Gulla á tvær hliðar: Er forkur til vinnu en letidýr heima hjá sér.



# TÖLVUNÁM á vorönn 2008



Computer and office courses  
for beginners and advanced users

## VIÐSKIPTAGREINAR

### Bókhald I

Sérlega hagnýtt grunnnám í hand og tölvufærðu bókhald þar sem tekið er fyrir allt sem byrjendur í færslu bókhalds þurfa að kunna skil á til að geta unnið á skrifstofum við færslu bókhalds. Þátttakendur þurfa að hafa grunnþekkingu í tölvum og Excel. Lengd 110 std. Verð: 94.000,-  
Morgunnámskeið: Hefst 3. mars og lýkur 25. apríl. Tvö sæti laus  
Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 3. mars og lýkur 26. apríl. Uppselt  
Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 29. mars og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus

### Bókhald II

Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald – upprifjun og frh. VSK uppgjör og leiðréttingaskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga. Lengd 32 std. Verð: 36.000,- Morgun og kvöldnámskeið hefjast 27. mars.

### Navision fjárhagsbókhald.

Nám ætlað þeim sem hafa bókhaldsgrunn og vilja læra um færslu alls fjárhagsbókhalds í þessu útbreidda forriti. Lengd 42 std. Verð: 49.000,-  
Morgunnámskeið: Hefst 9. apríl og lýkur 25. apríl. Nokkur sæti laus  
Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 9. mars og lýkur 26. apríl. Uppselt  
Kvöld og helgarnámskeið: 29. mars og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus

### Tollskýrslugerð

Sérlega hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna og um meðferð allra helstu innflutningskjala ásamt reglum sem gilda um innflutning. Morgun og kvöldnámskeið hefjast 28. apríl. Lengd 21 std. Verð: 28.000,-

## ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

### Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að verða sjálfbjarga við almenna tölvunotkun. Kennir er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun eða kvöldnámskeið. Næsta námskeið hefist 4. mars og lýkur 3. apríl (páskafri 14. til 25. mars) Lengd 42 std. Verð: 32.900,- (Ath endurgr stéttarfélag)

### Almennt tölvunám.

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, Outlook tölvupóstur og dagbók og Office 2007 kynning.

Kennt er mánudaga og miðvikudag og er hægt að velja um morgun eða kvöldnámskeið. Næsta námskeið hefist 5. mars og lýkur 16. apríl (páskafri 18. til 26. mars) Lengd 63 std. Verð: 44.900,- (Ath endurgr stéttarfélag)

### OFFICE 2007

Kynningar og aðlögunarnámskeið fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

## VEFUR - GRAFÍK - MYNDVINNSLA

### Grafísk hönnun.

Vinsælt og hagnýtt námskeið fyrir skapandi fólk. Photoshop CS3 – Illustrator CS3 – InDesign CS3 og PDF vinnsla. Hefst 3. apríl tvö sæti laus.

### Vefsíðugerð I

Grunnnámskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Tekin eru fyrir tvö mest notuðu forritin, Dreamweaver og Photoshop. Lengd 47 std. Verð: 49.000,- (Ath. endurgr. stéttarfélag) Kvöldnámskeið hefist 26. mars og lýkur 23. apríl.

### Vefsíðugerð II

Námskeið fyrir þá sem halda úti vefsíðu eða hafa grunn í vefsmíði og vilja bæta kunnáttu sína við gerð faglegra vefsvæða og verði sjálfbjarga við gerð flóknari vefsíðna. Dreamweaver, HTML og JavaScript. Lengd 31 std Verð: 32.000,- (Ath. endurgr. stéttarfélag) Næsta kvöldnámskeið hefist 9. apríl.

### Photoshop grunnur

Farið í helstu grunnþætti forritsins, áhöld, tæki og valmyndir svo þátttakendur öðlist skilning á myndvinnslu í tölvum og geti orðið sjálfbjarga við helstu aðgerðir forritsins sem almennir notendur þurfa að kunna skil á. Lengd 21 std. Verð: 24.000,- Næsta námskeið hefist 26. mars og lýkur 7. apríl.

### Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað námskeið fyrir byrjendur. Farið yfir stillingar myndavéla, flytja myndir í tölvu og allt utanumhald og skipulag myndasafns í tölvu. Einfaldar lagfæringar mynda í Picasa forritinu, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD, heimaþrentun/framköllun ofl. Lengd 14 std. Verð: 15.000, Næstu þriggja kvöldna námskeið hefjast 6. og 26. mars.

## SÉRFRÆÐINÁM

- **MCP XP**  
Hefst 15. apríl.
- **MCSA**  
Hefst 15. apríl.
- **Exchange Server 2003**  
Hefst 6. mars (2 sæti laus).
- **MCDST**  
Hefst 15. apríl.

**Microsoft**  
CERTIFIED  
Systems Administrator

## ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

- **Eldri borgarar grunnur**  
Hefst 31. mars.
- **Eldri borgarar frh**  
Hefst 1. apríl.
- **Dreamweaver**  
Hefst 9. mars.
- **Excel grunnur**  
Hefst 31. mars.
- **Excel framhald**  
Hefst 7. apríl.

### VAKTAVINNUFÓLK ATHUGIÐ:

*Flest námskeið skólans  
geta hentað ykkur  
sérstaklega vel þar sem  
möguleiki er að skipta  
milli morgun- og  
kvöldtíma eftir vöktum  
án þess að missa úr.*



TÖLVUSKÓLINN  
ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS





**EINAR SKÚLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞJÓÐAHÚSS** Segir innflytjendur á Íslandi veigra sér við því að kvarta finni það fyrir fordómum og andúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Margir vilja ekki kvarta

Mikil fjölgun innflytjenda hér á landi hefur leitt til aukinna fordóma gagnvart þeim. **Einar Skúlason**, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir í viðtali við *Sigríði Dögg Guðmundsdóttur* að lykillinn að því að bæta samfélagið sé ekki að fræða minnihlutahópinn. Það sé meirihlutinn sem stjórnir. Þá skeri Ísland sig úr í samanburði við hin Norðurlöndin hvað samsetningu innflytjenda varði.

**N**ýlega birtust í fjölmiðlum fregnir af því að ungmenni hefðu stofnað Félag gegn Pólverjum á vefsvæðinu Myspace. Þá er ekki langt síðan heitar umræður sköpuðust um fordóma þegar sérstök vefsíða sem snerist um andúð gegn útlendingum fór í loftið. Svona dæmi eru ekki nýmæli á Íslandi en sumir telja sig merkja aukna fordóma í garð innflytjenda samfara mikilli fjölgun þeirra hér á landi.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir finna fyrir aukinni andúð í samfélaginu gagnvart innflytjendum en erfitt sé að meta ástæðurnar þar sem ekki sé um það mörg tilvik að ræða. „Tilfinning mín er sú að það hafi eitthvað aukist en auðvitað eru hér fleiri innflytjendur en áður. Um leið og þeim fjölgar er líklegra að það verði fleiri árekstrar og andúðin meira áberandi.“

## Margir vilja ekki kvarta

Einar segir það einkennandi fyrir innflytjendur að þeir vilji ekki kvarta þótt þeir upplifi fordóma. „Ef það er einhver dónaskapur út af uppruna er algjör undantekning að fólk kvarti. Þeir vonast til að þetta gangi yfir. Það er eins og fólk telji að það komi til Íslands og geti ekki tekið því sem gefnu að allir bjóði það velkomið. Þetta sé bara eitt af því sem fólk þurfi að ganga gegnum, einhvers konar ókurteisi eða fyrirlitning. Það virðast bara margir tilbúnir til að þola ýmislegt.“

Fordómar vegna litaháttar

hafa verið á undanhaldi og snúast núorðið meira um þjóðerni að sögn Einars. „Andúðin hefur til dæmis aukist sérstaklega mikið gagnvart Pólverjum og Litháum. Þó ekki sé beinlínis hægt að kenna fjölmiðlum um hafa auðvitað verið fluttar fleiri neikvæðar fréttir af fólki af þessu þjóðerni heldur en til dæmis Dönnum eða Taflendingum. Umfjöllunin skapar hugrenningar-áhrif hjá fólki gagnvart fólki frá þessum löndum.“

Einar tekur sem dæmi að ef sagt væri frá því að pólskur maður hefði verið tekinn ölvaður við akstur þá sé sambærilegt að segja að viðskiptafræðingur hafi verið tekinn ölvaður við akstur. „Hvað kemur það málinu við að hann var viðskiptafræðingur? Á sama hátt sé ég ekki hvernig það komi málinu við ef hann var Pólverji.“

## Lokað kunningjasamfélag

Tungumálakunnátta er aðalhindrunin í vegi fyrir því að innflytjendur nái að aðlagast íslensku samfélagi að mati Einars. En jafnvel þótt innflytjendur læri málið sé það alls ekki ávisun á aðlögun.

„Þetta snýst líka um tengslanet til að komast inn í félagslífið. Maður heyrir oft sagt að þetta sé lokað samfélag af því að það voru allir einhvern tímann saman í skóla, íþróttafélagi eða vinnu og það eiga allir ótrúlega stóra fjölskyldu. Þetta er náttúrlega bara 300.000 manna samfélag og því fær fólk á tilfinninguna að það sé yfirþyrmandi kunningsskapur sem ræður öllu. Fólk er ekkert að bjóða öðrum inn í gamla vinahópa sína.“

Einar segist vita dæmi þess að innflytjandi sem sé mjög vel tengdur í samfélagið, vel liðinn og áberandi í umræðunni hafi aldrei komist inn í íslenskan vinahóp og kvarti yfir því að vera aldrei boðið neitt. „Það er enginn að segja að það ætti að vera borgaraleg skylda hjá fólki að eignast útlending að vini en fólk mætti spá í hvað það auðgar þeirra líf að eignast vini af ólíkum uppruna.“

## Borgar sig að læra íslensku?

Í byrjun vetrar skapaðist mikil umræða um íslenskukunnátta innflytjenda þar sem mörgum misbauð hversu víða þyrfti að grípa til enskunnar. Einar segir skýringuna geta legið í því að oft er fólk ekki bútt að gera upp við sig hvort það ætli að dveljast hér til langs tíma.

„Út frá kaldri lógík þá telur þetta málsvæði bara 300.000 manns og ef þú leggur það á þig að læra þetta tungumál og þú sest ekki að hérna þá eru afskaplega litlar líkur á að íslenskan eigi eftir að nýtast þér. Auðvitað hvet ég innflytjendur til að læra íslensku því það er eina leiðin til að þeir geti staðið á eigin fótum. En innst inni skilur maður þegar þeir segjast ekki vita hvort þeir muni búa hér áfram og að hagkvæmara sé að bjarga sér á enskunn. Það þýðir þó ekki að leggja árar í bát og allir landsmenn geta hjálpað til með hvatningu og þolinmæði í garð nemendanna.“

## Innflytjendur sem sjá um sig

Ísland sker sig úr í samanburði við Norðurlöndin hvað samsetningu innflytjenda varðar. „Við erum ekki með hælisleitendur og flóttamenn í sama mæli. Það eru hópar sem eru með miklu alvarlegru vandamáli á bakinu heldur en innflytjendur sem koma og vinna og sjá um sig frá fyrsta degi. Þetta er oft fólk sem hefur aldrei unnið í landinu sem það býr í þar sem því var komið fyrir í sérstökum flóttamannabúðum í upphafi.“

Þar átti það að vera þangað til ástandið myndi batna í heimalandi þess. Það var ekki ýtt undir að það lærdi tungumálið eða færi að vinna til að koma í veg fyrir að það festi rætur. Svo eftir þrjú, fjögur ár var því sagt að ástandið væri ekki að lagast og að nú væri kominn tími á að það bjargaði sér sjálft. Þá voru margir kannski búnir að gefast upp.

Við erum ekki með svona vandamál á Íslandi. Ísland er með einna fæsta flóttamenn í heimi miðað við höfðatölu. 0,1 prósent íbúa

Íslands eru flóttamenn meðan fimm prósent íbúa Danmerkur eru flóttamenn. Þetta er stóri munurinn. Það má frekar líkja Íslandi við Írland. Þar hefur verið mikill efnahagslegur uppgangur síðasta áratuginn og margir innflytjendur flutt þangað þar sem það hefur vantað starfskrafta.“

## Ekki fyrirheitna landið

Atvinnuleysi hefur um langa hríð verið í algjöru lágmarki á Íslandi. Þegar rætt er um hvað gerist þegar harðna fer á dalnum og atvinna dregst saman heyrast iðulega áhyggjuraddir um að innflytjendur hirði störfina af rótgrönnum Íslendingum.

Einar telur fyrirséð að aukist atvinnuleysi muni andúð í garð útlendinga jafnframt aukast. „En það er vert að hafa það í huga að þetta er lítið og tiltölulega lokað samfélag. Það er frekar dýrt að búa hér í sambandi við mat og aðrar nauðsynjar og veðurfar er ekki sérstaklega blítt. Á móti kemur að hér er frekar friðsælt og lítið um afbrot. Kerfið er frekar aðgengilegt, þú átt að fá hjálp ef þú þarft á henni að halda.“

En ég held að út frá köldu mati, ef þú sérð fram á versnandi tíð þar sem þú verður ekki í góðu starfi og átt ekki kost á góðri yfirvinnu þá lítirðu til annarra ríkja á borð við Írland. Ég held það sé ekkert einstakt að vera á Íslandi. Menn verða að hafa það í huga að Ísland er ekkert endilega fyrirheitna landið.“


## Fræðsla besta vopnið

Aðspurður hver sé stærsti vandi varðandi stöðu innflytjenda á Íslandi í dag segir Einar hann helst snúa að upplýsingaflæði. „Það má alltaf bæta upplýsingagjöf og bæta móttökuflerlið þegar þeir koma til landsins og við verðum að halda áfram að efla íslenskukennslu og hvetja þá áfram sem leggja stund á námið. Og besta vopnið gegn andúð og fordómum er fræðsla. Lykillinn að því að bæta samfélagið er ekki að fræða minnihlutahópinn. Það er meirihlutahópurinn sem stjórnar.“

Eins og í grunnskóla þegar það kemur einhver nýr í bekkinn þá getur hann ekki boðið sjálfum sér í leiki eða í afmæli. Það er ekki þessi nýi sem á að taka frumkvæðið heldur hinir sem taka á móti honum. Það á að vera mikil fræðsla í skólakerfinu og því miður er ekki mikið að gerast þar. Það vantar markvissa fræðslu á öllum skólastigum. Þessi vefsíða sem var stofnuð um daginn um Félag gegn Pólverjum var bara ákall á hjálp og umræður.“


## FJÖLDI ERLENDRA RÍKISBORGARA

eftir þjóðerni



## HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA

af íbúum á Íslandi 1980–2007



## → VINAFJÖLSKYLDUR Í VESTURBÆ

Sesselja Theodors Ólafsdóttir stendur að verkefni Vínafjölskyldur í Vesturbæjarskóla í Reykjavík sem snýst um að íslenskar fjölskyldur veiti innflytjendafjölskyldum stuðning og hjálpi þeim að laga sig að íslensku samfélagi. Hugmyndina fékk Sesselja þegar dóttir hennar byrjaði í 1. bekk.

„Ég tók eftir því að foreldrar innflytjendabarna í skólanum komu ekki á viðburði. Þeir fengu boð frá kennara í formi miða eða tölvupósts um að hitt og þetta væri í gangi en samt var eins og þeir mættu ekki. Svo var það á bolludaginn fyrir rúmu ári að ég sendi dóttur mína með bollu í skólann eins og allir krakkarnir máttu gera. Þegar hún kom heim spurði ég hana hvernig hefði verið og þá var hún afskaplega leið yfir því að nýi strákurinn í bekknum, sem er innflytjandi, var sá eini sem var ekki með bollu. Kennarinn sagði mér síðar að hún hefði látið alla vita en það er eitt að segja fólki eitthvað og annað að allir átti sig á hvað felst í því.“

Sesselja ræddi hugmynd sína á fundi hjá foreldrafélaginu og var hún í kjölfarið kynnt fyrir skólastjóra og kennurum, sem allir tóku henni vel. Núna er þetta verkefni hafið í einum bekk í Vesturbæjarskóla til að meta hvernig reynslan verður, að sögn Sesselju.

„Markmiðið er að mynda tengsl við foreldra í innflytjendafjölskyldum til að auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi og barnið geti staðið meira jafnfætis þeim börnum sem eru alin upp á Íslandi. Og þetta er hugsað sem gagnkvæm aðlögun þar sem báðar fjölskyldur geta lært hvor af annari.“



**SESSELJA TH. ÓLAFSDÓTTIR** Kynnti sér málefni innflytjenda í Danmörku í tengslum við lokaverkefni sitt í meistaranámi í mannfræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



mars 2008  
**Sport**

[ SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM ÍPRÓTTIR ]



# RORY MCILROY

GETUR ORÐIÐ HRIKALEGA GÓÐUR



## ENZO ZIDANE

VERÐUR HANN  
BETRI EN PABBI?



ÍVAR OG  
BRYNJAR  
ERU LYKILMENN  
**STEVE  
COPPELL**



VERSTU MEIÐSLI  
ÍPRÓTTASÖGUNNAR



ÞJÁLFARI  
LOTTOMATICA:

**JÓN ARNÓR**  
ER LEYNIVOPNIÐ



## HVAR ERU PEIR NÚ?

Stór hluti landsliðshópsins sem vann B-keppnina í Frakklandi árið 1989 hefur átt mikilli velgengi að fagna í atvinnulífinu eftir að handboltaferlinum lauk. Ef mið er tekið af eftirfarandi lista virðist sem sæti í landsliðshópnum sé mjög góður grunnur fyrir stjórnendastöðu í framtíðinni:



**Valdimar Grímsson**  
Var: Hægri hornamaður og vítasnillingur  
Er: Framkvæmdastjóri Vogue og Lystadúns Snælands

### Júlíus Jónsson

Var: Vinstri skytta og varnartröll  
Er: Þjálfari íslenska karlalandsliðsins og viðskiptastjóri einkabankþjónustu Kaupþings

### Kristján Arason

Var: Hægri skytta og varnartröll  
Er: Framkvæmdastjóri einkabankþjónustu Kaupþings



### Borgils Óttar Mathiesen

Var: Línumaður  
Er: Stjórnarformaður Klasa.

### Sigurður Gunnarsson

Var: Miðjumaður  
Er: Deildarstjóri íþróttta- og tónlistardeildar Úrvals Útsýns

### Jakob Sigurðarson

Var: Vinstri hornamaður  
Er: Framkvæmdastjóri viðskiptasviðs hjá Íslenskri erfðagreiningu

### Einar Þorvarðarson

Var: Markvörður  
Er: Framkvæmdastjóri HSÍ



**Geir Sveinsson**  
Var: Línumaður og varnartröll  
Er: Framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagins Amicus Partners

### Guðmundur Guðmundsson

Var: Vinstri hornamaður  
Er: Þjálfari íslenska karlalandsliðsins og „Global account and program manager“ hjá Kaupþingi.

# JÓN ARNÓR

## ER LEYNIÞVOPNIÐ OKKAR

» Landsliðsmaðurinn Jón Arnór Stefánsson hefur verið einn albesti leikmaður Lottomatica Roma í ítölsku úrvalsdeildinni og Meistaradeildinni í körfubolta á tímabilinu. Þjálfari liðsins, **Jasmin Repesa**, sem er gríðarlega virtur í evrópskum körfubolta, hefur mikla trú á Jóni og segir hann aðeins eiga eftir að verða betri. **EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON**

Jón Arnór hefur verið að gera frábæra hluti með liðinu í ár og vex með hverjum leik. Hann er búinn að festa sig vel í sessi, sjálfs-traustið er mikið og hann er liðinu gríðarlega mikilvægur,“ segir Jasmin Repesa, hinn króatíski þjálfari Lottomatica Roma á Ítalíu. Jón Arnór hefur vakið verðskuldaða athygli með frammistöðu sinni í ár og það sem af er hefur hann skorað 10,7 stig að meðaltali í leik í ítölsku deildinni, auk þess sem hann hefur gefið 2,2 stoðsendingar og tekið 3,1 fráköst fyrir Lottomatica, sem er sem stendur í fjórða sæti ítölsku deildarinnar. Jón Arnór hefur reyndar átt við erfið meiðsli að stríða síðustu vikur en er óðum að ná sér á strik á nýjan leik.

### GETUR ORÐIÐ MIKLU BETRI

Repesa er eðlilega í skýjunum með þær framfarir sem Jón Arnór hefur sýnt frá því á síðustu leiktíð en segir hann ennþá eiga mikið inni.

„Hann getur náð miklu lengra, ekki spurning. Jón býr yfir kostum sem eru ekki svo algengir í körfubolta í dag. Hann er einstaklega snjall leikmaður sem tekur hag liðsins fram yfir sjálfan sig. Hann leggur sig alltaf allan fram, bæði í leikjum og á æfingum. Þá er hugarfarið fyrsta flokks, bæði innan vallar og utan. En hann á ennþá mikið inni og getur bætt sig á öllum sviðum leiksins. Og ég er sannfærður um að hann eigi eftir að gera það,“ segir Repesa.

Þrátt fyrir að Jón Arnór sé að spila að meðaltali um 25 mínútur að meðaltali í hverjum leik byrjar hann venjulega á varamannabekknunum. Í ljósi góðrar spilamennsku Jóns Arnórs hefur sú ákvörðun Repesa að láta hann ekki í byrjunarliðið vakið nokkra athygli. Þjálfarinn hefur þó sínar skýringar á því skipulagi.

„Með því að láta Jón byrja út af held ég honum hungruðum, auk þess sem hann hefur eiginleika til að brjóta upp leikinn þegar mest þörf er á. Þegar farið er að hægjast á okkar leik vil ég setja Jón inn á völlinn þannig að hann nái að nýta sér hraðann og sprengikraftinn sem hann hefur sem allra best. Það má segja að hann sé leyvniþvopið okkar,“ segir Repesa.



Jón Arnór þarf oft en ekki að sætta sig við að byrja á varamannabekknunum hjá Lottomatica, en það er með ráðum gert hjá Repesa.

## » ÉG ER Jasmin Repesa

Aldur: 46 ára

Þjóðerni: Króatískur

Staða: Þjálfari Lottomatica Roma og króatíska landsliðsins í körfubolta



Repesa hefur verið afar sigursæll frá því að þjálfaraferill hans hófst árið 1994. Þrívægis hefur hann stýrt liðum til meistaratitils í heimalandi sínu auk þess sem hann gerði **Tofas Bursa** að tyrkneskum meisturum.

Frá árunum 2002-2006 var Repesa þjálfari **Fortitudo Bologna** á Ítalíu og gerði hann liðið að meisturum árið 2005. Hann er nú á sínu öðru ári með lið **Lottomatica Roma**.



# GAT EKKI HAFNAÐ PLAYBOY

**Ana Paula Oliveira** er 29 ára gömul og sá kvenkyns dómari í Brasilíu sem náð hefur hvað lengst í því starfi þar í landi. En eftir að hafa setið fyrir sem forsíðustúlka karlatímaritsins Playboy var hún sett í bann sem var aflétt fyrir skemmstu.

„Mér fannst þetta vera rétti tíminn til að gera þetta,“ sagði Ana Paula í nýlegu viðtali, spurð um þá ákvörðun að sitja fyrir, en hún birtist fyrst á forsíðu Playboy um mitt síðasta ár. Inni í blaðinu eru fjölmargar myndir af dómaramum, fáklæddum og í eggjandi stellingum. „Ég er 29 ára gömul og var komin á síðasta snúning ef ég ætlaði að sitja fyrir. Tilboðið var það gott að ég gat ekki hafnað því,“ bætir Ana Paula við, en fjölmiðlar í Brasilíu fullyrða að Playboy hafi greitt henni rúmar sextán milljónir króna fyrir fyrirsetustörfin.

Þótt enginn efast um að tilboð Playboy hafi verið gott hefur Ana Paula mátt þola mikla gagnrýni frá knattspyrnuhreyfingunni í Brasilíu. Þær raddir ganga fyrst og fremst út á að nektar-

myndirnar séu til þess fallnar að draga úr valdi hennar og virðingu á vellinum. Sjálf segist hún ekki í vafa um að svo sé ekki.

PFS leitar að metnaðarfullum og atorkusömum einstaklingi til að leiða teymi sérfræðinga í tæknideild. Tæknideild ber m.a. ábyrgð á skipulagningu númeramála og tíðnirófsins á Íslandi, úthlutun tíðna ásamt upplýsingagjöf um notkun.

### Starfssvið

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi tæknideildar og leiðir hóp sérfræðinga í samstarfi við aðrar fageiningar. Hann ber ábyrgð á áætlanagerð ásamt eftirfylgni með verkefnum á verksviði deildarinnar. Forstöðumaður á sæti í framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólapróf í verkfræði eða raungreinum. Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur.

Viðkomandi þarf að búa yfir færni til að vinna í hópi og leiða samvinnu og breytingar þar sem sjónarmið lögfræði, hagfræði og tækni mynda saman lausn. Haldbær stjórnunarreynsla, sjálfstæði, frumkvæði, samskiptafærni, öguð vinnubrögð ásamt metnaði til að ná árangri eru mikilvægir eiginleikar. Einnig færni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli á íslensku og ensku.

Áður auglýstur umsóknarfrestur um starf forstöðumanns tæknideildar framlengist til 17. mars n.k.

### Sérfræðingur í greiningardeild

Við leitum að öflugum sérfræðingi til liðs við okkur í greiningardeild. Sérfræðingur vinnur með öflugum teymi starfsmanna greiningardeildar sem vinna náið saman að úrlausn verkefna sem lúta að viðskiptalegum þáttum eftirlits á póst- og fjarskiptamarkaði.

### Starfssvið

Markaðs- og kostnaðargreiningar, hagfræðirannsóknir, ýmis sérverkefni á verksviði deildarinnar ásamt stuðningi við störf annarra deilda. Starf sérfræðings heyrir undir forstöðumann deildarinnar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun. Framhaldsnám eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur.

Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og hafa vald á samstarfi þar sem sjónarmið lögfræði, hagfræði og tækni mynda saman lausn. Gott vald á íslensku og ensku, frumkvæði, samskiptafærni, ásamt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum er áskilið.

Í boði eru samkeppnishæf kjör í sífbreytilegu og spennandi umhverfi þar sem gerðar eru miklar fagkröfur.

Umsóknarfrestur er til 17. mars 2008.

Gengið verður frá ráðningu í bæði störfin fljótlega.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið [anna.gudmunds-dottir@pfs.is](mailto:anna.gudmunds-dottir@pfs.is). Umsóknum verður öllum svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Anna Dóra Guðmundsdóttir, mannauðs- og gæðastjóri PFS, í síma 510 1500.





Reykjavíkurborg  
Borgarskjalasafn Reykjavíkur



## Deildarstjóri á skjalasafni

**Borgarskjalasafn Reykjavíkur óskar eftir að ráða deildarstjóra skjalastjórnardeildar safnins.**

### Helstu verkefni:

Ráðgjöf og eftirlit með skjalastjórn borgarstofnana, kennsla á námskeiðum, skráning skjala og önnur störf.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Reynsla og þekking á skjalastjórn.
- Góð íslenskukunnátta og tölvufærni.

- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða fullt framtíðarstarf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður í síma 563-1770. Skriflegum umsóknum skal skila til Borgarskjalasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík eða sendast á netfangið svanhildur.bogadottir@reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til 16. mars nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Starfsmaður óskast til afgreiðslu og sendlastarfa.

Umsækjandi þarf að vera eldri en 20 ára.

### Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og áreiðanleiki.
- Stundvísi og góður í mannlegum samskiptum.
- Enskukunnátta.
- Einhver tölvukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á netfangið [jon@abvarahlutir.is](mailto:jon@abvarahlutir.is)



## Fjölbreytt skrifstofustarf

**MS Reykjavík, Bitruhálsi 1, óskar eftir að ráða í lausa stöðu sem fyrst. Um er að ræða almenn skrifstofustörf en helstu verkefni eru eftirfarandi:**

- Móttaka og afgreiðsla pantana til viðskiptavina
- Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina
- Útskrift ýmissa reikninga
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Ýmis konar uppgjör
- Önnur tilfallandi verkefni

Leitað er að einstaklingi með góða tölvukunnátta og er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, góða framkomu og þjónustulund.

Starfshlutfall er 100% og er æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Magnússon í síma 569-2257.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið [starfsmannasvid@ms.is](mailto:starfsmannasvid@ms.is)

Mjólkursamsalan ehf. er framsækið framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda um land allt. Félagið rekur 7 starfsstöðvar víðs vegar um landið. Hjá félaginu starfa 450 starfsmenn.

Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu félagsins

[www.ms.is](http://www.ms.is).

## Rafvélavirki eða rafvirki

### Lítil heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip óskar eftir að ráða rafvélavirkja eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga frá kl. 7.00 til 1.00. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum, sem og nýlögnum og viðhaldi er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt er að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson verkstjóri á rafmagnsverkstæði, [arp@eimskip.is](mailto:arp@eimskip.is), sími 525 7181 eða 825 7181.

Umsjón með ráðningunni hefur Guðni Sigurmundsson, [gts@eimskip.is](mailto:gts@eimskip.is), sími 525 7162.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is). **Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2008.**

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngördum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is)



## Bílstjóri í innanbæjardreifingu

### Lítil heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Leitum að bílstjóra í innanbæjardreifingu Eimskip í Reykjavík. Starfið felst í akstri á vörum til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími virka daga kl. 8.00–16.00.

### Hæfniskröfur

- Meirapróf
- Góð þjónustulund
- Íslenskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Sigurðsson, [eyj@eimskip.is](mailto:eyj@eimskip.is), sími 525 7755 eða 825 7755.

Umsjón með ráðningunni hefur María Jóhannsdóttir, [mjh@eimskip.is](mailto:mjh@eimskip.is), sími 525 7763.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars.** Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskip, [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is).

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngördum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is)



## Sumarvinna

### Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma leitar að rösku fólki til starfa sumarið 2008

Um er að ræða störf í Fossvogs-kirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði. Tímabil vinnu er frá 27. maí til 22. ágúst 2008.

Leitað er að starfsfólki í almenn garðyrkjustörf, í flokksstjórastörf og einstaklingum með dráttarvélaréttindi. Laun eru greidd samkvæmt taxa stéttarfélagsins Eflingar, auk þess er greiddur kaupauki eftir vinnuhvetjandi kerfi, sem hefur gefið góða raun fyrir báða aðila.

Þeir, sem hug hafa á að sækja um sumarvinnu hjá Kirkjugörðunum, athugi eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- Umsækjandi sé fæddur árið 1991 eða fyrr.
- Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi fyrir 1. apríl 2008.

Umsóknareyðublöð eru afhent á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og í Gufunesgarði, þar er hægt að fá upplýsingar um starfið. Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðunni [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is) og senda rafrænt. Skrifstofusími: 585-2700. Myndsími 585-2701. Heimilisfang: Vesturhlíð 8 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á Netinu: <http://www.kirkjugardar.is> (upplýsingar um sumarstörf).





## Umsjón með þrifum



Slysavarnaskóli sjómanna hefur starfað frá árinu 1985 og er í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Skólinn heldur uppi öfluggu fræðslustarfi fyrir sjómenn.

**Traustur starfsmaður óskast til að hafa umsjón með daglegum þrifum hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Viðkomandi mun sinna þrifum á skólastofum og sameiginlegu rými skólans.**

Um 50% starf er að ræða og er unnið alla virka daga yfir vetrartímann á dagvinnutíma. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Hæfniskröfur

- Stundvísi og áreiðanleiki
- Nákvæmni og dugnaður
- Samviseksemi

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 11. mars nk. Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir. Netfang: [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Framkvæmdastjóri



Brynja - Hússjóður Öryrkjabandalagsins, er sjálfseignarstofnun, stofnaður 22. febrúar 1966. Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðir fyrir öryrkja. Tilgangi sínum nær sjóðurinn með því að kaupa og byggja leigubúðir.

[www.obi.is](http://www.obi.is)

**Brynja – Hússjóður Öryrkjabandalagsins óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.**

#### Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri og leigu fasteigna
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald
- Samskipti við leigjendur, húsfélög, fasteignasala, svæðisskrifstofur og opinbera aðila
- Önnur verkefni í samráði við formann og stjórn

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til sækja um starfið.

#### Hæfniskröfur

- Háskólapróf eða tilsvarendi menntun til starfsins
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Samviseksemi og traust
- Áhugi á málefnum fatlaðra

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 15. mars nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Tölvunar- og kerfisfræðingar



Reiknistofan býður:

- Fjölbreytt og umfangsmikil verkefni á sviði bankaviðskipta
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Góða starfsaðstöðu í miðbæ Reykjavíkur
- Fjölbreytilegt tækniumhverfi bæði á stórtölvum og smátölvum
- Hugbúnaðargerð samkvæmt formlegum aðferðum
- Nauðsynlega viðbótarmenntun, sem eykur þekkingu og hæfni

**Reiknistofa bankanna óskar eftir að ráða tölvunar- og kerfisfræðinga til starfa.**

Viðkomandi munu starfa við kerfissetningu og forritun stórra sem smærri kerfa er meðhöndla t.d. inn- og útlán, bókhald, gjaldeyrisviðskipti, innheimtukröfur og debetkort. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa löngun og brennandi áhuga á að vinna við greiningu og forritun á stærstu greiðslu- og kortakerfum landsins.

Auk þess er leitað eftir einstaklingi sem mótar og er leiðandi í gagnahögun og gagnastjórnun hugbúnaðarkerfa fyrirtækisins.

#### Hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða kerfisfræðum, eða sambærilegt nám og/eða góð reynsla af kerfissetningu og forritun
- Reynsla af stórtölvuumhverfi er æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 13. mars nk.

Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir. Netfang: [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **pér!**

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS



## SÉRFRÆÐINGUR Í UMFERÐARÖRYGGISMÁLUM

### Starfið

Umferðarstofa leitar að sérfræðingi í umferðaröryggismálum sem annast getur knýjandi starf við mótun stöðu í umferðaröryggismálum. Starfið heyrir undir umferðaröryggisviði og er starfshlutfall 100%. Starfið tekur m.a. í sér:

- eftirfylgni umferðaröryggisáætlunar
- verkefnaáætlun á sviði umferðaröryggis
- samstarf við sveitarfélög á sviði umferðaröryggismála
- kynna sér umferðaröryggisáætlunir annars ríkja sem ráð hafa framúrskarandi árangri
- kynna sér rannsóknir á sviði umferðaröryggis
- innleiðing aðgerða til aukins umferðaröryggis
- greinaskrif og álitgerðir
- vinna að uppsetningu og viðhaldi heimasíðu um umferðaröryggi

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Latað er að einstaklingi með háskólapróf á sviði verkefna, tæknifræði eða sambærilegu.

### Æskilegir eiginleikar

Latað er að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi sem hefur áhuga á umferðaröryggismálum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og haft frumkvæði að laun mála og samspikið við aðila. Starfamaður þarf að geta unnið úr erlendum gögnum og hugmyndum. Mikilvægt er að viðkomandi egi auðvelt með að tala í ræðu og riti. Hann þarf að vera gagnrýnn og vandvirkur en síðast en ekki síst hjóla og hugmyndaríkur um aðferðir til eflingar umferðaröryggis. Þá er áskilið að starfamaður hafi ríka þjónustufund.

Umsóknarfrestur er til 17. mars 2008.

### Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni <http://www.us.is/atvinnuumsokn>
- með því að senda umsókn (CV/ferískrá) á verkefnastjóra starfsmannamála, [ocf@us.is](mailto:ocf@us.is) eða
- senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:

Umferðarstofa  
Bí. Ólafar Friðrikdóttur  
Borgartún 30  
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar um ofangreint starf veitir Birge Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggisviðs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekið. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu: <http://www.us.is/>



## Starfsmaður óskast!

Garri ehf. heildverslun óskar eftir að ráða sem fyrst starfsmann í þökkun. Um er að ræða 50% starf frá 8.00 til 12.00 alla virka daga. Í starfinu felst innþökkun á matvælaumbúðum fyrirtækisins í neytendaumbúðir.

Skilyrði er að umsækjendur hafi gott vald á íslenskt tungu. Garri er reyklus vinnustaður.

Áhugasamir sendi umsóknir með tölvupósti á netfangið [magnus@garri.is](mailto:magnus@garri.is) fyrir 4. mars.



Gerðu þér mat úr Garra

LANDIC  
PROPERTY



## ARE YOU OUR NEXT DIRECTOR IN LANDIC PROPERTY'S TREASURY DEPARTMENT?

| Kringlunni 4-12 103 Reykjavík | [www.landicproperty.com](http://www.landicproperty.com)

Applications are now invited for a senior position at Landic Property hf. The position in question is Director of the company's Treasury department, situated in Reykjavík, Iceland.

The Treasury department has the following main responsibilities:

Financing | Cash management | Financial risk management | Capital structure management  
Development of financing structures and models

### JOB DESCRIPTION

- The Director oversees the financing of property acquisitions in Iceland, and orchestrates negotiations with financial institutions.
- He/she conducts ongoing negotiations with lenders in order to optimise co-operation and portfolio management.
- The Director is part of the Treasury team led by Head of Treasury located in Denmark, and fully participates in broader projects with the rest of the team.
- He participates in developing finance models and their subsequent implementation.
- The director is responsible for loan administration and for maintaining information in the treasury management system.
- Furthermore, the Director is responsible for flow of information, making certain everyone gets relevant information.

### QUALIFICATIONS

The applicant must have a University degree in finance or similar, and at least three years of relevant work experience in an international company or bank.

The applicant must be a strong individual with an analytical mind. He must have thorough knowledge of financing, financial markets, and loan documentation. He must be proficient in English and be strong in negotiations.

Further, the applicant must be:

- a team player
- an experienced project manager
- pro-active and result oriented
- focused on quality
- responsible

To apply and for further information, please visit [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) or contact Ari Eyberg ([ari@hagvangur.is](mailto:ari@hagvangur.is)) or Inga Steinunn Arnardóttir ([inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)).

Application and CV, with picture, should be in English.

Please return application to: Hagvangur, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

APPLICATION DEADLINE: 24.03.2008

### LANDIC PROPERTY

Landic Property is one of the largest and fastest growing property companies in the Nordic countries. The total rental floorspace is approx. 2.7 million square metres, and the total number of tenants is more than 3,800.

Landic Property has more than 270 employees in Iceland, Denmark, Sweden and Finland. Landic Property's total assets amounted to approx. €4.8 billion by the end of June 2007.

## Sérfræðingur á öryggis- og gæðastofu flugvalla - og leiðsögusviðs.

Vegna aukinna verkefna óska Flugstöðir eftir að ráða öflugan einstakling í starf sérfræðings á öryggis- og gæðastofu flugvalla- og leiðsögusviðs.

### Starfssvið

Viðkomandi mun taka þátt í þróun og innleiðingu á öryggis- og gæðakerfum fyrir flugvelli, þar með taldir innri úttektir og handbókagerð. Starfið heyrir undir öryggis- og gæðastjóra sviðsins.

### Hæfniskröfur

Við gerum kröfu um háskólamenntun á sviði tækni-, raunvísinda- eða rekstrargreina, eða sambærilega menntun. Gott vald á íslenskt og enskt tungu er nauðsynlegt. Viðkomandi þarf að vera skipulagður í verkum sínum, hafa færni í uppsetningu og miðlun efnis og hafi tileiknað sér greiningaraðferðir. Hann þarf að geta unnið undir álagi, eiga auðvelt með að umgangast fólk og vera áhugasamur um störf sín.

Reynsla af gæðastjórnun eða öryggisstjórnun er æskileg, sem og þekking á flugmálum.

### Umsóknir

Frekari upplýsingar um starfið veita Helga Eyjólfadóttir öryggis- og gæðastjóri flugvalla- og leiðsögusviðs og starfsmannahald, í síma 424-4000. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist starfsmannahaldi Flugstöða ohf., Turni, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík, fyrir 16. mars nk., eða í tölvupósti á [shard@flugstodir.is](mailto:shard@flugstodir.is).

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugstöða ohf., [www.flugstodir.is](http://www.flugstodir.is)

Öllum umsóknum verður svarað.

FLUGSTOÐIR  
ISAVIA

Flugstöðir ohf. er opinbert hlutafélag sem tók yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands þann 1. janúar 2007. Hjá Flugstöðum ohf. starfa um 220 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar- og flugleiðsögubjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður- Atlantshafi. Flugstöðir ohf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



# STJÓRNUN RÆSTINGA

Traust, öflugt og ört vaxandi þjónustufyrirtæki vill ráða til sín stjórnanda í fjölbreytt og skemmtilegt starf hjá einni elstu og reyndustu ræstingaþjónustu landsins – Hreint ehf.

#### Helsta starfssvið:

- Umsjón og stjórnun ræstingaverkefna
- Ráðning starfsmanna
- Þjálfun ræstingafólks
- Umsjón afleysinga og fría
- Utanumhald fyrir launavinnslu
- Samskipti við viðskiptavini
- Þjónusta við viðskiptavini og eftirlit með framkvæmd verkefna

#### Hæfniskröfur:

- Stjórnunarreynsla
- Mikil þjónustulund
- Nákvæm vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Drifkraftur og vilji til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði í starfi
- Reynsla af ræstingum kostur
- Hreint sakavottorð
- 30 ára eða eldri

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg, starfsmannastjóri í síma 554 6088. Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Hreint ehf., [www.hreint.is](http://www.hreint.is).

Hreint ehf. var stofnað 1983 og þjónustar fyrirtæki og stofnanir víða um land á sviði reglulegra ræstinga. Starfsmenn okkar, sem eru á annað hundrað talsins, er fagfólk í ræstingum. Við leggjum áherslu á vandaða þjónustu, hvatningu í starfi og ánægjuleg samskipti við viðskiptavini og starfsfólk.



## Laghentur starfsmaður óskast

Vegna aukinna umsvifa leitum við að traustum og laghentum starfsmanni til framtíðarstarfa á lager og við uppsetningarvinnu.

#### Helstu verkefni

- Lagerstörf
- Uppsetning loftfesta lyftukerfa
- Þjónusta og ýmiss önnur störf

#### Hæfileikar

- Góð vinnubrögð og stundvísi
- Jákvætt viðhorf og glaðlyndi
- Reykir ekki

Nánari upplýsingar er að finna á [www.eirberg.is](http://www.eirberg.is)

Umsóknarfrestur er til 4. mars 2008 og má senda umsókn og ferilskrá á [ahj@eirberg.is](mailto:ahj@eirberg.is) eða í lokuðu umslagi til okkar merktu UMSÓKN.



Eirberg

## Hitaveita Suðurnesja hf óskar eftir að ráða í eftirtalin störf í Reykjaneshæ



### Rafmagnsöryggismál

#### Helstu þættir starfsins eru:

- framkvæmd og skráning skoðana á nýjum og breyttum raforkuvirkjum samkvæmt VLR öryggistjórnunarkerfis,
- fylgja eftir að úrbætur séu gerðar skv. skoðunar-skýrslum,
- yfirfara verk möppur og uppfæra teikningar eftir vettvangsskoðun,
- annast samskipti við rafverktaka,

### Birgðavörður

#### Helstu þættir starfsins:

- vörumóttaka, varsla og afgreiðsla af birgðageymslu,
- vörutalning,
- önnur tilfallandi störf,

#### Hæfniskröfur:

- sveinspróf í rafvirkjun eða rafveituvirkjun,
- reynsla æskileg úr eftirlitsgeiranum en þó ekki nauðsynleg,
- sjálfstæð vinnubrögð,
- góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.

#### Hæfniskröfur:

- nokkra reynslu og þekkingu á tölvuvinnslu, strikamerkingum og staðsetningakerfum,
- þekkingu á birgðabókhaldi,
- almenna vörubekkingu,
- iðnmenntun er einnig æskileg en þó ekki nauðsynleg.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofum Hitaveita Suðurnesja hf og á heimasíðu fyrirtækisins [www.hs.is](http://www.hs.is). Umsóknir skulu berast eigi síðar en 14. mars 2008. Frekari upplýsingar veitir starfsmannastjóri.

Hitaveita Suðurnesja hf (HS) ([www.hs.is](http://www.hs.is)) var stofnuð 31. desember 1974 og gerð að hlutafélagi árið 2001. Stærstu eigendur félagsins eru Reykjaneshæ, Geysir Green Energy ehf, Hafnarfjarðarbær og Orkuveita Reykjavíkur ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum sem eiga lítinn hlut.

- Helstu afurðir félagsins eru: grunnvatn, heitt vatn, rafmagn, jarðhitavöki og jarðhitagufa.
- HS rekur nú tvær jarðhitavirkjanir aðra í Svartsengi og hina á Reykjanesi.
- HS er kjölfestufjárfestir í Bláa lóninu hf.
- HS hefur verið úthlutað rannsóknarleyfi til ársins 2016 á Trölladyngju-, Krýsvíkur-, Austurengja-, og Sandfellssvæði Reykjanesskaga.
- HS leggur mikla áherslu á fjölþætt og öflugt rannsóknar- og frumkvæðastarf.
- Hjá HS vinna nú um 130 starfsmenn í sex starfsstöðvum: Reykjaneshæ, Reykjanesi, Svartsengi, Hafnarfirði, Selfossi og í Vestmannaeyjum.
- Meginþorri starfsmanna hefur unnið hjá HS í áratugi.
- Innan HS er öflugt starfsmannafélag dyggilega stutt af stjórn félagsins.



## Verkfræðingar

Vegna aukinna umsvifa óskum við að ráða tvo verkfræðinga á framleiðsluvið Norðuráls á Grundartanga. Um ný störf er að ræða.

#### Helstu verkefni

- Tæknileg stýring á rekstri kera
- Greining og úrvinnsla framleiðsluupplýsinga
- Gerð verkferla fyrir framleiðsludeild
- Umsjón með stoðkerfum framleiðslunnar
- Virk þátttaka í sameiginlegum verkefnum milli deilda

#### Hæfniskröfur

- Frumkvæði og sjálfstæði í starfsháttum
- Skipulögð vinnubrögð
- Metnaður
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð enskukunnátta, bæði á töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar veita Gauti Höskuldsson, yfirverkfræðingur á framleiðsluviði, og Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, í síma 430 1000.

#### Hvernig sækir þú um?

Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 14. mars n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, [www.nordural.is](http://www.nordural.is), sent umsókn þína á netfangið [umsokn@nordural.is](mailto:umsokn@nordural.is) eða póstlagt umsóknina merktu: Verkfræðingur á framleiðsluviði.

#### Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

#### Trúnaður

Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefni margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnifræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafeindavirkjar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.







## Verkefnisstjóri í vefþróun

Reykjavíkurborg óskar eftir að ráða metnaðarfullan og fjölbáttastakling sem taka mun þátt í þróun vefs Reykjavíkurborgar í vefteymi borgarinnar.

### Helstu verkefni:

- Dagleg vefumsjón
- Skipulag efnisframsetningar og viðmóts.
- Þátttaka og stjórnun við smíði vefja, vefhluta og vefefninga.
- Þjónusta við notendur vefkerfis
- Innleiðing verkferla, gæðastaðla og ritstjórnarstefnu
- Verkefnisstjórn þróunarverkefna á vefnum.
- Umsjón með aðgengismálum.
- Þátttaka í samstarfsverkefnum innan og utan borgarkerfisins.

### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi,
- Reynsla og þekking á vefumsýslu eða vefstjórn
- Reynsla af vefsmíði, hönnun og viðmótsþróun æskileg.
- Þekking og áhugi á vefnum og möguleikum hans

- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi
- Góð íslenskukunnátta

Reynsla af myndvinnslu, forritun og tæknilegum málefnum vefs er kostur en ekki skilyrði.

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef borgarinnar eigi síðar en 15. mars n.k. til Hreins Hreinssonar, vefritstjóra Reykjavíkurborgar.

Netfang: hreinn.hreinsson@reykjavik.is.

Nánari upplýsingar veitir Hreinn Hreinsson, vefritstjóri í síma 411 1063

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Verkefnastjóri

Óskum eftir að ráða reyndan byggingaverkfræðing eða tæknifræðing til að stýra byggingaverkefnum á höfuðborgarsvæðinu.

### Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við verkkaupa, undirverktaka og birgja.
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka.
- Tilboðsgerð og verkefnaóflun

### Hæfniskröfur:

- Byggingaverkfræðingur/tæknifræðingur eða byggingafræðingur
- Reynsla af verkefnisstjórn hjá verktaka eða verkfræðistofu.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áráðni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum

JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu. Við bjóðum uppá frábæran starfsanda og gott vinnuumhverfi í metnaðarfullu og vaxandi fyrirtæki auk auk góðra launa fyrir reynda einstaklinga.

Upplýsingar um starfið veita Gylfi í síma 860 1707 ([gylfi@javerk.is](mailto:gylfi@javerk.is)) eða Guðmundur í síma 860 1730 ([gbg@javerk.is](mailto:gbg@javerk.is)). Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

## Byggingastjóri/Verkstjóri

Óskum eftir að ráða til starfa reyndan verkstjóra til að stýra byggingaverkum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.

### Helstu verkefni:

- Stýring starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Ábyrgð á gæðum vinnu bæði eigin starfsmanna og undirverktaka
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Framfylgja verk og kostnaðaráætlunum.

### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í iðngreinum er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjórnaréttindi eru kostur
- Reynsla af stýringu stórra byggingaverkefna er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áráðni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum

JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu. Við bjóðum uppá frábæran starfsanda og gott vinnuumhverfi í metnaðarfullu og vaxandi fyrirtæki auk auk góðra launa fyrir reynda einstaklinga.

Upplýsingar um starfið veita Gylfi í síma 860 1707 ([gylfi@javerk.is](mailto:gylfi@javerk.is)) eða Guðmundur í síma 860 1730 ([gbg@javerk.is](mailto:gbg@javerk.is)). Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

## Vörubílstjóri á kranabíl

Óskum eftir að ráða til starfa reyndan vélmann á nýjan Man vörubíl með krana sem mun þjónusta byggingarstaði okkar á höfuðborgarsvæðinu.

### Hæfniskröfur:

- Meirapróf
- Kranaréttindi
- Þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áráðni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum

JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu. Við bjóðum uppá frábæran starfsanda og gott vinnuumhverfi í metnaðarfullu og vaxandi fyrirtæki auk auk góðra launa fyrir reynda einstaklinga.

Upplýsingar um starfið veita Fríða í síma 480 1710 ([frida@javerk.is](mailto:frida@javerk.is)) Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál

JÁVERK ehf er 15 ára öflugt, metnaðarfullt og ört vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 150 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Velta ársins 2007 var á fimmta milljarð og er áætluð svipuð á árinu 2008.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekktist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Jáverk er með skrifstofur bæði á Selfossi og Reykjavík.

Gagnheiði 28  
IS-800 Selfoss  
Íceland  
Sími +354 480 1700  
Fax +354 480 1701  
[www.javerk.is](http://www.javerk.is)

## Veitingahúsið Jómfrúin

Okkur vantar samstarfsfólk

bæði til eldhús- og þjónustustarfa.

Vinnutími samkomulag. 40 ára og eldri velkomnir.

Upplýsingar í síma 551-0100 á milli kl. 13 - 15 næstu daga.

## Vilt þú vinna á litlum og samheldnum vinnustað?

Þá höfum við eitthvað handa þér. Við erum að leita að hlutastarfsmanni í búðina okkar í Kringlunni. Vinnutíminn er annað hvert fimmtudagskvöld og önnur hvor helgi. Við leitum að starfsmanni sem er eldri en 25 ára og hefur gaman af því að selja fallegan fatnað.

Starfið er krefjandi og skemmtilegt sölustarf á litlum og notalegum vinnustað.

Umsóknir með ferilskrá sendist á [thora.margret.birgisdottir@noa-noa.is](mailto:thora.margret.birgisdottir@noa-noa.is)  
Umsóknarfrestur er til og með 9. mars.

NOA  
NOA



## Framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Norðurlands vestra

### Starfslýsing:

Í megindráttum felur starf framkvæmdastjórans í sér umsjón og samræmingu yfir starfi tveggja klasa þ.e. menntunar og rannsóknar, menningar og ferðaþjónustu. Framkvæmdastjóri vinnur náið með stjórn samningsins og fer eftir stefnu og áherslum sem settar eru af stjórn.

Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn og starfar á skrifstofu Vaxtarsamningsins á Sauðárkróki.

### Nánari lýsing verkefna:

- Yfirumsjón með starfsemi Vaxtarsamnings og klasaupbyggingu
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar
- Kynning á starfi, markmiðum og verkefnum Vaxtarsamnings
- Önnur verkefni sem stjórn Vaxtarsamningsins felur starfsmanni s.s. ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga og verkefnastjórn

### Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Skriflegar umsóknir, sem tilgreina m.a. menntun og fyrri störf, skulu sendar á skrifstofu Blönduóssbæjar, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi, og merktar framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.

Umsóknir skulu jafnframt sendar rafrænt á [amar@blonduos.is](mailto:amar@blonduos.is)

Umsóknarfrestur er til 19. mars n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Þór Sævarsson, formaður stjórnar Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Netfang: [amar@blonduos.is](mailto:amar@blonduos.is)



## AÐFÖNG

## Starfsfólk á matvörlager

Aðföng óska eftir starfsmönnum á lyftara og í móttöku í vöruhúsi. Einnig vantar starfsfólk í vinnu um helgar. Störf felast m.a. í móttöku, tiltekt og afgreiðslu á vörum sem dreift er í matvöruverslanir Haga. Lyftararéttindi kostur.

Leitað er eftir kraftmiklu og áreiðanlegu starfsfólki eldri en 18 ára í framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um störfín á [www.adfong.is](http://www.adfong.is). Trausti Stefánsson veitir nánari upplýsingar um störfín í s. 693-5602.

Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Haga.

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og samgöngusvið

## Heilbrigðisfulltrúi - Heilbrigðiseftirlit og vöktun

**Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, auglýsir laust til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti og vöktun.**

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits og vöktunar er að skapa borgarbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda heilnæmt og ómengað umhverfi.

Heilbrigðisfulltrúar sinna þjónustu við borgarbúa og fyrirtæki í borginni.

**Starfið felst m.a. í:**

- Reglubundnu eftirliti með starfsemi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um matvæli nr. 93/1998 og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum skv. þeim.
- Skráningum og skýrslugerð, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Öðrum verkefnum samkvæmt gildandi starfslýsingu fyrir heilbrigðisfulltrúa og samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Samstarfi og samvinnu milli deilda Heilbrigðiseftirlits og vöktunar.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, eða sambærileg menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagningu í starfi
- Réttindi til að mega starfa sem heilbrigðisfulltrúi æskileg.

Launakjör fara að kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, Arnfinnur U. Jónsson starfsmannastjóri, hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10-12, frá kl. 9-16 í síma 411 8500.

Umsóknir skulu berast til Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en **17. mars nk.** merktar "Heilbrigðisfulltrúi - Heilbrigðiseftirlit og vöktun".

Við ráðningar í störf vilja borgaryfirvöld stuðla að því að þau flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf og hvetja því það kynið sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um. Konur er því hvattar til þess að sækja um starfið.

Reykjavík 29. febrúar 2008.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar

*Helstu verkefni Umhverfis- og samgöngusviðs eru: heilbrigðis og mengunarvarnaeftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótun og þróunarverkefni á sviði umhverfis og samgöngumála.*

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar er eitt af fagsviðum Reykjavíkurborgar og samanstendur af skrifstofum Samgöngumála, Neyslu og úrgang og Náttúru og útivistar, auk Staðardagskrá 21 og Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, sem fyrir utan Hundæftirlit skiptist í þrjár deildir: Hollustuhætti, Mengunarvarnir og Matvælaeftirlit

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar er eitt af sjö fagsviðum Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni Umhverfissviðs eru: heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótun og þróunarverkefni á sviði umhverfis- og samgöngumála. Sjá nánar [www.umhverfissvid.is](http://www.umhverfissvid.is)

## Garðyrkjufólk vantar!

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða garðyrkjumenn eða fólk vant garðyrkjustörfum til starfa á verkæktistöðvar garðyrkjunnar.

Bæli er óskað eftir fólki til stjómunarstarfa og til almenna garðyrkjustarfa. Vöðumandi þarf að hafa stjómunarhæfileika, vna samvinnuátt, eiga gott með mannleg samskipti og góða almenna þekkingu á lílu er líta að viðhaldi skráðgerða og údvistarverða og hafa bílpróf.

Krafir er náms há Garðyrkjuskóla náms eða sambærilegar menntun til erlendrar garðyrkjukölu eða reynslu af garðyrkjustörfum.

Ef þú ert samvinnuátt, ábyrgur, stundh, með frumkvæði og skipulagshæfileika, og hefur áhuga á að kynna þér málið nánar, haltu þú samband fyrir 19. mars.

## Upplýsingar um störfín veita:

- Guðnjó A. Ólygisdóttir yfirvaktstjóri - Verkæktistöð 1 í síma 696 2320
- Gunnstein Ólgeirsson yfirvaktstjóri - Verkæktistöð 2 í síma 693 2313
- Axel Knússon yfirvaktstjóri - Verkæktistöð 3 í síma 693 2320

Verkæktistöð 1: sér um sveði erast tilhalla að undanskildum Laugardal  
Verkæktistöð 2: sér um sveði austan Reykjanesbrautar  
Verkæktistöð 3: sér um Laugardal og nærliggjandi sveði

Umsóknir skal skila fyrir 19. mars til starfsmannastjóra Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar Borgartúni 10-12 merkt „garðyrkja“.

Helstu verkefni Umhverfis- og samgöngusviðs eru: heilbrigðis og mengunarvarnaeftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótun og þróunarverkefni á sviði umhverfis og samgöngumála.



SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA EHF

## Kynningarfulltrúi

Sölufélag garðyrkjumanna ehf. óska eftir að ráða vanan kynningarfulltrúa til að kynna vörur í matvöruverslunum.

**Starfs og ábyrgðarsvið:**

- Kynningar á íslensku grænmeti og vörum dótturfélags SFG
- Allt utanumhald vegna kynninga
- Samskipti við starfsfólk verslana á meðan kynningu stendur

**Hæfniskröfur:**

- Fagleg, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Menntun, þekking og reynsla sem nýtist vel í starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska áskilin
- Bílpróf

Starf þetta er mjög fjölbreytt og áhugavert, hentar vel einstakling sem vill vinna sveigjanlegan vinnutíma, hefur mikinn metnað og vilja til að gera vel.

Góð laun í boði fyrir réttan einstakling.

Við viljum benta á vefsíður fyrirtækana [www.islenskt.is](http://www.islenskt.is) og [www.ostahusid.is](http://www.ostahusid.is)

Umsóknarfrestur rennur út 9. mars 2008

Upplýsingar veitir Kristín Linda í síma 822-1122  
Umsókn skal skila á netfangið [kristin@sfg.is](mailto:kristin@sfg.is) eða í pósti til Sölufélags garðyrkjumanna ehf., Brúarvogi 2, 104 Reykjavík. Merkt umsókn - kynningarfulltrúi



Icelandair Technical Services annast viðhald flugvéla Icelandair og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri. Við höfum hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá okkur starfa 260 starfsmenn sem eru lykillinn að velgengni okkar.

Icelandair Technical Services býður upp á krefjandi verkefni hérlandis sem erlendis.

STARFSMAÐUR VIÐ  
SKJÖLUN TÆKNIGAGNA

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli óskar eftir einstaklingi til starfa við skjölun tæknigagna (Technical Records). Starfið felur í sér almenna skjölunarvinnu viðhaldsgagna flugvéla og önnur tilfallandi verkefni.

UMSÆKJENDUR SKULU UPPFYLLA EFTIRFARANDI  
MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Polinmæði og návæmni
- Frumkvæði, sjálfsagi og hæfileiki til að vinna sjálfstætt
- Rík þjónustulund

SÉRFRÆÐINGUR VIÐ  
SKJÖLUN TÆKNIGAGNA

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli óskar eftir einstaklingi til starfa sem sérfræðingur við skjölun tæknigagna (Technical Records). Viðkomandi einstaklingur þarf að tileinka sér þekkingu á rafrænni skjölun svo og kerfum flugvéla. Einnig er stór hluti starfsins miðlun upplýsinga til viðskiptavina og annarra deilda innan fyrirtækisins.

UMSÆKJENDUR SKULU UPPFYLLA EFTIRFARANDI  
MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf æskilegt
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Polinmæði og nákvæmni
- Frumkvæði, sjálfsagi og hæfileiki
- Rík þjónustulund

## UMSÓKNIR BERIST EIGI SÍÐAR EN 10. MARS TIL:

HAFLIDA JÓNS SIGURDSSONAR | HAFLIDI@ITS.IS | SÍMI: 840 7091  
EIGI SÍÐAR EN 10. MARS.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

ICELANDAIR  
TECHNICAL SERVICES







Primera Travel Group er eignarhaldsfélag, hið þriðja stærsta í ferðaskrifstofustarfsemi á Norðurlöndum, með rekstur á Íslandi, í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi, Eistlandi og Írlandi. Félagið óskar eftir að ráða starfsmann í eftirfarandi starf:

### Forstöðumaður hagdeildar - Primera Travel Group

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Samstæðuuppgjör félagsins
- Innleiðing samstæðuuppgjörskerfis
- Samræming reikningsskila dótturfélaga og samstæðu
- Innleiðing IFRS ásamt endurskoðanda félagsins
- Millifélagsverðlagning (Transfer Pricing) og innri viðskipti félaga samstæðunnar
- Ráðgjöf og aðstoð til fjármálastjóra dótturfélaga
- Skýrslugerð og greiningar á rekstri dótturfélaga
- Fylgjast með innra eftirliti dótturfélaga og stjórnunarháttum innan einstakra dótturfyrirtækja
- Rannsaka tiltekin viðfangsefni, verkefni eða verklag og koma með ábendingar og ráðgjöf um umbætur og innleiðingu þeirra
- Vinna við fjárhagsáætlanagerð
- Samskipti við endurskoðendur

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- Löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntun á sviði viðskiptafræði með áherslu á fjármál, endurskoðun eða reikningsskil
- Starfsreynsla með áherslu á bókhald, samstæðureikningsskil og áætlanagerð skilyrði
- Starfsreynsla af endurskoðunarskrifstofu æskileg
- Góð þekking á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Primera Travel Group.



Í starfsferilskrá verður að koma fram fyrri reynsla og menntun.

Umsóknarfrestur er til 9. mars.

Vinsamlegast senda umsóknir merktar „Forstöðumaður hagdeildar“ til

Primera Travel Group  
Skógarhlíð 18  
105 Reykjavík  
eða með tölvupósti á [info@primeragroup.com](mailto:info@primeragroup.com)

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



### 75% staða daggæsluráðgjafa á Skóladeild Akureyrar

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi háskólamenntun á uppeldis- eða kennsluviði og góða tölvukunnáttu. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi góða skipulags-hæfileika, geti starfað sjálfstætt, sýnt frumkvæði og hafi gott vald á mannlegum samskiptum.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Allar frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Gíslason fræðslustjóri í síma 460 1456 eða 892 1453 og Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi í síma 460 1453.

Upplýsingar um kaup og kjör veitir Starfsmannabjónusta Akureyrarbæjar í síma 460-1000. Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf](http://www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf)

Umsóknarfrestur er til 10. mars 2008.

## VÉLSTJÓRAR, VÉLVIRKJAR, BIFVÉLAVIRKJAR, RAFVIRKJAR OG AÐRIR SNILLINGAR

Okkur vantar fjölbæfan sóknarmann í liðið okkar til að veita ört stækkandi hópi viðskiptavina okkar frábæra viðgerðabjónustu.



Reynsla af allskonar viðgerðum er æskileg, bíla-, tækja-, véla- og þessháttar, ásamt góðum skömmtum af skynsemi, áráðni, sjálfstæði, þjónustulund, samskiptahæfileikum og fjöri.

Við erum TMH Iceland ehf, systurfyrirtæki Toyota á Íslandi. Við erum umboðsaðilar Toyota Material Handling sem er stærsta fyrirtæki í heimi á sviði tækja til vörumeðhöndlunar og framleiðir meðal annars Toyota lyftara og BT vöruhúsateki.

Ásamt því að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu leggjum við metnað okkar í góðan aðbúnað starfsfólks. Hér eru góðar græjur til viðgerða og besta aðstaða sem völ er á. Hjá okkur er enn fremur gott fólk sem heldur uppi skemmtilegum starfsanda.

Endilega hringdu, skrifaðu bréf, tölvupóst, eða renndu bara við í Vesturvör 30b í Kópavogi og spurðu eftir verkstæðisformanni eða framkvæmdastjóra. Við hlökkum sannarlega til að taka á móti þér með kaffi og kleinum og brosi á vör.



TMH Iceland ehf - Toyota vörulausnir  
Vesturvör 30B  
200 Kópavogur  
Sí: 563 4500  
starf@tmh.is  
www.tmh.is

**TOYOTA**

MATERIAL HANDLING

## Í fararbroddi til framtíðar Verkefnisstjóri klasasamstarfs fyrirtækja

Klasaverkefni byggjast á samstarfi fyrirtækja á ákveðnum atvinnusvæðum með það að leiðarljósi að efla samkeppnishæfni þeirra og tækifæri til vaxtar.

#### Starfssvið

Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni klasaverkefna um land allt. Starfið felur í sér mikil samskipti við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, fyrirtæki og hagsmunaaðila.

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í samskiptum og rík þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli
- Færni í ensku og einu Norðurlandamáli

Upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Impru, [berglinhd@nmi.is](mailto:berglinhd@nmi.is).

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknum skal skila fyrir 17. mars n.k. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands  
Impra – Frumkvöðlar og sprotar  
Keldnaholti  
112 Reykjavík



Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • [www.nmi.is](http://www.nmi.is)

Láttu okkur mæla með **þér!**

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • [WWW.HAGVANGUR.IS](http://WWW.HAGVANGUR.IS)





# Fasteignablað

16  
bls.

156. Tölublað - 6. árgangur - 2. mars 2008



Allar **RE/MAX** fasteignasölur eru sjálfstætt reknað og í einkaeign

[www.remax.is](http://www.remax.is)  
Einn öflugasti fasteignavefur landsins

16  
söluskrifstofur

**RE/MAX**  
Bær

**RE/MAX**  
Borg

**RE/MAX**  
Búi

**RE/MAX**  
Esja

**RE/MAX**  
Eignastýring

**RE/MAX**  
Fasteignir

**RE/MAX**  
Heimili & Jarðir

**RE/MAX**  
Heimili & Skip

**RE/MAX**  
Lind

**RE/MAX**  
Miðlun

**RE/MAX**  
Mjódd

**RE/MAX**  
Senter

**RE/MAX**  
Stjarnan

**RE/MAX**  
Þing

**RE/MAX**  
Torg

**RE/MAX**  
Skeifan





**Hófgerði 3**  
200 Kópavogur  
Tilvalin eign fyrir hundaeigendur

Stærð: 95,2 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1952  
Brunabótamat: 12.350.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Torg



**Opió Hús**

**Opió hús í dag kl. 15:00 til 15:30** Verð: 33.500.000



Fallegt sérbyli á einni hæð á eftirstöðum stað í Vesturbæ Kópavogs. Afgirtur garður og því tilvalið fyrir hundaeigendur. Komið er inn í forstofu með flisum á gólf. Úr forstofu er gengið inn í hol með parketi og innbyggðu fatahengi. Hjónaherbergi er rúmgott með parketi og góðum skáp. Barnaherbergin eru tvö, annað mjög rúmgott með nýlegu teppi á gólf en hitt með parketi. Baðherbergi er flisalagt með ljósum flisum og glugga. Baðkar með sturtu og góður skápur undir vaski. Eldhúsið er bjart með ljósi innréttingu og borðkrók. Tveir stórir gluggar í eldhúsi setja skemmtilegan svip á rýmið. Flisar á gólf. Stofa er rúmgöð og rúmar auðveldlega borðstofu. Parket á gólf. Úr stofunni er gengið út á mjög skjólsæla og sólríka timburverönd sem snýr í suður. Af verönd er hægt að ganga út í stóran, afgirtan garð með góðum garðskúr. Þvottahús er við hlið forstofu og þaðan er hægt að ganga upp í geysmullott sem liggur yfir öllu húsinu. Skólp endurnýjað árið 2000 og þak yfirfarið 2006. Þetta er sjarmerandi eign í grónu hverfi og tilvalin fyrir dýraeigendur. Stutt í skóla og verslun og aðeins 3 mínútna gangur er í Sundlaug Kópavogs.

Igor Bjarni  
Sölufulltrúi  
847 1431  
igor@remax.is

Katrín Óskarsdóttir  
Sölufulltrúi  
616-6642  
katrin@remax.is

Bergsteinn Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is

**Kelduhvammur 18**  
220 Hafnarfjörður  
Laus fljótlega

Stærð: 113 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1988  
Brunabótamat: 18.500.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Torg



**Opió Hús**

**OPIÓ HÚS í dag kl. 14:00 - 14:30** Verð: 27.400.000

Faldo sá fyrst til Rory þegar hann var á táningaldri og varð hreinlega agndofa yfir því sem fyrir augu bar. Hann hafði það mikla trú á hæfileikum Rory að hann lét hann fá símanúmerið sitt, með þeim skilaboðum að hann mætti hringja í sig hvenær sem er. „Ég hringdi nokkrum sinnum í hann þegar ég var að glíma við einhver vandamál og hann hjálpaði mér mikið. Hann sendir mér ennþá alltaf SMS-skilaboð eftir mót þar sem hann óskar mér til hamingju með góðan árangur.“

Og í dag hefur dæmið snúist við – Faldo er orðinn helsti aðdái Rory. „Það er einstakt hvað hann nær að láta golf líta út fyrir að vera einfalda íþrótt. Hann spilar af fádæma öryggi og allt sem hann gerir virðist vera svo áreynslulaust. Og þrátt fyrir að vera svona ungur hræðist hann ekki neitt. Það gerir hann einstakan,“ segir Faldo.

Heimild: GolfWorld og fl.

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**

...ég sá það á visir.is



## GETUR ORÐIÐ ÓTRÚLEGA GÓÐUR

Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson spilar líkt og Rory McIlroy á evrópsku mótariðinni en hefur þó ekki orðið þess heiðurs aðnjótandi að spila með honum. „En ég hef fylgst svolítið með honum á æfingasvæðinu og það er alveg ljóst að hann er gríðarlega efnilegur. Tæknilega er hann eiginlega fullmótaður, sem er ótrúlegt miðað við að hann er 18 ára gamall.“

Birgir Leifur segir allt þurfa að ganga upp hjá Rory ætli hann sér að standa jafnfætis Tiger Woods í nánustu framtíð. „Ég held að það sé alveg möguleiki að hann komist á stall með Tiger, en það

mun ráðast á þessum fyrstu þremur árum hans sem atvinnumaður. Það verður allt að ganga upp hjá honum því það mun rífa upp sjálfstraust hans og hafa gríðarleg áhrif á andlega þáttinn,“ útskýrir Birgir Leifur og ítrekar að það sé einmitt þessi andlegi þáttur sem geri Tiger einstakan. „Það verður fróðlegt að sjá hvernig Rory tekst á við alla athyglina sem hann mun fá í ár,“ bætir hann við.

Birgir Leifur segir Rory hafa persónuleikann til að ná mjög langt. „Mér sýnist hann vera indælis strákur og með báða fætur á jörðinni. Eins og allir aðrir kylfingar getur hann bætt sig endalaust andlega og líkamlega og ef hann gerir það verður hann ótrúlega góður. Ég vona allavega innilega að hann nái langt og stríði Tiger.“

Birgir Leifur Hafþórsson hefur mikla trú á Rory.







Njóttu þess að vera úti...

...hvernig sem viðrar!

**ZO·ON**  
I C E L A N D

Útivistarfatnaður sem fæst í öllum helstu verslunum á landinu

[www.zo-on.com](http://www.zo-on.com)





Adidas Powerswerve TRX FG  
Fullorðins 39 – 47 kr. 24.990.-  
Barnastærð. 36 – 38,5 kr. 16.990.-



Adidas adiPURE FG  
Fullorðins 39 – 47 kr. 16.990.-



Adidas adICORE  
Fullorðins 39 – 47 kr. 10.990.-



Adidas TelstarTRX FG  
Fullorðins 39 – 47 kr. 8.990.-  
Takkaskór og gerfigrasskór



Adidas Questra TRX FG & TF  
Barnastærð. 28 – 38,5  
kr. 4.490.-  
Litur hvítur eða svartur  
Takkaskór eða gerfigrass



Adidas Torra H&L  
Barnastærð. 28 – 34  
kr. 3.990.-

Franskur lás fyrir yngstu börnin



EM boltinn 2008  
Frá kr. 2.490.-

Jói útherji  
KNATTSPYRNUVERSLUN

Ármúla 36  
s. 588 1560  
www.joiutherji.is

# LOKASVARIÐ

## » GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

**Þú sjálfur í fjórum orðum:** Samviskusamur, skapmikill, heiðarlegur, kröfuharður.

**Veikleiki** Ég á það til að gera of miklar kröfur til mín og annarra.

**Styrkleiki** Samviskusemi.

**Ef þú mættir velja þér einn ofurkraft, hver yrði hann?** Þá myndi ég standa vörð um íslenska náttúru og varna því að henni sé fórnað fyrir endalausar álbræðslur og virkjanir.

**Ef þú værir síamstvíburi, hvern vildirðu helst hafa fastan við þig?** Fjólu konuna mína. Hún er besti vinur minn, bráðskemmtileg og falleg.

**Hvað var það fyrsta sem kom upp í hugann þegar HSÍ hafði samband og bað þig um að taka við landsliðinu?** „Bíddu, leyfðu mér að hugsa.“

**Ert þú hæfasti maðurinn í starfið?** Kannski.

**Er landsliðshópurinn sem fór á EM í Noregi sá sami og þú hefðir valið?** Já.

**Af hverju framleiðir Ísland ekki markmenn á heimsmælikvarða?** Það Vantar meiri meðvitund um mikilvægi þess innan hreyfingarinnar.

**Hefurðu komið til Peking?** Nei.

**Hversu mikið langar þig á ÓL?** Mjög mikið.

**Muntu reyna að plata Óla Stef til að halda áfram með landsliðinu eftir ÓL?** Já.

**Er íslenska landsliðið nógu gott til að vera að berjast um verðlaunasæti á stórmóti?** Stundum.

**Er íslenska landsliðið í handbolta að dragast aftur úr í alþjóðlegum handbolta?** Nei.

**Ef þú mættir veita einum handboltamanni íslenskan ríkisborgararétt, hvern myndirðu velja?** Thierry Omeyer.

**Værirðu til í að fá Hlyn Bæringsson í vörn íslenska liðsins?** Hef bara ekki séð hann og veit ekkert um hann annað en að hann spilar körfubolta.

**Besta félagsliðið:** Ciudad Real.

**Besta landsliðið:** Frakkland.

**Af hverju urðu Danir Evrópumeistarar?** Búnir að Byggja markvisst upp landslið í a.m.k 6 ár. Eiga stóran hóp frá- bærna leikmanna.

**Ertu hjátrúarfullur?** Já, mér líður til dæmis ekki vel ef köttur hleypur þvert yfir veginn þegar ég er á leið minni í bílnum. Hef staðið sjálfan mig að því að snúa við og fara aðra leið að áfangastaðnum sem ég ætlaði til.

**Muntu einhvern tímann vera í einhverju öðru en gallabuxum á hliðarlínunni?** Já, ef ég verð neyddur til þess.

**Kaupþing, Landsbankinn eða Glitnir?** Að sjálfsögðu Kaupþing.

**Þú starfar hjá Kaupþingi, hefurðu farið í einkapotu?** Nei.

**Af hverju eru svona margir fyrrverandi landsliðsmenn í handbolta að starfa í fjármálum?** Þetta eru skynsamir menn og duglegir.

**Besta ráðið?** Þegar tækifærið kemur er of seint að undirbúa sig.

**Hvað gerirðu í frístundum?** Ferðast og stunda stangaveiði með flugu.

**Ef þú værir ekki bankastarfs- maður eða landsliðsþjálfari... ..þá væri ég geimfari.**

**Eftir fimm ár verð ég... .. bankastarfs- maður.**

**Númer hvað verður páskaeggjð þitt í ár?** Nr. 4.



## AF HVERJU HELD ÉG MEÐ



**PRÓTTI** Þegar ég var 10 ára gamall flutti ég í Álþeima 52 og hóf að æfa fótbolta með Þrótti. Þar var ég hluti af frábærum hópi, okkur gekk yfirleitt vel upp í 2. flokk og urðum meðal annars Íslandsmeistarar. Þetta eru mótunarárin á lífsleiðinni og með velgengni og félags- skapnum tengdist ég félaginu miklum tilfinningaböndum. Þegar tónlistin fór að hafa meira vægi hjá mér datt ég svolítið út úr boltanum en það var síðan fyrir um áratug sem ég heyrði utan af mér hvað það væri gaman að mæta á völlinn hjá Þrótti. Ég ákvað að skella mér og féll algjörlega fyrir félagsskapnum sem flestir þekkja sem Köttarana. Eftir það varð ekki aftur snúið og ég verð bara „verri“ með árunum. Síðasta sumar keyrði ég um allt land til að sjá Þróttarana spila. Ég tek það fram að ég bý í Vesturbænum en ég á svo góðar minningar frá Þrótti að ég gæti einfaldlega ekki haldið með neinu öðru liði.



**LEEDS** Flestir af minni kynslóð aðhylltust ýmist Liverpool, Arsenal, Leeds eða Man. Utd vegna þess að þetta voru bestu liðin á milli 1967-1970. Einhverra hluta vegna datt ég niður á Leeds, þá líklega um 5-6 ára gamall. Kannski var það bara hann Óli Garðars, lögfræðingur og umboðsmaður knattspyrnu- manna, sem kom mér á bragðið. Hann bjó á Seltjarnarnesinu þegar ég var að byrja að æfa fótbolta. Ég var mikill Leedsari framan af en eftir því sem fótboltinn hefur farið að snúast meira og meira um peninga hefur áhuginn dvínað mikið. Þegar Cantona og restin af liðinu var seld til Man. Utd á sínum tíma datt botninn endanlega úr þessu hjá mér og í dag fylgist ég fyrst og fremst með þeim liðum sem Íslendingarnir eru að spila með hverju sinni. Ég hef þó alltaf annað augað á Leeds og þeir hafa staðið sig rosalega vel í 2. deildinni. En þetta er sama ruglið og áður, enda nýbúið að kaupa stjórnann Denis Wise burt frá félaginu. Þessi fótboltaheimur er mjög sérstakur, svo ekki sé meira sagt.



Jón Ólafsson, tónlistarmaður



# BÍLABYLTING

Lægra verð - Minni eyðsla - Betri bílar  
ALLT AÐ 30% UNDIR MARKAÐSVERÐI

Sýnishorn úr bílaleit á  
islandus.com:

## PALLBÍLAR



4x4 - 4 Dyr - Nýjir/Nýlegir:  
2007/2008 Ford CREW F150 frá Kr. 2.490.000  
2007/2008 Ford F350 DIESEL frá Kr. 3.490.000  
2007/2008 Dodge RAM 1500 frá Kr. 2.300.000  
2007/2008 Dodge RAM DIESEL frá Kr. 3.490.000  
2007/2008 Toyota Tacoma frá Kr. 2.890.000  
2007/2008 Toyota Tundra frá Kr. 2.990.000

## JEPPAR



2007/2008 Ford Explorer frá Kr. 2.650.000  
2007/2008 Dodge Durango frá Kr. 2.650.000  
2007/2008 Jeep Grand Cherokee frá Kr. 2.590.000  
2007/2008 Toyota Highlander frá Kr. 2.900.000  
2007/2008 Landrover LR3 Discovery frá Kr. 5.490.000  
2007/2008 Benz ML350 frá Kr. 5.250.000  
2007/2008 Audi Q7 frá Kr. 5.600.000  
2007/2008 Range Rover frá Kr. 6.900.000

## FÓLKSBIÐLAR



2007/2008 Dodge Caravan frá Kr. 1.990.000  
2007/2008 Dodge Caliber frá Kr. 1.790.000  
2007/2008 Ford Mustang frá Kr. 2.300.000  
2007/2008 Toyota Camry frá Kr. 2.550.000  
2007/2008 Volvo S40 2.4i frá Kr. 2.600.000  
2007/2008 Audi A4 frá Kr. 3.200.000  
2007/2008 BMW 328i frá Kr. 4.190.000  
2007/2008 Benz C230 frá Kr. 3.600.000

ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM BÍLUM!  
ÞÚ AUGLÝSIR GAMLA BÍLINN FRÍTT!

## Toyota Highlander HYBRID REYNSLUAKSTUR



TOYOTA Camry - 5,8/100km - 187hö!  
Highlander 4x4 - 7,5/100km - 280hö!

Islandus.com kynnir í Hagkaup Smáralind Toyota  
Highlander og Toyota Camry með nýrri  
umhverfisvænni HYBRID tækni sem gefur meiri kraft  
og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

HYBRID bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun HYBRID tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón HYBRID bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænni tækni og stöðugt fjölga nýjum Toyota HYBRID bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius HYBRID og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

BÍLARNIR ERU TIL SÝNIS  
Í HAGKAUP SMÁRALIND

Nú getur  
þú prufað  
HYBRID  
með einu  
símtali!

Hringdu í  
552 2000  
og bíllinn  
kemur



„Þjónustan til fyrirmyndar í einu  
og öllu og bíllinn alveg draumur“  
Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri

»  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000











Opið hús



Opið hús

### Unnarbraut - Seltjarnarnesi

212.7 fm 3ja hæða parhús. Efri hæð: Forstofa, 2 baðh., 2 saml. stofur, 3 svefnh. og sjónvarpshol. Í kjallara: Forstofa, 2 svefnh., bað, þvottah., eldhús og stofa. **Verð 63 millj.**

**Opið hús í dag kl 14.00-14.30**

### Framnesvegur 36 - Einbýli

Fallegt 161,3 fm þrilyft einbýli í vesturbænum. **Ris:** Herb., bað, hol og geymsla **Miðhæð:** Anddyri, svefnh., 2 saml. stofur og eldhús **Kjallari:** 2 svefnh., bað, anddyri, hol, geymsla, þv.hús, sjónv.hol. Notarlegt eldra hús sem er vel við haldið.

**Opið hús í dag kl. 13.00-13.45**

#### Seltjarnarnes

Erum með kaupendur að eignum á Seltjarnarnesi

#### 108 Reykjavík

Erum með kaupanda að raðhúsi í Fossvogsdal (Löndunum).

#### 110, 112, 201 eða 203

erum með kaupanda að raðhúsi á einni hæð með stórum bílskúr.

#### 107 Reykjavík

Erum með kaupanda að 3ja herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur



Opið hús

#### Strandvegur 13 - Garðabær

Um er að ræða fallega 4ra herbergja íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi með staði í bílageymslu. Mikið og gott útsýni er úr íbúðinni. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 43,2 millj.**

**Opið hús í dag kl.15.00-15.30**



#### Álfhólsvegur - Útsýni

181 fm einbýlishús nýlega standsett með möguleika á 2ja herb. íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist aðalhlæð með forstofu, samliggjandi borðstofu og stofu, svefnherbergi og eldhús, efri hæð með hjónaherbergi, barnaherbergi sjónvarpsskrók, leiksvæði og baðherbergi.



#### Hofteigur - stutt frá Laugardal

137,7 fm íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, baðherbergi og 3 góð herbergi. Þvottahús og geymsla eru í sameign.

**Verð 29.9 millj.**



#### Laugavegur 85 - Lúxus

3ja herb. íbúðir í nýju, 6 íbúða húsi. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og innr. Íbúðirnar eru frá 86,6 fm til 100,8 fm. Mikil lofthæð er í íbúðunum. Lyfta í húsinu. Þakíbúðirnar eru með 2 svölum og útsýni. **Verð frá 43 til 45 millj.**



Opið hús

#### Tröllakór 14 - 3ja herb.

108 fm 3ja herb. í búð á 2. hæð í 4. hæð lyftuhúsi. Íbúðin er með 2 rúmng. svefnh Stórrí stofu með góðum suðursvölum. Inn ang. í bílag. Öll eldhús tæki fylgja með. **Verð 26.2 millj.**

**Opið hús í dag kl. 17.00-17.30**



Opið hús

#### Kóngsbakki 10 - 4ra herb.

101.4 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, hjónah., 2. barnaherbergi, bað og þvottah. Íbúðin er upprunaleg og snyrtileg. Sér geymsla í kjallara. **Verð 21.9 millj.**

**Opið hús í dag kl. 15.00-15.30**



#### Skógarhjalli - Kópavogur

Glæsilegt 284,2 fm einbýli á 2 hæðum, þar af 32 fm bílskúr. Sér 2ja herb. íbúð á jarðhæð. Á efri hæð er forst., forst.herb., eitt svefnh., baðh., stofu og eldhús. Á neðri hæð er sjónv.hol, 2 svefnherb., baðherbergi, saunaklefa og þvottahús. **Verð 68 millj.**



Opið hús

#### Porláksgesli 5 - Gott áhvílandi lán

Falleg og stór 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu lyftuhúsi. Bílageymsla. Gott lán sem hægt er að yfirtaka á þessari íbúð. Laus við kaupsamning.

**Verð 34.9 millj.**

**Opið hús í dag kl. 16.00-16.30**



#### Lauganesvegur - endurnýjuð

3ja herbergja 83,2m² íbúð sem skiptist í forstofu, bað, 2 svefnherbergi, eldhús, stofu og 7 fm geymsla. Eldhús er með sérsmiðaðri hvítri sprautul. innr., nýlegum tækjum og gufugleypi úr burstuðu stáli. Gler, raflagnir, dósir og tenglar er nýtt. **Verð 26.6 millj.**



Opið hús

#### Engihjalli 11 - 1. hæð

84 fm 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni. **Verð 20,4 millj.**

**Opið hús í dag kl.16.00-16.30**



#### Eskihlíð - 2 herb.

Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, eldhús og bað. Geymsla er á hæð. Parket á gólfi nema baðið er flísalagt. Fallegir gluggar í allri íbúðinni. Þvottahús er í kjallara. **Verð 15,5 millj.**



Opið hús

#### Auðbrekka 36 - hæð

100 m² 3ja herbergja miðhæð í þrilyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og geymslu (5,2m²) á jarðhæð. Eldhús nýlega uppgert.

**Verð 22.5 millj.**

**Opið hús í dag kl. 14.00-14.30**



Opið hús

#### Gullengi 6 - 4ra herb.

Ný fullbúin 132 fm íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Eignin skiptist í 4 svefnh., stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Sameiginlegur garður með leiktækjum. Sér inngangur af svölum. **Hagstætt 20 millj. lán getur fylgt. Verð 33.9 millj.**

**Opið hús í dag kl. 14.00-14.30**



Opið hús

#### Laugavegur 40 - 3ja herb

101,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. 65 fm svalagarður til suðurs með heitum potti. Íbúðin skiptist í forstofu, bað, eldhús og tvö svefnh. Eignin er öll nýl. endurn. að sögn eiganda þ.e.a.s. raflagnir, þak og ofnalagnir. Sameignin falleg.

**Opið hús í dag kl.15.00-15.30.**



#### Trönuhraun - Hafnarfirði

Ný uppgerð og innréttuð 2ja herbergja ósamykk íbúð á tveimur hæðum. Í gólfum er parket og flisar. Þetta er tilval inn fjárfestingarkostur fyrir leigusala Áhvílandi 9.5 milljónir. 3 íbúðir eftir í húsinu. **Verð frá 12.6 millj.**



#### Kaplaskjólsvogur-Vesturbær

Ný innréttuð 107.2 fm, 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð á þessum vinsæla stað í vesturbænum. Íbúðin skiptist í þrjú svefnh., stofu, eldhús og bað. **Verð 32 millj.**




Opið hús

#### Háteigsvegur 50 - sérhæð

154.5 fm sérhæð við Háteigsveg. Eignin skiptist í forst, hol, 2 saml.stofur, 3 svefn, bað og eldhús, þvottah. og geymslu á jarðhæð, 32 fm bílskúr með frístundah. Stór garður.

**Opið hús í dag kl.15.00-15.30**




Opið hús

#### Ásakór 1 - 4. herb.

171,1m íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forst, sjónvarpshol, 3 svefnh., þvottahús, eldhús, stofu og bað. Innr. úr Eik. Náttúrusteinn og hvíttaðir eikarplankar á gólfi. **Verð 42.7 millj.**

**Opið hús í dag kl.16.00-16.30**




Opið hús

#### Hjallabraut 9 - 4ra herb.

108,1 fm² á 3. hæð við Hjallabraut, Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og hjónaherbergi. **Verð 22.5 millj.**

**Opið hús í dag kl. 17.00-17.30**



Opið hús

#### Herjólfsgata 40 - Laus strax

96 fm risíbúð fyrir 60 ára og eldri. Got sjávarútsýni. Stofa, eldhús, svefnherbergi, milliloft og baðherbergi. Staði bílageymslu. Íbúð er laus og til afhendingar við kaupsamning. **Verð 32.9 millj.**

**Opið hús í dag kl. 16.00-16.30**





# Lordi er ekkert grín

Dr. Gunnir hitti **Hr. Lordi**, Finnann hryllilega sem færði Finnum langþráð Eurovision-gull árið 2006 ásamt hinum skrímslunum í hljómsveitinni Lordi. Þeir ræddu hryllingsmyndina sem Lordi er á landinu til að kynna, feluleikinn og Eurovision – hvað annað?

**H**r. Lordi sjálfur situr á móti mér á hótélbar á Hlemmi. Hann er ekki með skrímslagrímuna og því er ég í raun að tala við Tomi Petteri Putaansuu, 34 ára Finna, sem er auðsýnilega þungarokksaðáandi. Hann er í Alice Cooper-ból, í UFO-vesti og í Kiss-leðurjakka. Tomi er kubblega vaxinn, minni en ég átti von á, með sítt svart skegg og hár sem farið er að grána, með kennaraleg gleraugu á nefinu, smáfríður í andliti og eilítið Mongólalegur. Ég lýsi honum svona vel því það er stranglega bannað að taka af honum myndir án grímunnar.

Tilfni Íslandsheimsóknarinnar er að í gær var hryllingsmyndin Dark Floors frumsýnd í Reykjavík. Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson eru meðframleiðendur myndarinnar, en Pete Riski leikstýrir. Hann hefur gert öll myndböndin með Lordi. Handritið skrifaði Hr. Lordi og hann og aðrir liðsmenn sveitarinnar leika vondu skrímslin í myndinni.

„Ég hef alltaf verið aðdáandi hryllingsmynda og hryllings í öllum tegundum listgreina,“ segir Tomi og ég trúir honum vel. „Strax þriggja eða fjögurra ára var ég orðinn hryllingsfíkill og ég held ég fli aðallega fantasíuna á bakvið hryllingspersónurnar. Samt er ET uppáhaldsmyndin mín. Við höfum lent í smá veseni með að kynna myndina í Finnlandi því þar eru margir sem aldrei hafa séð hryllingsmynd, eða halda að allar hryllingsmyndir séu svokallaðar splatter-myndir. Þetta er alls engin splatter-mynd. Ég myndi segja að myndin sé hryllings-fantasía, mjög drungaleg og með sálfræðilegu ívafi.“

Er myndin fyndin?

„Nei, alls ekki! Það er akkúrat ekkert fyndið í henni!“

En þið leikið samt í henni?

„Já, við í hljómsveitinni leikum skrímslin.“

Og myndin er samt ekkert fyndin?

„Nei nei, Lordi hefur aldrei verið eitthvert grín. Það sem við gerum hefur ekkert með húmor að gera. Það er reyndar áhorfandans að ákveða hvað sé grín og hvað ekki, en hvað okkur viðkemur þá höfum við alltaf verið í þessu af fullri og djúpri alvöru.“

En af hverju vill Lordi drepa alla í myndinni?

„Við viljum reyndar ekki drepa alveg alla. Þú verður bara að sjá myndina. Það er margt sem kemur á óvart í henni.“

## Enginn jafn hissa og við

Öllum að óvörum vann Lordi Eurovision-keppnina árið 2006. Þar með var áratugalangri ógæfu Finna í keppninni aflétt.

„Okkur var boðið að taka þátt í forkeppninni og við vorum alveg örugg um að við ættum enga möguleika á móti finnsku þjóðlagapoppurinum og sætu syngjandi stelpunum. Við litum bara á þetta sem ókeypis kynningu á nýjustu plötunni okkar sem við vorum að gefa út um þetta leyti. Enginn var jafn hissa á sigrinum og við, hvað þá þegar við unnum sjálfa keppnina í Aþenu.“

Hvað hefur svo sigurinn gert fyrir bandið?

„Að vinna Eurovision er tvíeggjað sverð. Það opnaði nýja glugga og gerði alls konar hluti mögulega, eins og til dæmis kvikmyndina, en á sama tíma héldu margir sem vissu ekki að við höfðum verið til síðan 1996, að við værum bara eitthvert nýtt band sem hefði verið stofnað til þess eins að taka þátt í Eurovision. Þegar við unnum í Finnlandi varð þjóðin alveg brjáluð. Margir sögðust skammast sín fyrir okkur, við vorum sögð satanistar og ég veit ekki hvað og hvað. Margir hótuðu meira að segja að flytja til Svíþjóðar ef við yrðum



HERRA LORDI ER EKKI LEIKSKÓLAKENNARI Tomi Petteri Putaansuu með latex fyrir allan peninginn.

send til Aþenu. Þegar við unnum urðum við þjóðhetjur á augabragði og allir sögðust elska okkur. Þegar við komum til baka sagði ég á fyrsta blaðamannafundinum að þeir sem ætluðu að flytja til Svíþjóðar ættu að drífa sig strax. Lordi gæti meira að segja komið og hjálpað þeim að pakka! Enginn gaf sig fram.“

Fenguð þið peningaverðlaun?

„Nei, ekki krónu! Það eina sem maður fær fyrir að vinna Eurovision er bara þetta, maður vann Eurovision. Svo er það undir þér sjálfum komið hvað gerist næst.“

Eftir að þið unnuð hafið þið væntanlega þurft að passa betur upp á að ykkar rétta andlit sæist ekki?

„Jú, en það hefur reyndar verið þannig frá fyrsta degi, en bara fyrir miklu minni hóp þungarokksaðáenda í Evrópu. Strax eftir sigurinn komust meginstraums-fjölmöðlarnir á blóðbragðið, meðal annars ruslblöðin í Bretlandi og Þýskalandi. Við þurftum að passa okkur aðeins betur.“

Náðu einhverjir myndum af ykkur grímulausum?

„Ef allar þessar myndir sem hafa birst af okkur grímulausum ættu við rök að styðjast væru sautján manns í Lordi. Það hafa birst myndir af meðlimum í öðrum finnskum þungarokksböndum, en bara ein mynd af mér grímulausum. Það er tíu ára gömul mynd af mér þegar ég var miklu grennri. Ég var ber að ofan að sýna á mér Kiss-tattúin fyrir kynningu á aðdáendaklúbbi Kiss – Kiss Army.“

## Líður öðruvísi í búningnum

Herra Lordi segir lítið hafa breyst í rútínunni hjá bandinu fyrir utan að allt er orðið stærra og meira um sig. Miklu fleiri þekkja bandið og börn fá nú leyfi hjá foreldrum sínum til að hlusta á þá. Allt út af Eurovision.

„Sem smápatti horfði ég á keppnina með foreldrum mínum og hélt með Finnlandi og það var sorg ár eftir ár. En þetta er nú bara sjónvarpsþáttur, ein stór hommasýning. Þetta á að vera gaman og líf og fjör.“

Þú hlýtur að hafa verið í heiðursstætinu í síðustu keppni í Helsinki?

„Jú jú, en eftir að opunaratriðið okkar var búið flýtt ég mér heim í sturtu og horfði svo bara einn á restina af þessu. Konan var úti að skemmta sér.“

Hvað ertu lengi að fara í gervið?

„Þrjá, fjóra tíma. Andlitið er mesta málið. Bara það tekur um þrjá tíma. Ég sé sjálfur um að fara í búninginn og meika mig, en ég næ ekki alveg utan um allt svo ég



PASSIÐ YKKUR! HERRA LORDI ER MÆTTUR! Úr súrrealísku hryllingsfantasíunni Dark Floors.

þarf aðstoð á síðustu metrunum. Konan mín fer oft með á túra til að hjálpa okkur að skipta um gervi.“

Fylgja því andlegar breytingar að skipta svona um útlit?

„Vissulega. Mér líður náttúrulega allt öðruvísi þegar ég er orðinn Hr. Lordi, en það er aðallega vegna viðbragða annarra. Ef þú sérð mig í búningnum munt þú bregðast allt öðru vísi við mér heldur en núna þegar ég er bara Tomi. Og þegar þú bregst öðruvísi við þá bregst ég líka öðruvísi við þér. Ég er miklu hærri og stærra um mig í gervinu, ég fíla mig allan völdugri. Helsta breytingin hjá fólki er að það heldur ekki augnsambandi við Hr. Lordi mjög lengi. Margir vilja líka snerta á mér andlitið. Það eru fáir sem vilja snerta á mér andlitið núna!“

## Silvía Nótt var æðisleg

Tomi segir að Lordi komi og spili fyrir Íslendinga um leið og einhver biðji bandið um það. Honum finnst Ísland nokkuð sérstakt og þá sérstaklega trjáleysið. „Strákarnir létu mig smakka eitthvað í gær og sögðu mér ekkert hvað þetta væri. Ég var viss um að þetta væri japanskt Kobe-nautakjöt en þá reyndist þetta vera hrátt hvalkjöt. Það var rosaalega gott.“

Hvaða ráð gefurðu Íslendingum til að vinna Eurovision?

„Ég er nú síðasti maðurinn í heiminum til að gefa ráð varðandi Eurovision! Ég veit ekkert um keppnina. Ég er rokkstjarna, fjandinn hafi það! En ókei, þetta hljómar furðulega þegar ég segi þetta, en ég held að málið sé að maður þarf bara að vera maður sjálfur. Hvernig lag ætlið þið annars að senda núna?“

Svona frekar hefðbundið Eurodiskó.

„Jahá, gangi ykkur vel. Eurodiskó hefur unnið oftar en hryllingsrokk! Annars fannst mér Silvía Nótt algjörlega frábær á sínum tíma. Ég held að fáar aðrar sendinefndir en við í þeirri finnsku hafi í raun skilið hvað hún var að gera. Fólk sem tekur Eurovision of alvarlega náði þessu ekki, en okkur fannst þetta æðislegt. Leikkonan gerði þetta rosaalega vel og ég varð hálf leiður að heyra að hún væri hætt að leika Silvíu. Ég hélt að tárin væru alvöru og allt. Mér fannst líka síðhærði gaurinn sem var í fyrria göður. Það var kúl lag.“

Ein spurning að lokum: Af hverju ættu Íslendingar að sjá Dark Floors?

„Markhópurinn í öllu sem ég geri er bara ein manneskja: Ég sjálfur. Tónlistin, Lordi-teiknimyndabækurnar sem ég hef gert og nú þessi mynd, ég hef gert þetta allt með það eitt í huga að ég sjálfur hafi gaman af því. Það er bara plús ef einhver annar hefur gaman af þessu líka. En myndin já, ef súrrealískar hryllingsfantasíur eru eitthvað sem þú fílar þá ættirðu að drífa þig. Og ef þú fílar ekki svona myndir þá er rétti tíminn til að byrja á því núna.“



Tilnefnd til Viðurkenningar Hagþenkis – eitt af 10 framúrskarandi fræðiritum

„Í bók Ólafs Páls, Náttúra, vald og verðmæti, er lagður grunnur að skynsamlegum umræðum um þá hagsmuni og þau gildi sem tengjast nýtingu lands og náttúruauðlinda. Hér fer saman skýr framsetning, einlægur áhugi á efninu og vilji til að rökræða við lesandann. Þetta rit er holl lesning öllum þeim sem láta sig varða vernd umhverfis og náttúru Íslands.“

Páll Skúlason, Heimspekingur



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is



Ég er nú síðasti maðurinn í heiminum til að gefa ráð varðandi Eurovision! Ég veit ekkert um keppnina. Ég er rokkstjarna, fjandinn hafi það!“





Alvaro Calvi, eigandi herrafataverslunarinnar Calvi, ásamt Brian Neary klæðskera.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Klæðskeri frá Corneliani

Verslunin Calvi við Laugaveg selur hágæða herrafatnað. Nú um helgina er klæðskeriinn Brian Neary frá Corneliani í London staddur í versluninni og tekur mál af íslenskum herramönnum.

Alvaro Calvi opnaði verslunina Calvi á Laugavegi 85 í september síðastliðnum. Alvaro er öllum hnútum kunnugur í herrafatabransanum en hann vann í þrettán ár í herrafataverslun Sævars Karls. Í versluninni Calvi selur hann hágæða merki eins og Corneliani, Armand Basi, Brioni og fleiri og leggur áherslu á fyrsta flokks þjónustu en klæðskeriinn Brian Neary er mjög virtur í sínu fagi um allan heim.

„Það eru alltaf fleiri og fleiri sem vilja fá klæðskerasaumuð föt og ég er með klæðskera meistara hérna á Íslandi sem saumar fyrir mig. Þessi uppákoma um helgina er bara til að auka enn á þjónustuna og bjóða upp á eitthvað skemmtilegt,“ segir Alvaro en fyrirtækið hans var valið úr hópi fjörutíu fyrirtækja um allan heim

sem selja merkið Corneliani, til að fá þessa klæðskeraþjónustu sem er þó nokkur viðurkenning.

„Það er mikil viðurkenning fyrir fyrirtækið og fengur í að fá Brian hingað til landsins. Ég hef alltaf heyrt af honum í öll þau ár sem ég hef verið í þessum bransa en hann er bestur á sínu sviði í heiminum og mjög virtur í faginu. Hann hefur unnið lengi við þetta, eða í 35 ár, og verið yfirklaðskeri hjá Corneliani í mörg ár. Sjálfur er hann líka spennur að koma til Íslands en það eru margir Íslendingar í banka-geiranum í London þar sem hann vinnur og hann hefur saumað þónokkur sett fyrir Íslendinga þar en þetta er hans fyrsta heimsókn hingað til landsins.“

Brian Neary hefur meðal annars sniðið föt á dönsku konungsfjölskylduna og Hollywood-stjörnur á borð við Matt Dillon svo íslenskir karlmenn ættu að verða í góðum höndum hjá honum og um helgina ætla Alvaro svo líka að nota tækifærið og kynna vor- og sumarlinuna frá Corneliani og fleirum.

„Það verður heilmikið um að vera hjá okkur hérna í versluninni og við vonumst til að sem flestir kíki við,“ segir Alvaro að lokum.

heida@frettabladid.is

# AÐALFUNDUR FL GROUP HF.

Aðalfundur FL Group hf. verður haldinn þriðjudaginn 11. mars 2008 í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, Hamraborg 6, Kópavogi og hefst fundurinn kl. 17.00.

### DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og starfsemi á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með tap félagsins á reikningsárinu.
4. Tillaga um starfskjarastefnu.
5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins.
6. Stjórnarkjör.
7. Kjör endurskoðenda.
8. Tillaga um breytingar á samþykktum:
 

Lagt er til að aukin verði heimild stjórnar, skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. samþykkt félagsins, til að hækka hlutfé félagsins þannig að stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 2.500.000.000 kr. án þess að forgangsréttur hluthafa til aukningarhluta verði virkur. Jafnframt er lagt til að a-liður sömu greinar samþykkt félagsins, sem kveður á um heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins til að fjármagna kaup á hlutum í Tryggingamiðstöðinni hf., falli brott og að b- og c-liðir færist ofar samsvarandi og verði a- og b-liðir.
9. Tillaga um kaup á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

**Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.**

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins [www.flgroup.is](http://www.flgroup.is) eða á aðalskrifstofu FL Group hf. frá sama tíma. Hægt verður að fylgjast með aðalfundinum á [www.flgroup.is](http://www.flgroup.is). Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um tillögurnar bréflaga en nánari upplýsingar um framkvæmd bréflugar atkvæðagreiðslu má nálgast á skrifstofu félagsins og vefsíðu, [www.flgroup.is](http://www.flgroup.is).

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent aðalfundardaginn frá kl. 16.00 á fundarstað í Salnum.**

Reykjavík, 29. febrúar 2008,  
stjórn FL Group hf.



# CLIPPER

## HEITUSTU FELLIHÝSIN FRUMSÝND UM HELGINA

100 WATTA SÓLARSELLA FYLGIR ÖLLUM CLIPPER FELLIHÝSUM UM HELGINA.



- SKYGGNI**
- HJÓMTÆKI MEÐ CD OG 4 HÁTÖLURUM**
- ÁLFELGUR**
- GALVANISERUÐ GRIND**
- 3 CM EINANGRUN Í RÚMBOTNUM**
- "WIDE TRACK" BREIÐARI GRIND OG ÖXULL**
- 10 CM ÞYKKAR GÆBADÝNUR
  - GARDÍNUR FYRIR GLUGGUM
  - VASKUR ÚR RYÐFRÍU STÁLI
  - HEITT OG KALT VATN
  - 12 VOLTA LOFTLJÓÐ
  - LJÓS MEÐ VIFTU Í SVEFNRYMI
  - ÚTILJÓÐ
  - GEYMSLUKASSI AÐ FRAMAN
  - TOPPLÚGA MEÐ VIFTU
  - ÍSSKÁPUR
  - 2 GASKÚTAR FYLGJA
  - UPPHITUÐ DÝNA
  - RAFGEYMR
  - PLATTAR Á STUDNINGSFÓTUM
  - GASELDAVÉL / 3 HELLUR / RYÐFRÍ
  - TRUMA COMBI 4 MIDSTÖÐ
  - BLÖNDUNARTÆKI
  - SMYRJANLEGAR HJÓLALEGUR
  - GASSKYNJARI
  - COLEMAN GASGRILL
  - INNI- OG ÚTIHÁTALARAR
  - LOFT/VEGGSKÁPUR

**VELDU ÞAÐ BESTA!**

**VÍKUR**  
V • E • R • K



# LÓKAL

Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.- 9. marz

Miðasala hafin  
á [midi.is](http://midi.is)!

[www.lokal.is](http://www.lokal.is)



**GERÐUBERG**

[www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)



### Gerðuberg 25 ára

Þriðjudaginn 4. mars kl. 20-22 verður öllum velunnurum, samstarfsaðilum og fyrrverandi starfsfólki Gerðubergs boðið til veislu. Í tilefni dagsins verða opnaðar tvær sýningar:



### Stefnumót við safnara III

Hljómfagurt stefnumót við tónlistarmenn og hljóðfærassafnara! Sýningarstjórn: Anik Todd og Una Stígsdóttir



### Sjö landa sýn

María Loftsdóttir, alþýðulistakona, sýnir vatnslitastemningar frá ferðalögum sínum um Argentínu, Bólívíu, Brasilíu, Ísland, Japan, Perú og Skotland.



### Hið breiða holt

Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur! Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir. Styrktaraðili: Beco



### Vissir þú...

...að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur? Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.

Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.  
Sími 575 7700 • [gerduberg@reykjavik.is](mailto:gerduberg@reykjavik.is)



KÖFUNARKÚPAN OG FIBRILDÍÐ  
FRUMSÝND 29. FEBRÚAR Í REGNBOGANUM

**4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA**  
**BESTI LEIKSTJÓRI**  
Julian Schnabel

Besta handritið - Ronald Harwood  
Besta myndatakan - Janusz Kaminski  
Besta klippingin - Juliette Welfling

**2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN**  
Besti leikstjórnin - Julian Schnabel  
Besta erlenda myndin

„Sannkölluð veisla. Það er engu líkara en að kvikmyndaformið hafi hvernig gengið í endurnýjun lífdaga.“  
- David Denby, The New Yorker.

„Stórfengleg! Skemmtilega ljóðræn og snertir griðarlega við manni.“  
- Andrew Sarris, New York Observer.

„Vitnisburður um takmarkalaus máguleika og getu mannhugans.“  
- Steven Rea, The Philadelphia Inquirer

„Tilfinningalega sannfærandi og konfekt fyrir augun.“  
- Jan Stuart, Newsday

KLUPPIÐ HÉRI

**1** Ekkiert hló

**2** Minna af auglýsingun

**3** Engin truflun

**græna ljósið**

- Ekkiert hló á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

[www.graenaljosid.is](http://www.graenaljosid.is) - Skráning í Bláklubb Græna ljóssins margborgar sig

## STUÐ MILLI STRÍÐA Draumar um betri tíð

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR VANN BUG Á SKAMMDEGISPUNGLYNDINU



Þær fréttir vikunnar að uppselt sé í allar sólarlandaferðir um páskana komu líklega engum á óvart, enda langflestir landsmenn fyrir löngu komnir með nóg af vetrinum sem hér hefur ríkt í allt of langan tíma. Íslendingar eru líka fyrir löngu orðnir atvinnumenn í sólböðum og ströndum, og það gefast sjaldan tækifæri á slíku hér á landi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þess vegna þykir okkur öllum kærkomið að komast á staði þar sem hægt er að fara út úr húsi án þess að eiga það á hættu að ýmist rigna niður eða frjósa í hel.

Það eru engar nýjar upplýsingar að í kuldanum þráum við Íslendingar að komast í hita, og það er heldur ekkert nýtt að stórluti þjóðarinnar þjáist af skammdegispunglyndi yfir vetrartímann. Mig minnir samt einhvern veginn að síðustu ár hafi skammdegispunglyndi verið að hypja sig á brott á þessum tíma ársins – enda farið að birta þökkalega. Skammdegispunglyndið svokallaða virðist samt ekki sýna á sér neitt fararnið þetta árið. Þetta er nefnilega ekkert endilega neitt skammdegispunglyndi, heldur bara veðra- og vetrarpunglyndi. Og í hvert einasta skipti sem maður leyfir sér að þora að vona

að nú komi betri tíð bylur á manni enn ein hríðin og manni er snarlega kippt aftur niður á jörðina. Ef ég hefði möguleika á því væri ég stökkin upp í næstu flugvél og farin á vit einhverra ævintýra. En þangað til það gerist verður maður bara gera það næstbesta – og láta sig dreyma. Það er ágætis ráð til að losna við vetrarpunglyndið. Þegar það hellist yfir mig dreg ég þess vegna fram ferðabækur og skoða alla þá staði sem ég ætla einhvern tímann að heimsækja. Svo skoða ég heimabankann í gríð og erg og geri alls kyns áætlanir um það hvernig ég ætla einhvern tímann að láta draumana rætast.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Hulda syngur Violettu

Á föstudagskvöld söng Hulda Björk Garðarsdóttir hlutverk Violettu í La Traviata öðru sinni í Íslensku óperunni. Hún syngur í allt þrjár sýningar, kemur fram í hlutverkinu í þriðja sinn hinn 15. mars. Aðrar sýningar sem fyrirhugaðar eru mun Sigrún Pálmadóttir syngja hlutverk Violettu. Á föstudag var sextánda sýningu á óperunni bætt við en uppselt er á allar sýningar til þess og uppselt á allar sýningar til þeirrar síðustu hinn 19. mars sem nú er komin í sölu. Er þetta ánægjulegt, en upphaflega stóð til að óperan yrði sýnd tíu sinnum. Var reyndar haft eftir Stefáni Baldurssyni óperustjóra, þegar aukasýningum var bætt við vegna mikils áhuga, að tap yrði á sýningunum en það lágt að réttlætun væri að fjölga sýningarkvöldum. Það er áttakanlegt ástand í rekstri leikflokks sem nýtur opinberra styrkja til reksturs þegar hagkvæmast er í rekstrinum að sýna ekki.

Hulda Björk var í hópi fyrstu fastráðnu söngvaranna við Íslensku óperuna. Sú ráðstöfun að hún deilir hlutverkinu með Sigrúnu er líklega komin til vegna bókana Sigrúnar. Það tíðkast reyndar í óperubrúnum að í sviðsetningum sem lifa lengri tíma komi til mannskipta í stærri hlutverkum. Einn reyndasti leikstjóri landsins, Þórhildur Þorleifs-dóttir, sagði einhverju sinni í mín eyru að það væri til marks um tæknilega getu óperusöngvara að þeir gætu án mikillar fyrirhafnar stökkið inn í hlutverk. En þá þurfa þeir líka að kunna hlutverkið og það er ekki lítið afrek með jafn erfitt hlutverk og Violettu.

Gaman var að sjá Huldu takast á við þetta hlutverk: hún hefur opnara fas og hlýrra en Sigrún, nær betur um tjáningu með augum en Sigrún og fór einkar fallega með allan hinn leiklega part hlutverksins þótt spyrja mætti um tvöföldni Violettu sem togast á í henni sem leikstjórinn reyndar skautar nokkuð hjá í lögnum. Í söng átti hún í erfiðleikum á stöku stað, einkum í fyrsta þætti, og jafnaðist ekki á við hinn veika flutning sem Sigrún sýndi í lokaþættinum, en víðast var flutningur hennar glæsilegur. Hún verður meira fórnarlamb Violettu í túlkun Huldu og ræður þar mestu hið opna fas hennar. Það stafar af henni mildi og lýsir gegnum hlutverkið. Túlkun hennar var falleg og var gaman að sjá hana takast á við þetta erfiða hlutverk.

Fáu er við umsögn mína að bæta hinn 10. febrúar: Jóhann Friðgeir var sýnu öruggari en á frumsýningu, gekk fram vasklega sem reyndar mætti efast um að persóna hans geri alla jafna í fléttu leiksins, en hann er kraftmikill söngvari. Um þátt kórs og alla hugsun sviðsetningarinnar er engu að bæta. Því að rifja það upp? Lesendur geta kynnt sér það á Vísis.is.

Við þeirri gagnrýni barst síðbúið svar í Lesbók Morgunblaðsins í gær frá Ara Trausta Guðmundssyni jarðfræðingi. Hann sakar mig um bölmód, ekki séu virt réttlætunleg viðmið í umfjöllun minni, fámenni þjóðarinnar, afstaða hins opinbera (lítið fjármagn), aðstöðuleysi í húsi óperunnar, stutt saga óperusýninga. Með öðrum orðum: frammistöðu á sviði Íslensku óperunnar megi finna margt til afsökunar. Ari kemst að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til bjartsýni um framtíð óperu á Íslandi, ólíkt mér. Hann leggst, eðlilega, í nokkra túlkun á orðum mínum, eins og að ég harma að við menntum mest



LEIKLIST Hulda Björk Gunnarsdóttir að tjaldabaki í Íslensku óperunni.

MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN

söngvara til útflutnings. Það er í lagi. Staðreyndin er sú að við höfum átt fjölda söngvara, frá Ara Jónssyni, Benedikt Elfar, Péttri Jónssyni og til útlaga okkar nú; Kristins Sigmundssonar, Þóru Einarssdóttur og Sigrúnar Pálmadóttur, sem hafa skapað sér starfs-vettvang erlendis. Þótt gleðjast megi vegna frama þessa hóps er staðreyndin sú að þau vinna erlendis vegna stöðu í flutningi á óperum hér á landi. Það er ekki „misvísandi“ – það er bara staðreynd.

Rétt eins og dvínandi áhugi á sýningum á óperum hér á landi er staðreynd, algeng eins og áhugi á listdanssýningum. Raunvísindamaður getur kynnt sér þau gögn. Þau eru ekki „misvísandi“ og um þau þarf ekki að deila, frekar hvernig best verður bætt við áhorfendahópa þessara listgreina ef við kjósum að halda slíkri starfsemi áfram. Þá les hann líka ranglega í orð mín um samkeppni frá miðlum óperutónlistar á borð við net, diska og erlenda óperuflokka sem íslenskir sækja heim. Sú samkeppni eykur aðeins kröfur á íslenska listamenn og gerir það að verkum að við verðum að standast samanburðinn, rétt eins og í fjölda annarra greina. Og þá eru afsakanir léttvægar. Við miðum okkur við heiminn.

Því lýsir það metnaðarleysi að ráðast í sviðsetningu á borð við þá sem nú er í gangi á La Traviata: lausnir í leikmynd leika verkið grátt, skapa kór og einsöngvurum aðstæður sem vel mátti sneiða hjá. Raunar má spyrja hvort sviðsetning sem krefst jafn stórs kórs ætti ekki betur heima hinum megin götunnar í Þjóðleikhúsi eða Borgarleikhúsinu, til að ná sterkari listrænum tókum á svo stóru verkefni og La Traviata er. En þá þurfa menn líka að klofa yfir garða.

Við Ari erum líklega sammála um að aðstöðuleysi til óperuflutnings í fullu veldi í Tónlistarhúsinu er menningarsögulegt slys. Ég deili ekki bjartsýni hans um að hilli undir óperuhúsi í Kópavogi, enda eru forsendur sem menn hafa gefið sér þar á bæ í aðsókn fjarri öllum veruleika eins og málum er háttáð. Ég er þess ekki umkominn að hafa skoðun á möguleikum sviðsræns flutnings í Tónlistarhúsinu, hef ekki grandskoðað teikningar af sviðinu þar, en fulljóst má vera að óperu- og söngsýningar hér á landi verða að fá stærri sali fyrst og fremst til að augin hagkvæmni verði í rekstri þeirra. Sýningarkostnaður er einfaldlega of hár miðað við tekju-

möguleika í 400 áhorfenda húsum. Og meðan slík hús eru ekki til er ástæða til svartsýni.

Víst erum við Ari sammála um að auka beri hlut óperuverka í sjónvarpi, en hafandi staðið fyrir reglulegum óperusýningum á Stöð 2 um árabíl fyrir nær tveimur áratugum og séð hversu fáar slíkar hafa síðan birst í íslensku sjónvarpi er ég ekki bjartsýnn á að þeim fjölgji, þótt það sé klárlega eitt af menningarhlutverkum RÚV.

Enginn getur harmað þá vissu sem hratt óperustarfsemi hér á landi áfram. Í rekstri Íslensku óperunnar hafa menn rétt til að taka feilsþor, en sú tíð er liðin að við eigum að vera meðvirk með ástandi sem er miðlungs. Sá snöggi áhugi sem sýningin á La Traviata hefur vakið og kallar rúmlega sjö þúsund gesti í Óperuna er vissulega gleðilegur, en ég vil fleiri og betri sviðsetningar en þessa og sætti mig ekki við sjónarmiðið: þetta er alveg nógu gott. Vilji menn kalla það bölmód.

Páll Baldvín Baldvínsson



...ójafnrétti kynjanna viðheldur ofbeldi gegn konum og dregur úr getu kvenna til að nota hæfileika sína, tækifæri og möguleika?



Reykjavíkurborg  
Menningar- og ferðamálasvið

## Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2008.

Verðlaun að upphæð 600 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnafnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2008.

Utanáskrift:

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t. Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Vesturgötu 1, 2.hæð, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs s. 5901520 og 590152.

## SVERRIS SAGA



Tilnefnd til  
Viðurkenningar  
Hagþenkis  
- eitt af 10 framúrskarandi  
fráðiritum

Sverris saga er eitt af stórvirkjum íslenskra bókmennta, ævisaga Sverris Sigurðarsonar Noregskonungs (d. 1202). Þetta er elsta veraldlega konungasagan sem varðveitt er í heild. Upphaf sögunnar er ritað af Karli ábóta Jónssyni í viðurvist Sverris sjálf. Sagan er rituð af mikilli list og persónulýsing konungsins er ein sú skýrasta og blæbrigðarkasta sem fyrirfinnst í fornum sögum.

Sverrir ólst upp í Færeyjum og var prestvígður þar. Uppgötvaði ungar að vera laussonur Sigurðar konungs Haraldssonar og fór til Noregs. Lagði þar alla helstu andstæðinga sína að velli og varð viðurkenndur konungur yfir öllum Noregi. Átti hann í hörðum deilum við kirkjuna og var bannfærður af páfa 1198.

Útgáfur Íslenskra fornrita eru gerðar úr garði með rækilegum inngangi og ítarlegum skýringum á kveðskap og torskildum orðum neðanmáls, auk sögulegrar, mannfræðilegrar og landfræðilegrar glöggvunar á atburðum og aðstæðum þar sem þurfa þykir. Þorleifur Hauksson bjó verkið til útgáfu og ritar formála.

Dreifing:



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

## MÁLVERK

Höfum kaupendur að verkum gömlu meistaranna.

ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA. STAÐGREIÐSLA Í BODI.  
GERUM UPP VIÐ EIGENDUR MYNDVERKA UM LEIÐ OG SALA FER FRAM.

Leitum sérstaklega að verkum eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Nínu Tryggvadóttur og Kristján Davíðsson.  
Einnig módelmyndum eftir Gunnlaug Blöndal.

Hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 / 847 1600

SKIPHOLTI 35  
Næg bílastæði

Galleri  
BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur  
Sími 511 70 10

OPIÐ KL. 13-18  
Lokað sunnudaga og  
mánudaga

Í samstarfi við Vesturport

**ÁST**

27. febrúar  
28. febrúar  
2. mars

SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhus.is



# Spock-plata á sjómannadag

Hljómsveitin Dr. Spock undirbýr útgáfu næstu plötu sinnar. Liðsmenn hennar eru ánægðir með þátttöku sína í Laugardagslögnum.



ÞEKKJA INNVIÐI SJÓNVARPSHÚSSINS Dr. Spock er að spá í að bóka skítabúllu beint á móti keppnishöllinni í Belgrad.

Hvert mannsbarn þekkir nú hljómsveitina Dr. Spock eftir flutning sveitarinnar á lagi sínu og Dr. Gunna. Hvar ertu nú?, í Laugardagslögnum. Þetta er hundgömul hljómsveit, heimildum ber ekki saman en líklega var hún stofnuð árið 1994 af Finna söngvara og Franz gítarleikara. Óttarr Proppé söng fyrst með sveitinni árið 1999, lag í myndinni Óskabörn hjóðarinnar. Endanleg mynd var komin á Dr. Spock árið 2004 þegar hljómsveitin fékk samning við Smekkleysu. Fyrsta platan, „Dr. Phil“, kom svo út árið 2005 og 4-laga platan „The Incredible truth of Dr. Zoëga“, kom út í ársbyrjun 2007. Nú vinnur hljómsveitin að nýrri plötu.

Við erum á fullu að klára að semja og útsetja plötu sem verður meistarastykki okkar hingað til,“ segir Óttarr. „Það flæða upp úr okkur endalaus snilldarlög eins og glöggir tónleikagestir hafa kannski átt að sig á, en við höfum stundum prófað að spila vinnuútgáfur af lögum á sviði, til dæmis „Fálkinn“ og „Fyrri heimsstyrjöldin“, sem eru að verða stórfenglegir ópusar. Það á eftir að koma í ljós hvaða lög enda á upptökum en „Hvar ertu nú?“ er í pottinum og fer í gegnum Spock-síuna eins og annað. Plötuna stefnum við á að gefa út á sjómannadaginn, hvað annað.“

Óttarr er ánægður með það sem Eurovision-þátttökan gerði fyrir bandið. „Keppnin kynnti okkur mjög nákvæmlega fyrir innviðum sjónvarpsins enda erum við búnir að vera meira og minna fastir í sjónvarpshúsinu í allan vetur,“ segir hann og tekur ekki undir þá óánægju sem sumir popparar hafa haft uppi um keppnina. „Við erum hæstánægðir með allan aðbúnað og ekki síst fagmennsku og vinsamlegt viðmót starfsmanna RÚV upp til hópa. Það eina sem hægt er að fetta fingur út í er að það hefði mátt vera snakk og jafnvel flatkökur eða kjötsúpa baksviðs á lokakvöldinu.“

Liðsmenn Dr. Spock eru sannarlega sáttir við bronssætið. „Trommarinn er eitthvað ósáttur en almennt áttum við aldrei von á því að kom-

ast svona langt. Nú er ein hugmyndin að bóka túr í Serbíu um svipað leyti og keppnin er haldin. Spila á einhverri skítabúllu beint á móti keppnishöllinni á úrslitakvöldinu. Þá myndum við hafa það polka-tónleika og syngja bara á íslensku og færeysku. Ekki til að stela sjóinu, heldur meira bara fyrir okkur og mömmur okkar.“

Og um fræg „tunnu-ummæli“ Friðriks Ómars hefur Óttarr þetta að segja: „Við misstum af þessum frægu samskiptum öllum enda höfðum við öðrum hnöppum að hneppa. Okkur finnst að það eigi allir að vera gladdir í Eurovision. Annars er söngurinn ekkert nema tjáning svo það er ekki nema sjálf-sagt að söngvarar tjái sig eins og þeir vilja. Ekki gera trommararnir það.“

**SAMBio.is SAMBÍÓIN**  
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

**DAD ELSKA ALLIR JUNO!**  
Frábær gamanmynd sem fallar um erfðleikana sem tengjast því að vaxa úr grasi.

**JUNO**

**OFURHUNDURINN ER BESTI VINUR MANNNA**  
SÝND MED ISLENSKU TALI

**DARK FLOORS**

ÁLFABAKKA		SELFOSS	
DARK FLOORS	kl. 6-8-10:10	UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 2-4-6
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 2-4-6	STEP UP 2	kl. 8
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 6-8-10:30	MEET THE SPARTANS	kl. 8
THERE WILL BE BLOOD	kl. 5:15-8:30-10:40	NO COUNTRY FOR...	kl. 10:10
THERE WILL BE BLOOD	kl. 2-5:15-8:30	RAMBO	kl. 10:10
STEP UP 2	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10	BRÜÐGUMINN	kl. 5:50
DEATH AT A FUNERAL	kl. 4	MR. MAGORIUMS...	kl. 3:40
P.S. I LOVE YOU	kl. 8:20	ALVIN OG ... M/ISL TAL	kl. 1:40
MR. MAGORIUMS...	kl. 2	<b>AKUREYRI</b>	
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL TAL	kl. 1:30-3:40	UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 2-4-6
<b>KRINGLUNNI</b>		JUNO	kl. 6-8-10
JUNO	kl. 4-6:10-8-10:10	TÖFRAPRINSESSAN ISL TAL	kl. 2
DARK FLOORS	kl. 8:20-10:30	MR. MAGORIUMS	kl. 4
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 2-4-6	STEP UP 2	kl. 8-10
STEP UP 2	kl. 4-8:20-10:30	<b>KEFLAVÍK</b>	
SWEENEY TODD	kl. 6:10	NO COUNTRY FOR...	kl. 10:10
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL TAL	kl. 2	UNDERDOG M/ISL TAL	kl. 2-4-6
TÖFRAPRINSESSAN ISL TAL	kl. 2	STEP UP 2: THE STREETS	kl. 8
<b>SparBíó 450kr</b>		P.S. I LOVE YOU	kl. 8-10:20
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGULU		ÁSTRÍKUR M/ISL TAL	kl. 2-5

**Nýtt í bíó** LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

20% afsláttur fyrir Vörufélaga

**450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!**

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	
FLUGDREKAHLAUPARINN	kl. 1.45, 5, 8, 10.30
27 DRESSES	kl. 5.50, 8 og 10.10
RAMBO	kl. 6.15, 8 og 10
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 2 og 4 ISL TAL
ALVIN OG IKORNARNIR	kl. 2 og 4 ISL TAL

**NÝTT Í BÍÓ!** NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

FRUMSÝNING

Frábær gamanmynd frá leikstjóra Eternal Sunshine of the Spotless Mind með Jack Black í fantaformi!

**27 Dresses**

FRÓLYK ME ÖTRULEGA KRÆFTA SEM GETA BREYTT ÖLLU (KALLAST STÖKKVARAR)

**JUMPER**

toppur - drekktu betur

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000 **REGNBÖGINN** Sími 551 9000

BEKIND REWIND	kl. 3-5:45-8-10:15	BEKIND REWIND	kl. 3-5:45-8-10:15
BEKIND REWIND LUXUS	kl. 3-5:45-8-10:15	THE DIVING BELL AND THE BUTTERFLY	kl. 3-5:40-8-10:15
27 DRESSES	kl. 5:30-8-10:30	27 DRESSES	kl. 3-5:30-8-10:20
JUMPER	kl. 6-8-10:10	JUMPER	kl. 3-6-8-10
BRÜÐGUMINN	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10		
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 1-3:30 ISLENSKT TAL		
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 1-3:30 ISLENSKT TAL		

**HÁSKÓLABÍÓ** Sími 530 1919 **BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

THE KITE RUNNER	kl. 3-6-9	BEKIND REWIND	kl. 8-10
THERE WILL BE BLOOD	kl. 2:45-5:50-9	THE KITE RUNNER	kl. 8-10:10
INTO THE WILD	kl. 5:20-10:10	27 DRESSES	kl. 6
ATONEMENT	kl. 2:50-8-10:30	BRÜÐGUMINN	kl. 3:50-6
BRÜÐGUMINN	kl. 3:40-5:50-8	ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEKUNUM	kl. 3:50 ISLENSKT TAL

**Í TJARNARBÍÓ UM HELGINA**

**SUN**  
2 MAR  
15:00 Sem á himni  
17:30 Sálumessa  
20:00 Riddarar hvíta tjaldsins  
22:00 Mannaland

**MÁN**  
3 MAR  
17:00 Yella  
20:00 Mannaland  
22:00 Yella

**SEM Á HIMNI**  
Heimsfrægur hljómsveitarstjóri ákveður að hætta störfum og snúa aftur til barnskuheimilis síns, smáborps í Norður-Svíþjóð.

Allar upplýsingar er að finna á [WWW.FJALAKOTTUR.IS](http://WWW.FJALAKOTTUR.IS)

**450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBÖGINN 450 kr.**

kl. 2.50 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 2.45 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

**Ódýrt í bíó**

**ISLENSKT TAL** ATH. SÝND KL. 2

**ALVIN IKORNARNIR** ATH. SÝND KL. 2 SÝND MED ISLENSKU TALI

**450 kr. á fyrstu sýningar dagsins**

**SparBíó 450kr** 1. og 2. mars

Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

UNDRAHUNDURINN M/ISL TAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI, SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK

TÖFRABÚÐIN (ENSKT TAL) KL. 2 Í ÁLFAB., KL. 4 Á AKUREYRI OG KL. 3:40 Á SELFOSSI

TÖFRAPRINSESSAN M/ISL TAL KL. 1:30 Í KRINGLUNNI OG 2 Á AKUREYRI

BÝFLUGUMYNDIN M/ISLENSKU TAL KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA, OG 2 Í KRINGLUNNI

STEP UP 2 KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA



# Keira og Waters dást að hugrekki Bjarkar

Kvikmyndaleikstjórinn og sérvitringurinn John Waters og breska leikkonan Keira Knightley hafa bæði hrósað Björk að undanföru fyrir djörfung í klæðaburði og ekki síst hinn margrómaða og viðfræga svanakjól sem Björk mætti í á Óskarinn árið 2001.

„Stílistar hafa eyðilagt allt. Engin vill vera Björk, ég elska Björk og við þurfum Björk,“ sagði bandaríski kvikmyndaleikstjórinn John Waters í samtali við tiskutímaritið WWD. Waters lét þessi orð falla á fjárflyunarsamkomu Eltons John eftir Óskarsverðlaunin. Svanaakjól Bjarkar er oft og iðulega dreginn fram í sviðsljósið þegar nær dregur Óskarnum og kjóllinn er eflaust jafn eftirminnilegur og hver önnur grátræðan hjá verðlaunahöfunum.

Óskarinn er engu síðri tiskusýning en kvikmyndaverðlaun og kvenkynsstjórnum keppast um að mæta í besta kjólnum. Waters finnst hann hins

vegar hafa glatað einhverjumsjarma, þykir leikkonurnar hafa glatað sjálfs-trausti sínu og að þær mæti í frekar „öruggum“ búningum. Sú eina sem fékk til að mynda mikiðhrós fyrir djarfa

**HORFIR TIL BJARKAR**  
Keira Knightley segist horfa til Bjarkar þegar kemur að því að velja réttu fötin.



**SVANAKJÓLLINN** „Þetta“ er í huga margra eithvert eftirminnilegasta atriðið í sögu Óskarsins.

ákvörðunartöku var franska leikkonan Marion Cotillard sem hlaut Óskarinn fyrir túlkun sína á Edith Piaf. Cotillard klæddist kjól frá sérvitringnum Jean-Paul Gaultier og fékk mikið lófaklapp þegar hún mætti í teitið til Eltons.

Keira Knightley viðurkenndi í samtali við vefsíðuna PR-inside að hún horfði fyrst og fremst til Bjarkar og löndu sinnar, Helen Bonham-Carter, þegar kæmi að því að velja réttu fötin. „Ég dáist að Björk, ég vildi óska þess að ég hefði þetta hugrekki sem hún sýndi með svanakjólnum,“ segir Keira.



**WATERS** Saknaði þess að leikkonan Björk skyldi ekki setja sitt mark á keppnina.



Erum að senda stóran gám til Spánar á La Marina svæðið það er ennþá pláss fyrir 4 potta.

Það eru spes verð í gangi fyrir þessa einu sendingu.

**ATH!! Opn alla helgina.**

Laugardag 10.00-16.00

Sunnudag 12.00-16.00

*Ath: Það þarf ekki að greiða 24,5% vsk af vörunni hérna þar sem um útflutning er að ræða.*



**Arctic Spas Faxafeni 9**

**Sími: 554 7755 www.arcticspas.is**

## Glæpnum lýkur í kvöld

Einhverjum vinsælasta saka-málþætti landsins lýkur í kvöld þegar lokabáttur Forbryðelsen fer í loftið á RÚV. Rannsóknarlögreglukonan Sarah Lund hefur lent í miklum hremmingum með



**LOKAPÁTTURINN Í KVÖLD**

morðið á Nönnu Birk Larsen og hefur málið teygt sig alla leið upp í ráðhús Kaupmannahafnar þar sem blóðug kosningaherferð stendur yfir milli Troels Hartmann og Bremer borgarstjóra. Forbryðelsen, eða Glæpurinn, hefur notið gríðarlegra vinsælda og má sem dæmi nefna að hann er sjöundi vinsælasti þáttur landsins samkvæmt nýrri mælingu Capacent Gallup. Hann er því langsamlega vinsælasti erlendi þáttur landsins um þessar mundir og er víst að margir áhorfendur eiga eftir að sakna Lund og eftirfylgni hennar.

Með aðalhlutverkin fara þau Sofie Grábøl og Lars Mikkelsen en hann er einmitt bróðir Mads Mikkelsen sem hefur getið sér gott orð í Hollywood.



## Tækni- og verkfræði nám í Danmörku

Tækni- og verkfræðideild University of Southern Denmark halda námskynningu

Miðvikudaginn 5. mars klukkan 19:00 í Iðnskólanum í Reykjavík (stofa 415).

Ýmsar námsleiðir verða kynntar þar á meðal:.

- Bsc í Mechatronics
- Bsc í Innovation and business
- Bsc í Global management and manufacturing
- Diplomingeniör í Bygningsteknik



Komdu og hittu íslenska námsmenn, kennara og ráðgjafa



## > Logi og Einar eldheitir í Þýskalandi

Landsliðsmaðurinn litríki Logi Geirsson fór á kostum með Lemgo í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Lemgo landaði þá 28-33 útisigri gegn Einari Erni Jónssyni og félagum í Minden, staðan var 13-17, en Logi gerði sér lítið fyrir og skoraði ellefu mörk og þar af voru tvö mörk úr víti. Einar Örn átti einnig frábæran leik fyrir Minden og skoraði átta mörk. Lemgo er í sjöunda sæti deildarinnar með 28 stig, sæti á eftir Íslendingaliðinu Gummersbach sem er með 31 stig, en Minden er sem stendur í næst-neðsta sæti deildarinnar með 11 stig. Kiel er á toppnum með 40 stig.

**sport**  
sport@fretta-



**AÐALSTEINN EYJÓLFSSON OG RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR: URÐU BIKARMEISTARAR MEÐ STJÖRNUNNI Í GÆR**

## Nákvæmlega eins og úrslitaleikir eiga að vera

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var afar ánægður með sigur stúlkanna sinna í gær.

„Þetta var bara hörkuleikur sem hafði allt upp á að bjóða, góða umgjörð, stemningu áhorfenda, spennu og baráttu og sem betur fer enduðum við með gullið,“ sagði Aðalsteinn og kvað taktíska breytingu á lokakafli leiksins hafa skipt sköpum.

„Við tókum leikhlé og fórum yfir málín og ákváðum að breyta vörninni úr 5-1 niður í 6-0 vörn. Við vorum búin að lenda í vandræðum með hve Fylkisstúlkurnar náðu að halda boltanum lengi og með þessari varnartilfærslu fengum við aðeins meiri hraða í leikinn á síðustu sjö til átta mínútunum og það vann okkur í vil,“ sagði Aðalsteinn og Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði Stjörnunnar, tók undir með honum.

„Þegar við breyttum vörninni náðum við að þvinga þær til þess að taka skot úr erfiðari

stöðum. Við vissum að Florentina Stanciu myndi taka þau skot en við klárðum leikinn ekkert fyrir en á lokamínútunum,“ sagði Rakel Dögg en notaði tækifærið til þess að hrósa hinu unga og efnilega liði Fylkis.

„Fylkisstúlkur stóðu sig virkilega vel og þær eiga hrós skilið fyrir frammistöðu sína í leiknum. Leikurinn var nákvæmlega eins og bikarúrslitaleikir eiga að vera með spennuna og baráttuna og ég er bara mjög ánægð með að við náðum að klára leikinn,“ sagði Rakel, sem kvað Stjörnuhléið nú geta farið að einbeita sér að toppbaráttunni í N1-deildinni.

„Við tókum núna bara einn leik fyrir í einu og það er í raun allt saman eins og bikarúrslitaleikir sem eftir eru í deildinni. Við þurfum að klára hvern leik til að halda pressunni á Framstúlkur, sem hafa staðið sig frábærlega í vetur. Þær vita samt að við erum rétt á eftir þeim og þær mega ekki misstíga sig,“ sagði Rakel Dögg að lokum.



## Petrache hetja Stjörnunnar

Stjarnan sigraði Fylki 25-20 í úrslitaleik Eimskipsbikars kvenna í gær þar sem stórskyttan Alina Petrache skoraði fjórtán mörk fyrir Stjörnuna. Leikurinn var mun jafnari en lokatölurnar gefa til kynna og Fylkisliðið kom virkilega á óvart.

**HANDBOLTI** Stjarnan sigraði Fylki 25-20 í bráðskemmtilegum úrslitaleik Eimskipsbikars kvenna í Laugardalshöll í gær en Íslandsmeistarar Stjörnunnar skorðu fjögur síðustu mörk leiksins.

Það var góð stemning í Laugardalshöll og rafmagnað andrúmsloft og leikmenn liðanna þurftu aðeins að ná áttum fyrstu mínútunum. Stjarnan varð fyrir áfalli strax á 3. mínútu þegar Arna Gunnarsdóttir meiddist og þurfti að fara út af en leikmenn liðanna seldu sig dýrt og það var virkilega hart tekist á, enda mikið í húfi. Leikurinn var ekki mjög hraður framan af og hvorugt liðið að keyra hraðaupphlaup en Stjörnuhléið virtist þó vera komið með ágætis tók á leiknum þegar líða tók á fyrri hálfleik. Þegar tuttugu mínútur voru liðnar af leiknum var staðan 7-10 fyrir Stjörnuna og þar var Alina Petrache í miklu stuði og var þá komin með sjö mörk. Munurinn hélst á liðunum á síðustu tíu mínútunum, staðan var 9-12 í hálfleik og Stjörnunni gekk illa að hrista baráttuglattið lið Fylkis af sér.



**SIGURHRINGURINN** Á efri myndinni eru það Stjörnuhléir Rakel Dögg Bragadóttir og Elísabet Gunnarsdóttir sem fara fremstar í flokki með sigurlaunin. Á neðri myndinni er það skyttan Alina Petrache sem skoraði grimmt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Fylkisstúlkur komu tvífeldar til síðari hálfleiks og náðu að snúa leiknum sér í vil með frábærri spilamennsku. Á rétt rúnum tíu mínútum náði Fylkir að skora sex mörk á móti einu marki Stjörnunnar og staðan því skyndilega orðin 15-13 fyrir Fylki. Munaði þar mest um frábæra tilburði Sunnu Mariu Einarsdóttir í sókninni og hinnar gamalreyndu Jelenu Jovanovic sem varði eins og berserker í markinu. Þegar tæpar tíu mínútur voru eftir af leiknum var staðan jöfn 19-19 og spennan í hámarki. Í stöðunni 20-21 þegar þjár mínútur voru eftir skoraði Stjarnan svo fjögur síðustu mörk leiksins og lokatölur því 20-25.

Hetja dagsins hjá Stjörnunni var klárlega Alina Petrache og hún var himinlifandi í leikslok.

„Ég er mjög ánægð með sigur-

inn og við gáfumst aldrei upp. Ég gat varla sofið kvöldið fyrir leikinn þar sem ég hlakkaði svo til að spila og þó svo að ég hafi verið alveg búin á því og mjög þreytt hélt ég áfram og það er frábær tilfinning að vinna svona leik,“ sagði Alina kát í leikslok.

Guðrífur Guðjónsdóttir, þjálfari Fylkis, var afar stolt af sínu liði í leikslok þrátt fyrir tapið.

„Ég er náttúrulega mjög hreykin af stelpunum mínum og þær sýndu svo sannarlega úr hverju þær eru gerðar,“ sagði Guðrífur í leikslok og markvörðurinn Jelena Jovanovic tók í sama streng.

„Það er sannarlega heiður fyrir mig og hina tvo eldri leikmenn liðsins að fá að spila með þessum efnilegu stelpum og framtíðin er björt hjá Fylki,“ sagði Jelena.

omar@frettabladid.is

## Gjafabréf frá Express ferðum

-slær í gegn hjá fermingarbarninu!



**Fótboltaferðir**  
**Golfferðir**  
**Formúluferðir**  
**Tónleikaferðir**  
**...og margt, margt fleira!**

Kíktu á úrvalið á [expressferdir.is](http://expressferdir.is) og hafðu svo samband í síma 5 900 100

**Express ferðir**  
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## ÓRAPLÁGAN

Tilnefnd til Menningarverðlauna DV

**4. sæti**  
á metsölulista Eymundsson

20.-26. febrúar  
handbækur, fræðibækur og ævisögur

Eftir Slavoj Žižek.  
Haukur Már Helgason þýddi.  
Inngang rituðu Andri Fannar Ottósson og Steinar Örn Atlason.



Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek er í hópi þekktustu samfélagsrýna samtímans og vakti mikla athygli þegar hann sótti Ísland heim í janúar s.l. *Óraplágan* er einstök vitsmunaleg rússíbanareid þar sem vísunum í alþekktar kvikmyndir og hversdagsleg menningarfyribærni er blandað saman við kenningar merkustu heimspekinga á listilegan hátt, þannig að úr verður fræðilegt dýnamít sem á engan sinn líka í samtímanum.

Landsbankinn er sérstakur bakhjari Lærdómsritanna.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)

Auglýsingasími

**512 50 50**

Mest lesið

Manchester United minnkaði forskot Arsenal í eitt stig í toppbaráttunni í gær:

## Bendtner bjargaði Arsenal

**FÓTBOLTI** Manchester United og Chelsea unnu góða útisigra og söxuðu á forskot Arsenal sem náði aðeins jafntefli.

Það leit allt út fyrir að Aston Villa næði óvæntum sigri á Emirates-leikvanginum í gær. Philippe Senderos, varnarmaður Arsenal, varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark í fyrri hálfleik

og jöfnunarmark Arsenal kom ekki fyrir en í uppbótartíma þegar varamaðurinn Nicklas Bendtner skoraði af stuttu færi og bjargaði einu stigi, sem þýðir að Arsenal er enn í toppsæti deildarinnar.

Englandsmeistarar Man. Utd gerðu góða ferð á Craven Cottage og sigruðu Fulham auðveldlega 0-3. Owen Hargreaves kom United yfir með marki úr aukaspyrnu á 15. mínútu og Ji-

Sung Park bætti við öðru marki fyrir United í lok fyrri hálfleiks. Simon Davies innsigldi sigur United með sjálfsmarki þegar tæpar tuttugu mínútur voru til leiksloka og þar við sat United er nú aðeins stigi á eftir Arsenal í deildinni.

Chelsea hélt sér á floti í titil-kapphlaupinu með því að rasskella nágranna sína í West Ham 0-4 á Upton Park-leikvanginum. Segja má að leikurinn hafi verið afgreiddur á fimm mínútna kafla í fyrri hálfleik þegar gestirnir skorðu þrjú mörk.

**BJARGVÆTTUR** Nicklas Bendtner jafnaði fyrir Arsenal í blálokinn.

NORDIC PHOTOS/GETTY







TIL HAMINGJU  
CORTES ER TILNEFND SEM  
HLJÓMPLATA ÁRSINS  
CLASSICAL BRIT  
AWARDS

GARDAR THÓR ER FYRSTI ÍSLENDINGURINN SEM TILNEFNDUR HEFUR VERID TIL CLASSICAL BRIT AWARDS  
BELIEVER MUSIC ER EINA INDEPENDENT ÚTGÁFAN Í BRETLANDI SEM Á TILNEFNDU PLÖTUÍ FLOKKNUM PLATA ÁRSINS  
BELIEVER MUSIC ER Í EIGU ÍSLENSKRA FJÁRFESTA OG ATHAFNAMANNA SEM ERU STOLT AF GARDARI





## ÚRSLITIN Í GÆR

### Eimskipsbikar karla

Fram-Valur 26-30 (9-16)  
**Mörk Fram (skot):** Andri Berg Haraldsson 9/2 (12/3), Jón Björgvin Pétursson 4 (4), Rúnar Kárasón 4 (11), Halldór Jóhann Sigfússon 2/1 (2/1), Haraldur Þorvarðarson 2 (4), Brjánn Guðni Brjánsson 1 (1), Guðjón Finnur Drengsson 1 (2), Einar Ingi Hrafnsson 1 (2), Hjörtur Hinriksson 1 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (5)  
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 11 (35/4 31,4%), Magnús Gunnar Erlendsson 4/1 (10/1 40%)  
**Hraðauppplausmörk:** 8 (Jón Björgvin 3, Brjánn, Hjörtur, Andri, Einar, Jóhann)  
**Fiskuð viti:** 4 (Guðjón, Andri, Einar, Jón Þorbjörn)  
**Utan vallar:** 6 mínútur  
**Mörk Vals:** Arnór Gunnarsson 7/1 (9/1), Baldvín Þorsteinsson 7/3 (12/4), Ernir Hrafn Arnarson 4 (9), Ingvar Árnason 3 (3), Sigfús Páll Sigfússon 3 (4), Elvar Friðriksson 3 (7), Fannar Þór Friðgeirsson 2 (7), Gunnar Harðarson 1 (1), Sigurður Eggertsson (1), Hjalti Þór Pálmason (1)  
**Varin skot:** Pálmar Pétursson 3 (10/1 30%), Ólafur Haukur Gíslason 9/1 (28/3 32,1%)  
**Hraðauppplausmörk:** 5 (Arnór 4, Baldvín)  
**Fiskuð viti:** 5 (Ernir 2, Ingvar, Sigfús, Elvar)  
**Utan vallar:** 14 mínútur

### Eimskipsbikar kvenna

Fylkir-Stjarnan 20-25 (9-12)  
**Mörk Fylkis (skot):** Sunna María Einarssdóttir 10/4 (19/6), Natasa Damljanovic 5/1 (20/2), Elzbieta Kowal 3 (4), Ingibjörg Karlsdóttir 1 (2), Nataly Sæunn Valencia 1/1 (2/2)  
**Varin skot:** Jelena Jovanovic 17/1 (42/2), 40%  
**Hraðauppplausmörk:** 2 (Natasa, Ingibjörg)  
**Fiskuð viti:** 10 (Elzbieta 4, Natasa 2, Sunna Jónsdóttir 2, Ingibjörg, Sunna María)  
**Utan vallar:** 6 mínútur  
**Mörk Stjörnnar (skot):** Alina Petrache 14/4 (17/5), Sólveig Lára Kjærnested 4 (7), Birgit Engl 3 (6), Harpa Sif Eydólfssdóttir 2 (3), Rákel Dögg Bragadóttir 2 (4)  
**Varin skot:** Florentina Stanciu 11/2 (25/6), 44%, Helga Vala Jónsdóttir 5 (11/2), 45%  
**Hraðauppplausmörk:** 1 (Sólveig Lára)  
**Fiskuð viti:** 4 (Birgit 2, Elísabet 2)  
**Utan vallar:** 4 mínútur

### Enska úrvalsdeildin

Arsenal-Aston Villa 1-1  
 0-1 sjálfsmark (27.), 1-1 Nicklas Bendtner (90+3)  
 Birmingham-Tottenham 4-1  
 1-0 Mikael Forsell (7.), 2-0 Sebastian Larsson (55.), 3-0 Forsell (59.), 4-0 Forsell (81.), 4-1 Jermaine Jenas (90.)  
 Derby-Sunderland 0-0  
 Fulham-Man. Utd 0-3  
 0-1 Owen Hargreaves (15.), Ji-Sung Park (44.), 0-3 sjálfsmark. (73.)  
 Man. City-Wigan 0-0  
 Middlesbrough-Reading 0-1  
 0-1 James Harper (90.)  
 Newcastle-Blackburn 0-1  
 0-1 Matt Derbyshire (90.)  
 West Ham-Chelsea 0-4  
 0-1 Frank Lampard (17.), 0-2 Joe Cole (19.), 0-3 Michael Ballack (22.), 0-4 Ashley Cole (64.)

### STADAN Í DEILDINN

<b>Arsenal</b>	28	19	8	1	57-21	65
Man. Utd	28	20	4	4	58-15	64
<b>Chelsea</b>	27	17	7	3	42-17	58
Everton	27	15	5	7	43-23	50
<b>Aston Villa</b>	28	13	9	6	51-36	48
Liverpool	26	12	11	3	43-19	47
<b>Blackburn</b>	28	12	9	7	37-34	45
Man. City	28	12	9	7	34-31	45
<b>Portsmouth</b>	27	12	8	7	37-26	44
West Ham	27	11	7	9	31-27	40
<b>Tottenham</b>	27	8	8	11	49-45	32
M'boro	28	7	8	13	25-42	29
<b>Newcastle</b>	28	7	7	14	30-53	28
Wigan	28	7	6	15	26-42	27
<b>Sunderland</b>	28	7	6	15	26-46	27
Birmingham	28	6	8	14	31-41	26
<b>Bolton</b>	27	6	7	14	27-39	25
Reading	28	7	4	17	32-55	25
<b>Fulham</b>	28	3	10	15	25-48	19
Derby	28	1	7	20	13-57	10

### Championship-deildin

Burnley-Watford 2-2  
 0-1 Darius Henderson (23.), 1-1 Robbie Blake (75.), 1-2 Jordan Stewart (85.), 2-2 Blake (88.)  
 Jóhannes Karl Guðjónsson var á bekknum hjá Burnley og kom ekki við sögu í leiknum.

### Skoska úrvalsdeildin

Inverness-Hearts 0-3  
 0-1 Christos Karipidis (22.), 0-2 Calum Elliot (33.)  
 0-3 Calum Elliot (47.). Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn fyrir Hearts.

### Spænska La Liga-deildin

A. Madrid-Barcelona 4-2  
 0-1 Ronaldinho (30.), 1-1 Agüero (36.), 2-1 Maxi (42.), 3-1 Diego Forlan (62.), 4-1 Agüero (71.), 4-2 Samuel Eto'o (73.). Eiður Smári spilaði síðustu 26 mínútur leiksins fyrir Barcelona.  
 Recreativo-Real Madrid 1-3  
 1-0 José Caceres(17.), 1-1 Raúl(28.), 1-2 Robinho (74.), 1-3 Robinho (90.).

### Ítalska Serie A-deildin

Roma-Parma 4-0  
 1-0 Alberto Aquilani (27.), 2-0 sjálfsmark (51.), 3-0 Francesco Totti (80.), 4-0 Mirko Vucinic (90.).

### Hollenska úrvalsdeildin

Graafschap-Willem II 1-2  
 Niklas Tarvajarvi (3.), 1-1 Ibrahim Kargbo (40.), 1-2 Frank Demouge (58.). Arnar Þór Viðarsson var lék allan leikinn fyrir Graafschap.

# Valur bikarmeistari í sjötta sinn

Valsmenn lögðu Framara að velli 26-30 í úrslitaleik Eimskipsbikars karla í Laugardalshöll í gær. Frábær varnarleikur og baráttugleði var undirstaðan að yfirburðum Vals á stórum köflum í leiknum á meðan Fram-liðið náði sér ekki á strik. Það lifnaði reyndar við á lokakaflanum en þá var það orðið um seinar.

**HANDBOLTI** Valur sigraði Fram í úrslitum Eimskipsbikarsins, 26-30. Þetta er sjötta sinn sem Valur hampar bikarnum og í fyrsta sinn í tíu ár, eða síðan Valur sigraði Fram í dramatískum úrslitaleik árið 1998.

Lítið var um dramatík í leiknum í gær. Valsliðið hóf leikinn af krafti og var komið með fimm marka forystu eftir aðeins tíu mínútna leik, 7-2. Fram náði að minnka muninn í þrjú mörk, 10-7, en þá skoraði Valur fjögur mörk í röð og náði sjö marka forystu sem liðið hélt fram að hálfleik, 16-9.

Valur hóf síðari hálfleikinn eins og þann fyrri. Liðið spilaði frábæran varnarleik og ekki var sóknarleikurinn síðri. Tíu mörkum munaði á liðunum þegar sjö mínútur voru liðnar af síðari hálfleik 22-12 en skömmu fyrir 22. markið varð Valur fyrir blóðtöku. Ingvar Árnason, sem hafði farið mikinn í leiknum, fékk þá sína þriðju brottvísun og kom því ekki meira við sögu.

Fram náði í kjölfarið loks að finna svör við frábærum varnarleik Vals og hóf að minnka muninn af miklum mót. Þegar korter var eftir af leiknum var munurinn kominn niður í sex mörk, 19-25, og þegar tæpar sjö mínútur voru til leiksloka var munurinn aðeins þrjú mörk, 24-27.

Sigfús Páll Sigfússon skoraði þá gott mark fyrir Val og slókti í vonum Fram. Jón Björgvin Pétursson átti frábæra inkomu í liði Fram og keyrði ásamt Björgvini Gústavssyni markverði lið sitt af krafti inn í leikinn en munurinn var of mikill til að Fram næði að ógna Val að einhverju viti á lokaspertinum enda dugir skammt að leika afleitlega

**SIGURREIFUR**  
 Sætur sigur fyrir Sigfús Pál.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**FÖGNUMUR** Pálmar Pétursson, markvörður Vals, bregður á leik og hreinlega sleppir sér í fagnaðarlátunum í leikslok í gær.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**SIGURÖSKRÍÐ** Valsmenn fagna dátt eftir frækinn sigur gegn Fram í Eimskipsbikarnum í gær. Einn lítill Valsmaður er þó ekki alfarið sáttur og lætur vel í sér heyrna.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í 35 mínútur í bikarúrslitum. Það var fyrst og fremst baráttuandinn í liði Vals og frábær varnarleikur sem skóp sigurinn. Hornamenn liðsins, Arnór Gunnarsson og Baldvín Þorsteinsson, áttu góðan leik auk þess sem Sigfús Páll Sigfússon átti góða spretti og skoraði mikilvæg mörk. Sigfús gekk í raðir Vals frá Fram síðasta sumar og var því kampakátur í leikslok en vildi ekki strá salti í

sárin hjá fyrrverandi félögum sínum.

„Þetta var mjög sætt en ég vil ekki vera með nein leiðindi. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim og óska þeim til hamingju með annað sætið. Þetta var hörkuleikur og mikill karakter hjá þeim að koma til baka,“ sagði Sigfús Páll.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var afar ánægður í leikslok og kvað góðan undirbúning liðs síns hafa skilað sigrinum.

„Við tókum þessa viku fyrir leikinn mjög vel. Við settum leikinn upp með að þetta væri óðrúvísi leikur en venjulega. Við tókum

hverja æfingu svoleiðis og ákváðum að njóta þess. Undirbúningurinn byrjaði á mánudaginn og á þriðjudaginn fórum við á Rambó, sem greinilega skilaði sér. Menn voru greinilega tilbúnir að fórna sér fyrir land og þjóð. Svo var rúsinan í pylsuandanum að við fengum frábært myndband sem Elísabet Gunnarsdóttir og Freyr Alexandersson, þjálfarar meistaraflökks kvenna í fótbolta, gerðu. Samvinnan í félaginu er ótrúleg. Þetta var fimmtán mínútna hvatningarmyndband og þegar ég sá það vissi ég að það yrði gaman í dag,“ sagði Óskar Bjarni. - gmi



**SÓKNARBROT** Andri Berg Haraldsson, leikmaður Fram, rekur hér olnbogann á undan sér og Ernir Hrafn Arnarson fær þungt högg á andlitíð.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## WEST HAM

# PORTSMOUTH

+ Nánari upplýsingar:  
[www.icelandair.is/ithrottaferdir](http://www.icelandair.is/ithrottaferdir)

4.-6.  
 APRÍL

Verð á mann í tvíþýli frá  
**57.300 KR.**

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Newcastle, Derby og Aston Villa.



WWW.ICELANDAIR.IS



# MARS TILBOÐ

NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN MARS

**ÓPIÐ Í  
DAG  
13-17**

**STÚTFULLUR  
16BLS BÆKLINGUR  
AF SPENNANDI  
TILBOÐUM**



**1GB  
MINNISLYKILL**  
Ótrúlega góður og nettur 1GB minnislykill frá A-DATA

**990**

**ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI**  
**10DVD  
ÁPRENTANLEGIR**  
10.stk áprentanlegir 16xDVD+R hágæða diskur frá Verbatim

**890**

**FARTÖLVA**  
acer  
5315

- Intel Celeron M540 1.86GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 120GB 5400RPM diskur
- 15.4" WideScreen skjár
- 0.3MP vefmyndavél
- Vista Home Premium

**49.900**



VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lánökugjaldi inniföldu.

**OPNUNARTÍMAR**  
**ÓPIÐ Í DAG  
SUNNUDAG**  
**13:00 - 17:00**



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)



## > Hilary Duff

„Ég elska föt. Ég hef enga stjórn á sjálfum mér. Ég hef mikinn áhuga á skóm, fötum og snyrtidóti. Ég er svona stelpa sem vill ekki fara of oft í sömu fötin,“ segir hin unga og efnilega leikkona Hilary Duff í viðtali við breskt tímarit. Hilary Duff leikur í kvikmyndinni The Perfect Man sem er sýnd í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 20.10.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HRÆDIST DÓMGREIND BANDARÍSKS ALMENNINGS

### Heimskra manna stjórn

„Þið fáið þá stjórn sem þið eigið skilið,“ segir spjallþáttastjórnandinn Jay Leno með kaldhæðnu glotti inn í myndavélina. Hann hafði þá nýlengi föstum lið sem kallast Jaywalk þar sem hann leggur spurningar almenns eðlis fyrir venjulega bandaríska vegfarendur og iðulega verður fólk uppvið að fávísku. Í þetta sinn dró hann úr fórum sínum myndir af stjórnámalömmum sem hafa tekið þátt í forkosningum demókrata og repúblikana um tilnefningu til forsetaembættisins.

Ég hef aldrei haft mikið álit á Bandaríkjamönnum sem þjóð, sérstaklega vegna þess að hún kaus yfir sig George W. Bush ekki einu sinni heldur tvisvar. Niðurstöður Jaywalks fengu mig þó til að skjálfa á beinunum. Er þetta fólk sem mun ákveða hver leiðir eitt valdamesta land heims?



Ég læt vera að fólk hafi ekki kannast við Huckabee af mynd, enda ekki mjög áberandi maður, get jafnvel fyrirgefið fólk að vita ekki hver John Edwards er. John Kerry þekktu ekki allir, olræt, enda alveg þrjú ár síðan hann var í forsetaframboði. Þegar Leno dró hins vegar upp úr vasa sínum myndir af Obama, Clinton og McCain og fólk stóð enn á gati, fór ég heldur að ókyrrast. Var þetta ekki bara eitthvert grín? Getur verið að almenningur á götum Kaliforníu sé jafn fávís um innanlandspólitik eins og utanríkisstefnu? Ég hafði allavega eftir þetta minni áhyggjur en áður af því að tungubróturinn Medvedev hafi haft mjög slæm áhrif á trúverðuleika Hillary Clinton, enda bersýnilegt að almenningur í USA fylgist ekkert allt of grannt með forkosningunum.

JAY LENO „Þið fáið þá stjórn sem þið eigið skilið,“ sagði hann við bandaríska þjóðina sem sýndi enn greind sína og gjörvileika í liðnum Jaywalk.

## EKKI MISSA AF



► 19.40 Top Gear SKJÁREINN



► 19.50 Sjálftætt fólk STÖÐ2



► 20.20 Glæpurinn SJÓNVARPIÐ



► 21.15 Extreme Life through a Lens SIRKUS



► 22.00 Transporter 2 STÖÐ2BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 10.40 Dalabræður e.
- 11.15 Tíska og tónar e.
- 12.30 Silfur Egils
- 13.45 Viðtalið e.
- 14.15 Popp og pólitík (1:3) e.
- 15.15 Leyniþræðir e.
- 16.20 Náttúrúsýn Alfreds Ehrhardts e.
- 17.30 Táknálfir
- 17.40 Filiz flýgur
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Spaugstofan
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu Viðtalsþáttur Evu Maríu Jónsdóttur. Fólk sem mætur í sjónvarpsal á það eitt sameiginlegt að vilja deila köflum úr lífsreynslu sinni með áhorfendum. Umræðuefni geta verið margvísleg, sum hlægileg, önnur dapurleg, einhver forvitnileg, jafnvel framandi.
- 20.20 Glæpurinn (20:20) (Forbryðelsen: Historien om et mord)
- 21.20 Sunnudagsbíó - Kaldaljós Kvikmynd Kaldaljós segir sögu af tvennum tímum í lífi Gríms Hermundarsonar. Ástíri barnæsku Gríms lýkur allt of fljótt þegar hann verður fyrir miklu áfalli. Langt fram á fullorðinsár hefur Grímur sig lítt frammi í lífinu, þar til nýir ástvinir koma til sögunnar og knýja dyra í lífi hans.
- 22.55 Silfur Egils e.
- 00.10 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 De-Lovely
- 08.05 Blue Sky (e)
- 10.00 The Producers
- 12.10 The Perfect Man
- 14.00 De-Lovely
- 16.05 Blue Sky (e)
- 18.00 The Producers Bráðfandið gamanmynd með Nathan Lane, Matthew Broderick og Umu Thurman í aðalhlutverkum.
- 20.10 The Perfect Man (Hinn fullkomni maður)
- 22.00 The Transporter 2
- 00.00 The Woodsman
- 02.00 Control
- 04.00 The Transporter 2



## SYN besta sætið

- 08.00 Gillette World Sport
- 08.30 Kraftasport 2008
- 09.00 Spænski boltinn (Atl. Madrid - Barcelona) Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 10.40 Spænski boltinn (Recreativo - Real Madrid) Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 12.20 NBA - All Star Game Útsending frá Stjörnuleiknum þar sem allar skærustu stjörnur NBA mættu til leiks.
- 14.20 Skills Challenge
- 15.50 Skills Challenge
- 17.20 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttabáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Villareal og Osasuna í spænska boltanum.
- 19.50 PGA Tour 2008 (Honda Classic) Bein útsending frá lokadegi Honda Classic en mótið er hlut af PGA mótaröðinni. Margir af bestu kyflingum heims mæta til leiks á Palm Beach völinn.
- 23.00 Tottenham - Chelsea (Enski deildarþikarinn)

## SYN2

- 08.10 Newcastle - Blackburn Útsending frá leik Newcastle og Blackburn
- 09.50 Fulham - Man. Utd Útsending frá leik Fulham og Man. Utd
- 11.30 Premier League World
- 12.00 4 4 2
- 13.20 Bolton - Liverpool Bein útsending frá leik Bolton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.20 PL Classic Matches
- 15.50 Everton - Portsmouth Bein útsending frá leik Everton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.00 Man. City - Wigan Útsending frá leik Man. City og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.50 West Ham - Chelsea Útsending frá leik West Ham og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.55 Arsenal - Aston Villa Útsending frá leik Arsenal og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

- 11.00 Vörutorg
- 12.00 World Cup of Pool 2007
- 12.50 Professional Poker Tour (e)
- 14.25 Rachael Ray (e)
- 15.10 Bullrun (e)
- 16.00 America's Next Top Model (e)
- 17.00 Innlit / útlit (e)
- 18.00 The Bachelor (e)
- 19.00 The Office (e)
- 19.40 Top Gear Nú halda félagarnir til Bandaríkjanna og kanna hvort það sé hagstæðara að kaupa bíl eða leigja. Hver um sig fær 1.000 dollara til að kaupa sér bíl og síðan halda þeir í götukappakstur um Bandaríkin á bílunum. Auðvitað eru ýmsar þrautir sem bíða þeirra á leiðinni og að lokinni ferðinni freista þeir þess að selja bílana.
- 20.40 Psych Bandarísk gamansería um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawn og Gus fá hjálparbeiðni úr óvæntri átt. Náungi sem niddist á þeim í æsku þarf á aðstoð að halda. Hann er sigursæll knapi og vill komast að því af hverju hann er hættur að vinna. En rannsóknin breytist fljótt í morðmál þegar annar knapi deyr í miðri keppni.
- 21.30 Boston Legal Bráðfandið lögræðidrama um skrautlega lögræðinga í Boston. Kona spyr Alan Shore ráða um hvernig hún geti komist upp með að drepa manninn sem drap dóttir hennar. Katie og Jerry reyna að bjarga Joseph Washington sem fær ekki að lifa í friði þrátt fyrir að sannað var að hann væri ekki morðingi.
- 22.30 Dexter Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálfskipaður böðull sem myndir bara þá sem eiga það skilið. Dexter reynir að villa um fyrir lögreglunni og finnur leið til að losa sig við Doakes.
- 23.25 C.S.I. New York (e)
- 00.20 C.S.I. Miami (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

## SIJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu visir.is besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgrípsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útlit og gott hönnuð, sjónvarpsfni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“



visir.is  
...ég sá það á visir.is





Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.55**  
**Big Shots** NÝTT

Ný og spennandi þáttaröð sem lýsa mætti sem blöndu af Nip/Tuck og Desperate Housewives, þ.e. nokkurs konar Aðþrengdir eiginmenn. Þættirnir fjalla um fjóra féлага sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, stjórnendur hjá stórfyrirtækjum. Þrátt fyrir að þeim gangi allt í hagin á framabrautinni ganga hlutirnir ekki alltaf eins vel í einkalífinu, þar sem kröfurnar eru gjarnan óraunhæfar og ófgafullar, eins og allt annað í þeirra lífi.



► VIÐ MÆLUM MED

**Mannamál**  
**Stöð 2 kl. 19.10**

Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Ernir Rúnarsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsmanna, sem sett hefur svip sinn á íslenska fjölmiðla undanliðinn aldarfjórðung. Í þættinum eru samtöl Sigmundar Erniss við marga kunnustu og umtöl-uðustu menn þjóðarinnar, auk þess sem tveir kunnustu rithöfundar landsmanna munu stíga fram í hverjum þætti og meta heilsufar þjóðarinnar. Loks verður nýstárleg menningarrými í þættinum þar sem áhorfendur fá að vita hvað þeir eiga að lesa, hlusta á og sjá - og hvað ekki.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunandakt
- 08.15 Ársól
- 09.03 Lárétt eða lóðrétt
- 10.15 Í lestarferð um japanskar bókmenntir
- 11.00 Guðsþjónusta í Háteigskirkju
- 12.00 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Gárur
- 14.00 Hvað er að heyra?
- 15.00 Útvarpsleikhúsið: Nornimar
- 15.35 Sírenur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Úr tónlistarlífinu
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.26 Seiður og hélog
- 19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Brot af eilífiðinni
- 21.10 Orð skulu standa
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Til allra átta
- 23.00 Andrarímur
- 00.00 Fréttir
- 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

**SKEMMILEGRI**

- 16.00 Hollyoaks (131:260)
- 16.25 Hollyoaks (132:260)
- 16.50 Hollyoaks (133:260)
- 17.15 Hollyoaks (134:260)
- 17.40 Hollyoaks (135:260)
- 18.05 Hollywood Uncensored
- 18.30 Falcon Beach
- 19.15 The George Lopez Show Bráðskemmtilegur gamanmyndaflakkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjórugu heimilishaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúð hjónanna George og Angie og barnanna þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilisvinir setja gjarnan strik í reikninginn. Þetta er sjötta þáttaröðin af þessum skemmtilegu þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
- 19.40 Sjáðu
- 20.05 Comedy Inc. (4:22) Sprenglæglegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
- 20.30 Special Unit 2 (10:19)
- 21.15 Extreme: Life Through a Lens Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
- 22.00 X-Files Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
- 22.45 Falcon Beach
- 23.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

**BBC PRIME**

- 11.00 The Weakest Link 12.00 Dive To Shark Volcano 13.00 Land of the Tiger 14.00 Animal Hospital 14.30 Animal Hospital 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 My Hero 16.30 My Hero 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Space Race 18.50 The Human Mind 19.50 The Ship 20.40 I'll Show Them Who's Boss 21.20 I'll Show Them Who's Boss 22.00 Around the World in 80 Days 23.00 Top Gear Xtra 23.50 Top Gear Xtra 0.50 Top Gear Xtra 1.55 Space Race 2.50 The Human Mind 3.50 I'll Show Them Who's Boss 4.30 Balamory 4.50 Tweenies

**DR 1**

- 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKJUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 Guðstjéneste i DR Kirken 13.45 Sommer 14.45 HåndboldSøndag: GOG Svendborg - Pick Szeged 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Chimpanserne fra Gombe 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Sommer 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.50 Napoleon 22.20 Höök 23.20 Progeria - 80 år gamle børn

**NK1**

- 9.00 NRKs sportssöndag 9.55 V-cup skiskyting: 4x6 km mixed stafett 11.15 V-cup langrenn: 15 km klassisk kvinner 12.35 V-cup hopp 13.35 Sport í dag 13.50 V-cup hopp 14.25 V-cup alpin: Super-G, menn 15.30 Rally-VM 2008: Rally Mexico 15.40 Sport í dag 16.00 Minnenes reise 16.30 Ápen himmel 17.00 Bame-tv 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Reinlykke 19.55 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 20.25 Paycheck 22.20 Kveldsnytt 22.35 Rally: Numedalsrally 23.05 Keiser Hirohito 23.55 Junstane 0.35 Norsk på norsk jukeboks

**SVT 1**

- 9.00 Vasaloppet 11.35 Disneydags 12.30 Rea 12.55 Trons Europa 13.25 Plus 13.55 Packat & klart 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Förändring 16.55 Anslagstavlan 17.00 Bolibompa 17.30 Skärgårdsdoktorn 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Genusmaskineriet 21.40 Sjuk i själen 22.10 Rapport 22.20 Rally-VM 23.10 Tv-sjåman

**SKEMMILEGRI**

**HÆÐIN**  
Þrjú þör keppast um að hanna og innrétta þrjú hús frá grunni  
**HEFST 20. MARS**

**SKEMMTILEGRI PÁSKAR**

SJÁLFTÆTT FÓLK

NIP/TUCK

HELL'S KITCHEN

AMERICAN IDOL

THE SIMPSONS

PUSHING DAISIES

COLD CASE

MY NAME IS EARL

LOGI Í BEINNI

GOSSIP GIRL

BIG SHOTS

SHARK

**BANDIÐ HANS BUBBA**  
**FÖSTUDAGA**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT  
 Á STOD2.IS Eða  
 Í SÍMA 512 5100





„Ég samgledst henni og þeim mjög með þetta. Hún hefur alltaf verið rosalega dugleg og sjálfstæð stúlka frá því að hún fæddist. Hún veit nákvæmlega hvað hún hefur alltaf viljað og hefur staðið alveg undir því.“

Sigpróður Stefánsdóttir, móðir söngkonunnar Reginu Óskar.

HIN HLIÐIN **BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR TÓNLISTARKONA**

**Hlátursköst og hestaferðir í uppáhaldi**

**Hvað er að fréttu?** Við í FÍH vorum að klára að sýna Sálarmessuna sem Sammi jagúar setti upp. Ég og hljómsveitin Moses Hightower höfum verið að stússtast svolítið og verðum til dæmis á Aldrei fór ég suður. Svo er ég að læra inn á nöfn og lækningamátt ýmissa steina og blómdropa, sem er mjög gaman.  
**Augnilitur:** Blá/grá/mosagrænn.  
**Starf:** Tónlistardama, frístundaleiðbeinandi og starfsmaður í andlegu versluninni Gjöfum jarðar.  
**Fjölskylduhagir:** Einhleyp.  
**Hvaðan ertu?** Borin og barnfædd í Reykjavík.  
**Ertu hjátrúarfull?** Nei, ég get ekki sagt það.  
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Ég horfi lítið sem ekkert á sjónvarp en ég á

Grey's Anatomy á DVD. Ég horfi stundum á það.  
**Uppáhaldsmatur:** Lambakjöt.  
**Fallegasti staðurinn:** Landmannalaugar.  
**iPod eða geislaspilari:** Ég á ömurlega geislaspilara sem láta eins og allt sé rispað þannig að ég ætla að segja iPod. Þar er ekkert rispað.  
**Hvað er skemmtilegast?** Að fá hlátursköst, fara á góða tónleika, fara í hestaferðir með toppliði og topphestum í íslenski náttúru með gott nesti og smá koniak í pela.  
**Hvað er leiðinlegast?** Illa innrætt fólk, að vera í vondu skapi og að vera lasin.  
**Helsti veikleiki:** Ég er viðkvæm, stundum mjög fljótfer og gleyminn. Ég gæti nú haldið þessu áfram lengi.

**Helsti kostur:** Mér þykir mjög vænt um fólk og ég kann að njóta lífsins.  
**Helsta afrek:** Tónlistin mín.  
**Mestu vonbrigðin:** Þegar kisa mín fór til himna.  
**Hver er draumurinn?** Að verða góð tónlistarkona, góður lækni, eignast stóra fjölskyldu, tvær kisu og kannski einn risastóran hund. Og jú, heimsfriður!  
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Guðrún Helga Kristjánsdóttir og Guðný Halldórsdóttir.  
**Hvað fer mest í taugarar á þér?** Tillitsleysi og dóna-skapur.  
**Hvað er mikilvægast?** Ást.



**Jónsi aftur í háloftin**

„Ef þau vilja fá mig aftur þá stendur ekki á mér,“ segir söngvarinn Jón Jósep Snæbjörnsson. Mikla athygli vakti á síðasta ári þegar Jónsi starfaði sem flugþjónn hjá Icelandair og allar líkur virðast á því að hann snúi aftur til þeirra starfa í sumar.

Flugþjónar og -freyjur sem störfuðu hjá Icelandair í fyrra-sumar fengu fyrir skemmstu sent bréf þar sem kannað var hvort þau hefðu hug á því að snúa aftur til starfa í sumar. Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair er þetta svo stór hópur að ólíklegt er að inntökupróf verði haldin fyrir nýliða að þessu sinni. Jónsi segist hafa svarað bréfinu. Hann hafði að sjálfsgöðu óskað eftir því að fá starf í vélum Icelandair í sumar.

„Auðvitað. Það var sannur heiður að fá að þjóna landsmönnum í fyrra. „Kaffi, vatn eða te?“ Þetta var frábært,“ segir söngvarinn sem undanfarið hefur starfað hjá Glitni. Þar er Jónsi í viðburðadeild, í verkefni sem lýkur með vorinu. Gengið verður frá ráðningu flugliða nú á næstu dögum.



JÓN JÓSEP SÆBJÖRNSSON  
Tekur sig vel út í búningi flugþjónsins.

HERMANN GUNNARSSON: BANNAÐ AÐ NÖLDRA Í FÉLAGI ÍSLENSKRA GRJÓNAPUNGA

**Mömmumatur í hádegini í 45 ár**

Félagsskapurinn Félag íslenskra grjónapunga var stofnaður á Kaffi Tröð fyrir einum 45 árum. Síðan hafa meðlimir hist í hádegini, alla virka daga, yfir rjúkandi diskum af mömmumat. Síðustu tíu árin hefur sá matur verið framreiddur á Húmarhúsinu, þar sem matargestir eiga alla jafna að venjast flóknari matreiðslu en bjúgum og uppstúf eða kjöti í karrí.

„Upphafið var nú bara þannig að við vorum nokkrir stráklingar, sem vorum flestir að vinna niðri í bæ, sem nemtum ekki heim í hádegini. Við fórum að hittast og spjalla á Kaffi Tröð í staðinn, og þegar því var lokað lá leiðin um stundarsakir yfir á Hressingarskálann,“ útskýrir Hemmi, sem er einn stofnfélaga. „Við sátum alltaf við finasta hringborð á Tröð og fengum að flytja það með okkur yfir á Hressó. Það fylgdi okkur líka yfir á Húmarhúsið og það er ekki nema stutt síðan því var skipt út,“ bætir hann við.



GRJÓNAPUNGAR Á HÚMARHÚSINU Félag íslenskra grjónapunga hefur snætt saman mömmumat í hádegini, alla virka daga, síðastliðin 45 ár. Á Húmarhúsinu hafa grjónapungarnir sérherbergi fyrir sig.

Þessir riddarar hringborðsins eiga það flestir sameiginlegt að hafa verið iðnir við íþróttaiðkun, en Hemmi segir það þó ekki vera inngönguskilyrði í félagsskapinn. „Valsmenn hafa verið svolítið ráðandi þarna en við komum samt úr ýmsum félögum. Einn af stofnendum, Axel Sigurðsson,

var deildarstjóri á póstinum og Framari, og Hilmar Björnsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, er KR-ingur. Svo eru aðrir sem tengjast íþróttum ekkert,“ segir Hemmi, sem segir þó ákveðin viðmið gilda í félaginu. „Menn verða að undirgangast stífar reglur, eins og að vera alltaf í góðu skapi og ræða aldrei einhver leiðindamál. Öllum ber saman um að það sé nóg röflað og nöldrað í þjóðfélaginu, við þurfum ekkert á því að halda,“ segir hann og hlær við.

Grjónapungarnir eru samtals um átján í dag, að sögn Hemma,

en eins og við má búast hafa einhverjir helst úr lestinni og aðrir bæst í hópinn á síðustu fjórutíu árum. Í hverju hádegi mæta alla jafna um tíu manns. „Þetta er alveg stórgóður félagsskapur og þetta styttr daginn svo sannarlega. Léttleikinn er öllum nauðsynlegur,“ segir Hemmi og bætir við: „Menn hafa undrast það hvaða flotræfilsháttur þetta sé að fara alltaf út að borða, en þetta er bara eins og þegar Jón Jónsson kaupir sér samloku. Bara góður hópur og góður mömmumatur.“

sunna@frettabladid.is

Nálastungur Íslands ehf.  
Ríkhartður Mar Jósafatsson  
Doctor of Oriental Medicine  
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47  
Sími 458 9400 & 863 0180

**Hársnyrtinemar athugið**  
**Staða laus á Rauðhettu og Úlfinum**  
Upplýsingar í síma 511-4004

**Lebowski dýrkaður á Íslandi**

Big Lebowski-hátíð verður haldin í Keiluhöllinni í annað sinn laugardaginn 8. mars. Á hátíðinni verður vitaskuld keilað eins og í samnefndri gamanmynd Coen-bræðra, auk þess sem veitt verða verðlaun fyrir besta búninginn. Einnig verður myndin sjálf sýnd á breiðtjaldi.

„Það komu ekki nema tuttugu manns í fyrra og við stefnum á aðeins meira núna. En þetta sló alveg í gegn og allir skemmtu sér rosalega vel,“ segir Svavar Helgi Jakobsson, sem skipuleggur hátíðina ásamt vini sínum Ólafi Sverri Jakobssyni.

Bandarískir áhugamenn um The Big Lebowski stofnuðu samtök sem hafa haldið hátíð sem þessa nokkrum sinnum á ári undanfarin sjö ár. Einnig ferðust meðlimir þeirra til Bretlands á síðasta ári og héldu þar tvær hátíðir. Hvort þeir komi einhvern tímann hingað til lands er aftur á móti annað mál.



JESUS John Turturro fór á kostum sem hinn stórunderlegi Jesus Quintana í The Big Lebowski.



THE DUDE Félagarnir Svavar (til vinstri) og Ólafur bregða á leik sem lati friðarsinninn The Dude, sem Jeff Bridges lék af alunnri snillið.

„Það væri ekki leiðinlegt, sérstaklega þegar maður sér hversu stórt þetta er úti. Leikarar úr myndinni hafa verið að mæta og Jeff Bridges hefur til dæmis mætt tvisvar. Ég held að flestir myndu vilja fá John Turturro hingað. Hann er senuþjófurinn í myndinni og á örugglega frægustu setningarnar,“ segir

Svavar, sem hefur séð The Big Lebowski yfir tuttugu sinnum. „Það er rosalega stór hópur sem dýrkar myndina. Hún er á topp fimm hjá mörgum sem ég veit um. Við völdum líka að halda hátíðina 8. mars vegna tíu ára afmælis hennar.“ Hægt er að næla sér í miða á hátíðina á [midi.is](http://midi.is).



## BMW X3. Allir vegir færir.

### BMW X3 DÍSEL

2,0d - 5 dyra - 6,5 ltr./100km  
8,9 sek./0-100km - 177 hestöfl

kr. **4.720.000**

### Nýjum BMW X3 eru allir vegir færir

Engir vegir eru eins – þetta vita hönnuðir nýs BMW X3. Því var lagt af stað með það að leiðarljósi að nýr BMW X3 skaraði framúr hvort sem væri á vegum eða vegleysum. Gerð var krafa um að hann stæði skrefi framur keppinautum sínum í öryggi og búnaði og byggði yfir hinum kunnu BMW aksturseiginleikum á hvaða undirlagi sem væri. Mikil tækniþekking BMW einfaldaði verkefnið. Hið fullkomna xDrive fjórhjóladrifskerfi nemur minnstu breytingar á snúningshraða, stefnu og hröðun hvers hjóls fyrir sig og nær þannig að skipta vélaraflinu milli hjóla á örskotsstundu. Ávinningurinn er augljós; fullkominn akstur við allar aðstæður. BMW X3 eyðir líka minna en keppinautarnir enda hefur BMW margoft verið verðlaunað fyrir vélaframleiðslu sína. BMW X3 eyðir frá aðeins 6,5 l/100 km, en skilar þó enn meira afli en áður. Veldu fullkomið aksturstaeki frá stærsta lúxusbílaframleiðanda í heimi – veldu BMW X3.

The new BMW X3

[www.bmw.com](http://www.bmw.com)



Sheer  
Driving Pleasure





**BAKÞANKAR**  
Davíðs Þórs  
Jónssonar

## Sókn í Vatnsmýri

Þær hugmyndir um framtíðar- skipulag Vatnsmýrarinnar sem nú liggja fyrir eru dásamlegar. Ég öfunda afkomendur mína af því að fá að njóta þeirrar byggðar sem þar mun rísa, því sjálfum mun mér varla endast aldur til að sjá hana fullkláraða. Þarna verður blönduð miðborgarbyggð, svipuð eftirsóttustu hverfunum í Reykjavík um þessar mundir, Þingholtunum og Vesturbænum. Ég varð ótrúlega feginn að sjá að skipulagið gerði ekki ráð fyrir eintómum botnlöngum út frá steingeldum verslunar- og þjónustukjarna, heldur eðlilegri framlengingu af byggðinni sem fyrir er í nágrenninu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu háskóla, útivistarsvæðum, blandaðri íbúðabyggð, verslunum, leikskólum, grunnskólum og framhaldsskóla. Þarna verður allt til alls. Nema kirkja.


**NÚ** hef ég í sjálfu sér engar áhyggjur af því að á venjulegum sunnudegi verði ekki pláss fyrir kirkjurækna Vatnsmýringa framtíðarinnar í kirkjunum í nágrenninu, Neskirkju, Hallgrímskirkju og Dómkirkjunni. Í Vatnsmýri er hins vegar gert ráð fyrir 10-15 þúsund manna íbúabyggð. Það er um það bil tvöfaldur íbúafjöldi meðalsóknar í Reykjavíkurborgarsvæði vestra. Af þessu fólki má reikna með að 8-12 þúsund, varlega áætlað, vilji skíra börnin sín og ferma, gifta sig í kirkju og hljóta kirkjulega útför. Af eðlilegum ástæðum eru því takmörk sett hve margar athafnir geta farið fram í einni kirkju á einum degi. Þrátt fyrir að þessi tölfræði sé fyrirliggjandi gerir engin tillagnanna ráð fyrir því að þessi þjónusta verði í boði í hverfinu. Jafnvel tillagan, þar sem búið er að ákveða hvar McDonald's og IKEA eiga að vera, gerir ekki ráð fyrir kirkju.

**FREISTANDI** væri að draga af þessu einhverjar ályktanir um stöðu kirkjunnar í nútímamarkaðsáttinni eða geistlegar áherslur skipulagsfræðinga, en ég ætla að láta það ógert. Ég held að þetta sé bara vanhugsað. Allir hljóta að sjá, óháð sinni persónulegu trúar- afstöðu, að óskað verður eftir þessari þjónustu í hverfinu. Af þeim sökum efast ég ekki um að í Vatnsmýri risi kirkja með fjölgun íbúanna. Hennar verður einfaldlega þörf. Ég held bara að það væri sniðugra að skipulagið gerði ráð fyrir því frá byrjun.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
2. mars, 62. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.31	13.40	18.50
Akureyri	8.19	13.24	18.31

Heimild: Almanak Háskólans



Iceland Express kynnis:

# Kóngurinn í Køben

Forsala hafin!

**Bubbi Morthens**, í samvinnu við Iceland Express og Express ferðir, heldur stórtónleika í hinum stórglæsilega **Falconer Salen** í Kaupmannahöfn **18. október 2008**. Þar mun Bubbi, eins og honum einum er lagið, flytja sín þekktustu lög í bland við nýtt og óútkomið efni.

» Það er alltaf gaman að skreppa til Køben, en aðdáendur Bubba á öllum aldri mega hreinlega ekki missa af þessum stórvíðburði!

» Forsala miða er hafin á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is), verð frá:

**39.900 kr.**

**Express ferðir** Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Kynntu þér mismunandi pakkaferðir á tónleikana á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)

**Iceland Express** með ánægju